# Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar við Hornafjarðarfljót



**Guðmundur St. Sigurðarson**
**Guðný Zoëga**
**Edda Linn Rise**
**Margrét Hallmundsdóttir**

Sepember 2006

**2006/53**

©  Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga, Edda Linn Rise
og Margrét Hallmundsdóttir.
Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki
2006/53

## Efnisyfirlit


**Inngangur** ..... **2**

**Tilgangur fornleifaskráninga** ..... **2**
- Aðferðir við skráningu ..... 3
- Jarðanúmer ..... 4
- Tegund, hlutverk og heiti ..... 4
- Staðhættir og lýsing ..... 4
- Saga jarðanna og fornleifaskrá ..... 4

**Helstu minjaflokkar** ..... **4**
- Minjar í túni ..... 4
- Minjar í eða við tún ..... 5
- Minjar utan túns ..... 6
- Við sjó/vötn ..... 7

**Lambleiksstaðir 160100 52** ..... **8**
**Brunnhóll 169989 51** ..... **12**
**Einholt 160082 48** ..... **17**
**Hamrar 160090 49** ..... **31**
**Holtar 182099 46** ..... **36**
**Viðborð 160108 42** ..... **47**
**Borgir 159468 24** ..... **51**
**Hólar 159498 21** ..... **65**
**Dilksnes 159472 20** ..... **69**
**Árnanes 159454 22** ..... **75**
**Þinganes 159524 18** ..... **83**
**Hafnarnes 159558 19** ..... **88**

**Samantekt** ..... **97**
- Minjar í og við framkvæmdasvæði – mótvægisaðferðir ..... 98
  - Minjar á leið 1 ..... 99
  - Minjar á leið 2 ..... 101
  - Minjar á leið 3 ..... 104
  - Minjar á malartökusvæðum ..... 106

**Niðurlag** ..... **107**

**Heimildaskrá** ..... **108**

**Fylgiskjöl** ..... **111**

## Inngangur

Vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda við Hornafjarðarfljót var gerð heimilda- og vettvangsskráning á þeim jörðum sem mögulegar veglínur liggja um. Þrír valkostir eru til athugunar auk tengileiða og malartökusvæða (sjá yfirlitsmynd aftast í skýrslu). Nauðsynlegt er að fornleifaskráning fari fram í tengslum við mat á umhverfisáhrifum og var Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga, ásamt Byggðasafni Árnesinga falin framkvæmd verksins. Alls voru sögur og fornleifar 12 jarða skráðar upp úr heimildum. Skráning á vettvangi fór fram dagana 6-8 júní 2006, þá voru veglínur gengnar og minjar innan 100 metra til beggja handa frá miðlínu vegar hnitsettar, skráðar og teiknaðar upp (sbr. lög um umhverfisáhrif frá 2000 nr. 106, viðauki. iii, c).

Að undirbúnings- og vettvangsvinnu komu fornleifafræðingarnir Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, Edda Linn Rise og fornleifafræðineminn Guðmundur St. Sigurðarson undir verkstjórn Guðnýjar Zoëga fornleifafræðings. Lokafrágangur og skýrslugerð voru í höndum Guðmundar St. Sigurðarsonar og Guðnýjar Zoëga.

Við þökkum landeigendum góðfúslegt leyfi til að fara um landareignir þeirra og veittar upplýsingar. Sérstakar þakkir fá: Björn G. Arnarson og Sigurður Hannesson, safnverðir á Byggðasafni Austur-Skaftafellssýslu. Arnbjörg M. Sveinsdóttir og Ólafur Halldórsson á Tjörn. Gunnar Helgason og Hafdís Bergmannsdóttir á Stóra-Bóli. Hákon Skírnisson á Borgum. Jón K. Jónsson og Sigurlaug Gissurardóttur á Brunnhóli.

## Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

> [...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:
>
> a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
> c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
> d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
> e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
> f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
> g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
> h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.

i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.” Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað.

Björgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmuni beggja.

## Aðferðir við skráningu

Við upphaf skráningar eru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í gagnagrunninn Sarp.

Í fornaleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847[1]

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Á vettvangi voru hnit tekin á minjum annars vegar á Garmin 60CS handtæki og hins vegar, þar sem því var við komið, voru minjar mældar upp með Trimble PRO XR GPS staðsetningartæki. Allir punktar eru teknir í ísnetshnitum ISN93. Loftmyndir í

[1] Johnsen, J. 1847

skýrslunni eru frá Loftmyndum ehf birtar hér með leyfi Vegagerðarinnar. Úrvinnsla korta fór fram í ESRI ArcMap 9.1.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

**Jarðanúmer**

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Lambleiksstaðir 160100, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens (1847), 52 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hverrar jarðar; bæjarstæði Lambleiksstaða væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Lambleiksstaðir 160100 52 - 1. (Í þessari skýrslu eru aðeins skráðar þær minjar sem taldar eru á hættusvæði vegna framkvæmda og byrja flest númerin því á nr. 2 nema bæjarstæðið sé innan hættusvæðisins). Sé jörð með landnúmer en ekki númer í Jarðatali Johnsens flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

**Tegund, hlutverk og heiti**

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

**Staðhættir og lýsing**

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá því hvað heimildir segja um staðhætti og lýsingu á minjum.

**Saga jarðanna og fornleifaskrá**

Umfjöllun um hverja jörð fyrir sig er skipt upp í tvo hluta. Fyrri hlutinn er kafli þar sem stiklað er á stóru um sögu hverrar jarðar. Í seinni hlutanum er svo að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

# Helstu minjaflokkar

Búsetuminjum má gróft séð skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna. Þær minjar er mesta sögu geyma eru bæjarstæði/hólar og umhverfi þeirra. Stærsti minjaflokkurinn saman stendur hinsvegar af útihúsum hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, nátthaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru þau byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar þar er um að ræða þótt engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er ekki alltaf hægt að ákvarða nánar hver notkun húss kann að hafa verið.

**Minjar í túni**

***Bæjarstæði***

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar

verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Þeir varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.
***Kirkjur*** voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.
Á ***alkirkjum***, höfuðkirkjum (beneficium) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.
Á ***hálfkirkjum***, svokölluðum útkirkjum (annexíum), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.
Á ***fjórðungs-*** og ***þriðjungskirkjum*** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftarleyfi.
***Bænhús*** voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gifta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.
***Grafreitir*** voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðum, umhverfis kirkjur og hálfkirkjur. Elstu kirkjugarðarnir voru hringlaga en þeir urðu seinna ferhyrndir. Ætla má að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað en áætlað hefur verið.

## Minjar í eða við tún

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:
***Fjós***: Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.
***Fjárhús***: Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóftinni eða stalla undan jötum upp við veggi. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar aftan við fjárhúsin.
***Hrútakofar***: Smærri kofar oft yst í túni.
***Lambhús***: Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.
***Hesthús***: Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.
***Smiðjur***: Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.
***Kofar***: Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hænsnakofar.
***Brunnar***: Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferkantaðir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.
***Myllur***: Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúnar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læki. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.
***Kvíar***: Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en oft eru þær þó aðeins ein kró, ekki tvískipt eins og

stekkirnir.

## Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

***Kuml/haugur/dys/kumlateigur***: Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Stundum eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornmanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.
***Réttir***: Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabrúks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðheldi einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilka.
***Stekkir***: Eru smáréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró og voru notaðir fyrstu dagana við fráfærur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjarveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.
***Nátthagar***: Nátthagar eru frá tíma fráfærna. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ánna á daginn. Nátthagarnir voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftar en ekki í næsta nágrenni.
***Sel***: Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læki. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.
***Stöðull***: Kýr voru mjólkaðar á stöðli. Þurrum stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.
***Beitarhús***: Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftar en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.
***Smalakofar***: Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var

yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.
***Heytóftir***: Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.
***Fjárborgir***: Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.
***Garðlög***: Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjaeiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkjagarðar.
***Heyvinnsla***: Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóttir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifð innan túns.

**Við sjó/vötn**

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kunna þar að finnast nokkuð fjölbreyttar minjar.

***Sjóhús/verbúðir***: Sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.
***Fiskbyrgi***: Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.
***Hjallar***: Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuðu upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.
***Naust/hróf***: Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra vegghleðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.
***Uppsátur***: Þar settu menn upp báta. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur eru voru líka til en eru sjaldgæfari.
***Fiskgarðar***: Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

# Lambleiksstaðir 160100 52

## Saga

Jörðin Lambleiksstaðir kemur fyrst fyrir í heimildum í Hítardalsbók 1367, þar sem jörðin er talin upp ásamt öðrum eignum Einholtskirkju[2] og aftur í máldaga frá 1397[3] og enn í máldaga frá því um eða eftir 1570.[4]

Samkvæmt *Manntalinu* 1703 voru þá átta manns til heimilis á Lambleiksstöðum. Árið 1801[5] eru þeir aðeins þrír, og fjórir árið 1816[6]. Árið 1845 er tvíbýli á jörðinni og alls 9 þar til heimilis[7]. Enn er tvíbýli á jörðinni 1851, en þríbýli árið 1856 og tvíbýli aftur tveimur árum síðar. Árið 1867 eru átta menn til heimilis á Lambleiksstöðum, 11 árið 1880. Árið 1902 leggst jörðin í eyði vegna ágangs frá Hólmsá og fer ekki í byggð aftur fyrr en 1950.[8]

Elsta uppistandandi hús á jörðinni er samkvæmt vef fasteignamats ríkisins (27.06.2006) íbúðarhús frá 1956. Önnur hús eru: Votheysgryfja frá 1959; fjárhús, fjós og mjólkurhús frá 1962; lausagöngufjós og haughús frá 1971; véla- og verkfærageymsla frá 1976 og hlaða frá 1980.[9]

## Náttúrufar og jarðabætur

Í Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu segir um Lambleiksstaði: „Bærinn stendur á klapparholti við þjóðveginn við vesturbrún landareignar Einholtsjarða. Jörðin hefur orðið fyrir miklum ágangi frá Hólmsá. Jörðin hafði á fyrri tíma vísu sæmilegt tún, sem var á pörtum stórþýft. Engjalönd hafði jörðin léleg, sérstaklega eftir að slægjulönd í Móunum tók af. Beitiland er víðáttumikið og nærtækt. Torfrista er þar góð. Skógarítak á jörðin á Viðborðsdal sem aðrar hjáleigujarðir. Túnstæði er gott og víðáttumikið á Lambleiksstöðum, og land til garðræktar er þar einnig sæmilegt.“[10]

Í jarðabók Johnsen frá 1847 er landverð Lambleiksstaða ekki tilgreint sérstaklega en jörðin talin upp ein af fimm hjáleigum Einholts sem þá er metið á 30 hundruð. Samkvæmt jarðabók frá 1861 er landverð Lambleiksstaða 8,66 hundruð en sagt 6 hundruð að fornu mati.[11] Árið1901 eru tún 2 dagsláttur, taða 40 hestar, úthey 65 hestar og garðvextir 4 tunnur.[12]

---

[2] *Diplomatarium Islandicum* III. 1896, bls. 234.
[3] *Diplomatarium Islandicum* IV. 1897, bls. 233.
[4] *Diplomatarium Islandicum* XV. 1947-50, bls. 699.
[5] *Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*. 1978, bls. 12-13.
[6] *Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974, bls. 110.
[7] *Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974, bls. 110.
[8] Kristján Benediktsson. 1972, bls. 84-86.
[9] http://www.fmr.is (27.06.2006)
[10] Kristján Benediktsson. 1972, bls. 82.
[11] *Ný jarðabók fyrir Ísland*. 1861, bls. 5.
[12] Kristján Benediktsson. 1972, bls. 84-86.

**Heimildaskrá**

Jón Þorkelsson. 1918-20. Jarðabók Ísleifs sýslumanns Einarssonar um Austur-Skaptafellsþing, er hann gerði 1708 og 1709 í umboði Árna Magnússonar. Blanda. Fróðleikur gamall og nýr. I. Bindi (bls. 1-38). Sögufélagið, Reykjavík.

Kristján Benediktsson. 1972. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu*, II. bindi. Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1801.. Suðuramt.* 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt.* 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1910. I Skaftafellssýslur*. 1994. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sáu um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

*Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861*. 1981. Jarðabókaútgáfan, Kaupmannahöfn.

Örnefnaskrá fyrir Lambleiksstaði, Stefán Einarsson skráði. Heimildamaður: Einar Sigurjónsson f. 1920.

**Fornleifaskrá**

**Lambleiksstaðir 160100 52 - 2**
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Garðlag
Staðsetning: A 671357 N 424966
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættu orsök: Ábúð og vegaframkvæmdir. Er í miðri veglínu 2 (og 3 þar sem þær liggja saman um Mýrar).

**Staðhættir:**
Í örnefnaskrá fyrir Lambleiksstaði segir: „Fyrir neðan veg heita einu nafni Móar (10). Á því stykki eru fá kennileiti nema þrír hólar, sem Vaðarhólar (11) heita. Einn þeirra er ræktaður. Ef til vill er þetta nafn dregið af Vöð eins og Holtar, bærinn, af Holt.
K.B.: Vöð á stórvötnum voru út við þessa hóla. […]“ (ÖL: 1).
Garður liggur sunnan undir aflöngum ræktuðum hól sem liggur norðaustur-suðvestur, neðan vegar um 500 m suðaustan við íbúðarhúsið á Lambleiksstöðum. Hólmskíll rennur norðan við hólinn og sveigir svo til suðurs og sameinast öðrum læk sem heitir Lambleiksstaðakelda. Saman renna þessir lækir svo til suðausturs tæpa tvo kílómetra að svokölluðu Flugutagli og sameinast þar Brunnhólsá.
**Lýsing:**
Garðurinn er um 100 m langur, 50 sm hár og 1 m breiður og liggur í na-sv. Hóllinn er grasi gróinn en umhverfið að mestu sendið og gróðursnautt. Líklega er um að ræða upphlaðinn garð undan girðingu.
**Aðrar upplýsingar:**
Um 200 norðaustan við þennan hól er annar minni og sunnan við hann hringlaga jarðmyndun.
**Heimildir:**
Örnefnaskrá fyrir Lambleiksstaði, Stefán Einarsson skráði. Heimildamaður: Einar Sigurjónsson f. 1920.
Örnefnakort, Sigurgeir Skúlason, 1994.


**Mynd 1, Hringlaga jarðmyndun neðan við þjóðveg 1 í landi Lambleiksstaða. Ljósmynd MHH.**

**Lambleiksstaðir 160100 52 - 3**
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Óþekkt
Staðsetning:
A 671570 N 425081
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættu orsök: Vegaframkvæmdir. Er í miðri veglínu 2 (og 3 þar sem þær liggja saman um Mýrar).

**Staðhættir:**
Hringlaga jarðmyndun sunnan við aflangan lágan hól, neðan vegar um 700 m austan við íbúðarhúsið á Lambleiksstöðum, um 200 m norðvestan við þennan hól er

annar stærri og sunnanundir honum um 100 m langt garðlag.
**Lýsing:**
Innst er hringlaga upphækkun um 2,3 m í þvermál, umhverfis hana er um 1 m breiður kragi með um 5-15 sm djúpum skurði beggja vegna. Í allt er þessi jarðmyndun um 4 m í þvermál.
**Aðrar upplýsingar**
Líklega er um að ræða einhversskonar jarðmyndun eftir lagnaframkvæmdir eða aðrar 20. aldar framkvæmdir.

**Lambleiksstaðir 160100 52 - 4**

Hlutverk: Vað
Tegund: Vað
Ástand: Horfið

**Staðhættir:**
Í örnefnaskrá fyrir Lambleiksstaði segir: „Fyrir neðan veg heita einu nafni Móar (10). Á því stykki eru fá kennileiti nema þrír hólar, sem Vaðarhólar (11) heita. Einn þeirra er ræktaður. Ef til vill er þetta nafn dregið af Vöð eins og Holtar, bærinn, af Holt.
K.B.: Vöð á stórvötnum voru út við þessa hóla. […]“ (ÖL: 1)
**Lýsing:**
Ekki er ljóst hvar nákvæmlega vöðin hafa verið, enda hefur vatnsrennsli um svæðið tekið miklum breytingum.
**Heimildir:**
Örnefnaskrá fyrir Lambleiksstaði, Stefán Einarsson skráði. Heimildamaður: Einar Sigurjónsson f. 1920.

## Brunnhóll 169989 51

**Saga**
Brunnhóll, fyrrum hjáleiga úr landi Einholts, kemur fyrst fram í rituðum heimildum á 18. öld. Í manntali frá árinu 1703 eru sex manns taldir þar til heimilis.[13] Næst kemur jörðin fram í skrá Ísleifs Einarssonar yfir jarðir í Austur-Skaftafellssýslu sem hann tók saman fyrir Árna Magnússon og Pál Vídalín sem þá unnu að *Jarðabók* sinni. Skrá þessi birtist í *Blöndu,* þar segir: „Brunahóll. Hjáleiga úr Einholts heimalandi. Landsk. 50 áln. Kúg. 1“.[14] Næst er jarðarinnar getið tæpri öld síðar í *Manntali* frá árinu 1801, en þá voru 12 manns þar til heimilis. Árið 1816 voru það sjö manns[15] og sex árið 1845, en þá var jörðin skráð ein þriggja hjáleiga Einholts.[16]

Árið 1899 sameinast Brunnhóll annarri hjáleigu Einholts, Slindurholti[17] og verða sögur þessara tveggja jarða því raktar saman hér að neðan. Slindurholt eins og Brunnhóll kemur fyrst fram í áðurnefndu *Manntali* frá 1703, þá er Slindurholt tvíbýli og samtals sjö manns þar til heimilis.[18] Eins og Brunnhóll kemur Slindurholt næst fram í skrá Ísleifs Einarssonar, þar segir: „Slindurholt. Hjáleiga, byggð úr Einholts heima landi. Landsk. xl áln. kúg. 1 ½“.[19] Í *Manntalinu* frá árinu 1801 er jörðin enn tvíbýli og 14 manns þar til heimilis.[20] Árið 1816 eru sex manns skráðir þar til heimilis[21] og sjö árið 1845, en þá er jörðin skráð ein þriggja hjáleiga Einholts. Tveimur árum síðar er jörðin orðin að einbýli en íbúafjöldi ekki tilgreindur.[22]

Um staðsetningu bæjanna Brunnhóls og Slindurholts segir í *Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu*: „Bæirnir stóðu á sínum hólnum hvor, skammt austan við Brunnhólsána rétt sunnan við þjóðveginn. Hólar þeir, sem bæirnir stóðu á, eru fremur lágir og liggja nær því saman. Ekki er vitað, að klappir séu í hólum þessum. Bærinn Brunnhóll stóð uppi á Brunnhólnum, bærinn í Slindurholti stóð framan í Slindurholtinu“.[23]

Önnur hjáleiga frá Einholti er nú í landi Brunnhóls, það er bærinn Flaga. Bærinn ku hafa staðið á lítilli upphækkun vestan við Brunnhól handan Brunnhólsár.[24] Svæðið er mjög láglent og varð oft fyrir miklum ágangi af Hólmsá meðan hún rann saman við Brunnhólsá. Af þessum sökum var bærinn fluttur á fyrri hluta 19. aldar að Digurholti.[25] Í *Manntalinu* árið 1703 er bæjarins Flögu getið og fjórir taldir þar til heimilis[26], bærinn kemur ekki fyrir í seinni manntölum.

---

[13] *Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947, bls. 431.
[14] Jón Þorkelsson. 1918-20, bls. 25.
[15] *Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974, bls. 110.
[16] *Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974, bls. 110.
[17] Kristján Benediktsson. 1972, bls. 86.
[18] *Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947, bls. 431.
[19] Jón Þorkelsson. 1918-20, bls. 25.
[20] *Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*. 1978, bls. 12-13.
[21] *Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974, bls. 110.
[22] Johnsen, J. 1847, bls. 3.
[23] Kristján Benediktsson. 1972, bls. 86.
[24] Stefán Einarsson. [Ártal vantar], bls. 1.
[25] Kristján Benediktsson. 1972, bls. 92.
[26] *Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947, bls. 431.

Um land Flögu segir í *Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu*: „Túnið var lítið og raklent. Flöguengi lá í suður frá Stóra-Bóli, á milli Hamrakíls og Þinghóla. Að öðru en túni og engjum var land Flögu óskipt úr Einholtsjarðalandareign. Jörðin átti og á enn sinn hluta af hlunnindum Einholtsjarða, svo sem skógarítak á Viðborðsdal.“[27] Um jörðu Flögu eftir að býlið flutti að Digurholti segir í sömu bók: „Þar er lítið tún, en grasgefið, og engjalönd hin sömu og í Flögu.“[28]

Á fyrri hluta 20. aldar birtist í *Blöndu* skrá yfir kirkjustaði í Austur-Skaftafellssýslu. Þar kemur fram að árið 1899, þegar bærinn Slindurholt var sameinaður Brunnhóli, var kirkjan sem áður stóð á Holtum flutt á gamla bæjarhólinn á Slindurholti og tilheyrði þá Brunnhóli.[29]

Í örnefnaskrá segir um staðsetningu kirkjunnar: „Brunnhólstún hið gamla er lágur hóll. Efratún er þar, sem áður var bærinn Slindurholt, er lagðist í eyði nokkru fyrir aldamót. Þar stendur Brunnhólskirkja ásamt kirkjugarði“.[30] „Kirkjugarður var tekinn í suður frá kirkjunni. Bæjartóftirnar eru við suðvesturhorn kirkjugarðsins“.[31]

Nafn Slindurholts er allstaðar eins ritað í ofangreindum heimildum en ýmsar útgáfur eru til af nafni Brunnhóls. Algengustu ritháttirnir eru Brunhóll[32] og Brunnhóll.[33] Í *Jarðatali* Ísleifs Einarssonar er hjáleigan hins vegar kölluð Brunahóll og sömuleiðis í *Manntali* 1703.[34] Af þessu má ráða að rithátturinn Brunahóll sé elstur, Brunhóll og Brunnhóll hafi svo verið notað nokkuð jöfnum höndum fram á fyrrihluta 20. aldar, en í dag er nafn jarðarinnar ritað Brunnhóll. Ritháttur Flögu virðist óbreyttur.

Elsta uppistandandi hús á bænum samkvæmt vef fasteignamats ríkisins er, hlaða byggð 1955.[35]

**Náttúrufar og jarðabætur**

Í *Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu* segir: „Að fornu mati er landverð jarðanna: Brunnhóll 4 hundruð, Slindurholt 5 hundruð. Alls 9 hundruð. 1861 er landverð jarðanna 12,99 hundruð.“[36]

Í *Nýrri Jarðabók fyrir Ísland*, frá 1848, segir að forn hundraðatala Brunnhóls hafi verið 4 en Slindurholts 5, en hundraðatala Einholts með öllum hjáleigum sínum hafi verið samtals 28 hundruð. Ný hundraðatala jarðanna var ekki tilgreind sérstaklega en samtals var ný hundraðatala Einholts með hjáleigum 39,9 hundruð.[37] Í Fasteignabók frá 1932 er Slindurholt ekki skráð[38] en eins og áður segir sameinuðust jarðirnar árið

[27] Kristján Benediktsson. 1972, bls. 92.
[28] Kristján Benediktsson. 1972, bls. 92.
[29] Jón Þorkelsson. 1921-1923, bls. 252.
[30] Stefán Einarsson. [ártal vantar], bls. 2.
[31] Kristján Benediktsson. 1972, bls. 86.
[32] *Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*. 1978, bls. 12-13; Johnsen, J. 1847, bls. 3; Jón Þorkelsson. 1921-1923, bls. 252; *Fasteignabók*. 1932, bls. 105; *Ný jarðabók fyrir Ísland*. 1861, bls. 5.
[33] *Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974, bls. 110; Fasteignamat ríkisins www.fmr.is (Engin dags.); *Manntal á Íslandi 1910*. 1994, bls. 74-5; Þorsteinn Jósepsson og Steindór Steindórsson. 1984, bls. 44.
[34] Jón Þorkelsson. 1918-20, bls. 25; *Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947, bls. 431.
[35] *Manntal á Íslandi 1910*. 1994, bls. 74-5.
[36] Kristján Benediktsson. 1972, bls. 86-7.
[37] *Ný jarðabók fyrir Ísland*. 1861, bls. 5.
[38] *Fasteignabók*. 1932, bls. 105.

1899.[39] Jörðin Brunnhóll er skráð þar sem tvíbýli með 1400 $m^2$ matjurtagarði og 3,4 ha túni. Einu hlunnindin sem nefnd eru með hjáleigunni eru skógur.[40] Í *Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu* er fjallað um tún og matjurtir Brunnhóls en í öðrum mælieiningum. Árið 1901 var túnið fjórar dagsláttur og garðávextir fjórar tunnur. Árið 1911 var túnið greinilega stærra, en þá var það sex dagsláttur og garðávextir tólf tunnur.[41]

Um jörð Brunnhóls og hlunnindi er fjallað í *Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu* en þar segir: „Í kringum bæina Brunnhól og Slindurholt er víðáttumikið mýrlendi, sem hefir myndazt af jökulframburði. Nú hefir jökulvatn ekki runnið þar um síðan fyrir aldamót 1900. En á fyrri hluta 19. aldar rann mikill hluti Hólmsár um Brunnhólsá og yfir bakka hennar og gerði mikinn usla, og æðimikið vatn rann yfir lægðina milli túnanna í Slindurholti og Brunnhól. Nú lítur ekki út fyrir, að jökulvatn nái sér framar kring um þessa bæi, nema upp renni ný ísöld og jöklar aukist að miklum mun.

Tún á jörðum þessum voru slétt af náttúrunnar hendi, en ekki stór né grasgefin, fyrr en útlendur áburður og þurrkun lands komu til sögunnar. Engjalönd voru langsótt, en oft góð. […] Land til garðræktar er æðigott með þurrkun lands. Torfrista er góð og gott brunnvatn til heimilisþarfa. Silungsveiði var nokkur á þessum bæjum, en er nú lokið sem annars staðar um Mýrar. Beitiland er nærtækt og víðáttumikið. Skógarítak eiga þessar jarðir á Viðborðsdal með öðrum hjáleigujörðum Einholts.“[42] Silungsveiði telst sennilega einnig til hlunninda á jörðinni, þó hún sé ekki nefnd í *Fasteignabókinni*: „Engjalönd á Brunnhóll og fyrrum Slindurholt, nú sameinað í eina jörð sunnan (Stóra) Bólskletta, er heita Krókar, Efra- og Ytra-Stykki, einnig spildu í Þinghólalandi, Grjóthól og Lambodda. […] Silungsveiði í lögn var fyrrum mikið stunduð út frá þessum engjalöndum, en er nú horfin.“ [43]

Landinu er lýst nánar í örnefnaskrá Brunnhóls: „Allt frá þjóðvegi frá Brunnhólsárbrú austan Brunnhólsár er nú kominn sýsluvegur og alla leið að Einholtsvötnunum norðan Einholts, sem nú eru að mestu þurrir sandar. Sunnan hins gamla Brunnhólstúns, er áður var, voru mosamóar og uppgrónir vatnafarvegir, en eru nú komnar töluverðar túnspildur. Sama má segja um hið gamla Flögutún, er ekki var nema lítill valllendisblettur, en út frá því er nú búið að gera æðistórt tún, og eru þar líka miklir kartöflugarðar vegna framræslu, er gerð var fyrir nokkrum árum.“ [44] „Engjalönd á Brunnhóll og fyrrum Slindurholt, nú sameinað í eina jörð sunnan (Stóra)Bólskletta, er heita Krókar, Efra- og Ytra-Stykki, einnig spildu í Þinghólalandi, Grjóthól og Lambodda. [...] Enn eru engjar í Þinghólum og Þinghólaleirum, er liggja að Hornafirði. Talið er, að á Þinghólum hafi verið þingstaður Hornfirðinga fyrrum. Silungsveiði í lögn var fyrrum mikið stunduð út frá þessum engjalöndum, en er nú horfin. Lögn er, þegar net er látið liggja (nótt). Silungaveiðin var einkum í Þinghólakíl og við Lambodda.“ [45] „Allt land brunnhóls er uppgrónir vatnafarvegir eftir Hólmsá, jafnvel lægð milli túnanna.“[46]

[39] Kristján Benediktsson. 1972, bls. 86.
[40] *Fasteignabók.* 1932, bls. 105.
[41] Kristján Benediktsson. 1972, bls. 87.
[42] Kristján Benediktsson. 1972, bls. 86.
[43] Stefán Einarsson. [ártal vantar], bls. 2.
[44] Stefán Einarsson. [ártal vantar], bls. 1.
[45] Stefán Einarsson. [ártal vantar], bls. 2.
[46] Stefán Einarsson. [ártal vantar], bls. 2.

**Heimildaskrá**

*Fasteignabók*. 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Jón Þorkelsson. 1918-20. Jarðabók Ísleifs sýslumanns Einarssonar um Austur-Skaptafellsþing, er hann gerði 1708 og 1709 í umboði Árna Magnússonar. Blanda. Fróðleikur gamall og nýr. I. Bindi (bls. 1-38). Sögufélagið, Reykjavík.

Jón Þorkelsson. 1921-1923. Kirkjustaðir í Austur-Skaptafellsþingi. *Blanda. Fróðleikur gamall og nýr. II. Bindi* (bls. 246-268). Sögufélagið, Reykjavík.

Kristján Benediktsson. 1972. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu*. II. bindi. Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1801.. Suðuramt*. 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt*. 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1910. I Skaftafellssýslur*. 1994. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sáu um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

*Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861*. 1981. Jarðabókaútgáfan, Kaupmannahöfn.

Örnefnaskrá fyrir Brunnhól með nýbýlinu Árbæ, Stefán Einarsson skráði. Heimildamaður: Sigurjón Einarsson f. 1895.

Þorsteinn Jósepsson og Steindór Steindórsson. 1984. *Landið þitt Ísland*. 1 bindi. Örn og Örlygur Hf., Reykjavík.

**Fornleifaskrá**

**Brunnhóll 169989 51 - 3**



**Mynd 2, áveitugarður sunnan við Brunnhól, horft til norðausturs. Ljósm. GSS.**

Hlutverk: Áveitugarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning:
A 672658 N 425345
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættu orsök: Ágangur búfjár og vegaframkvæmdir. Er í veglínu 2 (og 3 þar sem þær liggja saman um Mýrar).

**Staðhættir:**
„Landið sunnan Brunnhóls og austan Brunnhólsár að Slindur-holtskíl (10) niður að mörkum milli Einholts og Brunnhóls var kallað Sorti (11). Í þessum parti er mikið af keldum, sem sorta gat verið í. Á árunum 1910-20 var landi þessu breytt í áveituland, byggður garður þvert yfir frá Brunnhólsá að Breiðakílsbökkum (12), og voru þar góð slægjulönd um nokkurt árabil“ (ÖB: 1).

**Lýsing:**
Garðurinn er um 40 sm hár og 1 m breiður. Hluti af honum liggur nnv-ssa á um 110 m kafla meðfram núverandi vegi suður að Einholti. Vegurinn sker báða enda þessa hluta garðsins. Hann heldur svo áfram meðfram veginum þar sem hann beygir til austurs fyrir Stóra-krók á um 100 m kafla og beygir svo á til norðausturs og stefnir á íbúðarhúsið á Brekku (um 700 m langur). Við garðinn, um 200 m norðaustur frá þeim stað sem hann beygir til norðausturs, er tóft. Garðurinn er óljós við tóftina en heldur svo áfram í sömu stefnu til norðausturs. Garðslitrur er einnig að finna meðfram ánni á köflum bæði norðar í landi Brunnhóls og sunnar í landi Einholts.

**Aðrar upplýsingar:**
„Á árunum 1910-20 var landi þessu breytt í áveituland, byggður garður þvert yfir Brunnhólsá að Breiðakílsbökkum (12), og voru þar góð slægjulönd um nokkurt árabil. Verk þetta var unnið af Einari Þorvarðarsyni, hreppstjóra og eiganda Brunnhóls. Vatn var tekið sem næst Innskerjum (13), sem eru austan Þingskálahóla, úr Holtakíl (14) Síðan túnrækt hófst, var hætt að taka vatnið til áveitunnar, en landið notað til beitar fyrir búfénað, einkum vor og haust. Á þessu landi er ein fjárhústótt [...]. Framan við þennan áveitugarð, þar sem hann kemur sem næst Brunnhólsá, heitir Stóri-Krókur (15).“ (ÖB: 1).

**Heimildir:**
Örnefnaskrá fyrir Brunnhól og Árbæ, Stefán Einarsson skráði. Heimildamaður: Sigurjón Einarsson f. 1895.

## Einholt 160082 48

**Saga**
Jörðin kemur fyrst fyrir í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá því um 1200.[47] Elsti máldagi Einholtskirkju er frá 1397, þar kemur m.a. fram að kirkjan hafi verið tileinkuð heilagri Maríu.[48] Um aldamótin 1800 voru jökulvötnin farin að brjóta upp kirkjugarðinn, auk þess sem Staðará rann skammt frá kirkjunni. Því var afráðið að flytja kirkjuna frá Einholti að Holtum árið 1824.[49] „Með lögum 27. febr. 1880 var Einholts prestakall lagt niður og sóknin lögð undir Bjarnanes".[50]

Árið 1708-9 var Einholt ásamt öðrum jörðum Austur-Skaftafellssýslu skráð af Ísleifi Einarssyni fyrir Árna Magnússon og Pál Vídalín. Texti þessi birtist í *Blöndu* en þar segir um jörðina: „Einholt. Beneficium. Jarðar dýrleiki óviss. Reka á jörðin fyrir sínu landi og selveiði í Hornafjarðarós við sitt land, lúrnaveiði nokkra í ósnum, silungsveiði minni. Eggvarp af þernum hefur nokkuð verið, nú minni. Item af æðarfugli á Einholtsklettum í ósmynninu. Skógar ítak á jörðin á Viðborðsdal, hver sum nú að [...] miklu leyti af fyrir skriðum og jöklum."[51]

Árið 1847 var jörðin metin á 30 hundruð, samkvæmt *Jarðatali Íslands* frá sama ári. Neðanmáls er þess getið að sýslumaður nafngreini ekki hjáleigur, sem allar voru byggðar 1805, nema Flaga.[52] Þar Johnsen orðrétt: „Þaraðauki er í jb. 1760, sem telur allt Einholt 30 h. að dýrleika, en segir eigi frá leigumála (1759 segir í skýrslu sýslumanns , að Isk. sé 2 h. 50 al. og kúg. 4, en í jb 1696, að kirkjukúgildi sé 13), getið um Gunnlaugshól, Einbúa, Sandholt, Geirstaði, og Núpagarð, sem hjáleigur frá Einholti, en þeirra getur eigi seinna, eigi heldur Hamars í jb. 1760."[53] Í *Nýrri jarðabók fyrir Ísland* frá árinu 1861 segir að forn hundraðatala jarðarinnar hafi verið 6 en ný hundraðstala Einholts er ekki gefin upp.[54]

Árið 1703 bjuggu samtals 17 manns á Einholti.[55] Árið 1801 bjuggu í prestsetrinu 13 manns[56] og fimmtán árum síðar bjuggu þar presthjón ásamt syni sínum og vinnumanni.[57] Árið 1845 var jörðin ekki lengur prestssetur og bjuggu þar 13 manns.[58] Samkvæmt *Manntalinu* 1910 bjuggu í Einholti sjö manns í torfbæ með tveim hálfþiljum.[59]

Nafn jarðarinnar er ýmist ritað Einholt eða Einiholt í heimildum og ekki hægt að sjá að annar rithátturinn sé eldri en hinn, báðir rithættir birtast jöfnum höndum í heimildum óháð tíma. Í dag er jörðin kölluð Einholt.

---

47 Diplomataria Islandicum. XII. 1923, bls. 5.
48 Diplomataria Islandicum. IV. 1896, bls. 233.
49 Kristján Benediktsson. 1972, bls. 21.
50 Jón Þorkelsson. 1921-1923, bls. 251.
51 Jón Þorkelsson. 1918-20, bls. 26.
52 Johnsen, J. 1847, bls. 3.
53 Johnsen, J. 1847, bls. 3.
54 *Ný jarðabók fyrir Ísland*. 1861, bls. 5.
55 *Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947, bls. 430.
56 *Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*. 1978, bls. 12.
57 *Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974, bls. 110.
58 *Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt*. 1982, bls. 18.
59 *Manntal á Íslandi 1910*. 1994, bls. 74-75.

**Náttúrufar og jarðabætur**
Á Einholti voru góð engjalönd, en þau urðu fyrir miklum ágangi jökulvatna og sandfoki og má nú heita að þau séu nær engin eftir. [60]

„Bærinn Einholt stendur framan í hól allvíðáttumiklum, og var hóll sá eina túnið í Einholti. Það var slétt frá náttúrunnar hendi og var gott tún, áður en það spilltist af sandfokum.“[61] „Íbúðarhúsbygging var frá ómunatíð baðstofubygging með nautgripi undir til upphitunar. Svo mun hafa verið í tíð presta hér og allt fram á árið 1936, að Kristján Benediktsson byggði steinhús upp í túnbrekkunni og lagði niður gömlu baðstofuna. Áður var bærinn fast niður við Staðará. [...] Baðstofan í Einholti mun hafa verið síðasta baðstofan hér í sveit sem búið var í.“ [62] Samkvæmt vef *Fasteignamats ríkisins* stendur steinbærinn enn og er skráður sem einbýli og er elsta byggingin á jörðinni byggður 1936. Jafnframt eru þar skráðar átta aðrar byggingar sem voru byggðar á árunum 1954 til 1983.[63]

Ýmis hlunnindi hefur jörðin haft í gegnum tíðina en árið 1708-9 voru hlunnindin skráð eggvarp, reki og skógar ítak. [64] Árið 1932 voru þau: silungaveiði, reki og skógur.[65] „Hlunnindi jarðarinnar hafa aðallega verið veiði lúru og silungs á sumrin við Melatanga, svo og fjörureki utan fjarðar á Einholtsfjöru og innan fjarðar á Melatanga og í námunda við hann. Á Melatanga og annarstaðar á þessari fjöru kom oft mikill fengur matarkyns og svo einnig nokkur trjáreki. Rekahlunnindi voru stunduð vel. Nú er lúruveiði alveg lokið og silungsveiði að mestu og hlunnindi af reka minni en áður, enda minna stunduð.“[66]„Fyrr meir voru engjalönd góð og víðáttumikil í Einholti, en þau hafa orðið fyrir miklum ágangi frá Hólmsá og Heinbergsvötnum og einnig eyðilagzt af sandfokum, svo að engjalönd eru þar nú nær engin. Til kartöfluræktar er land ágætt í Einholti. Torfrista er þar mjög góð. Neyzluvatn var lengst af sótt í skjólum í jökulána Staðará, er rann hjá bænum. Vatnið var oft æði gruggugt af jökulleir, sérstaklega í hitanum á sumrin og í hlaupum.“[67]

Samkvæmt *Fasteignabók* frá 1932 var tún Einholts 1 ha og matjurtagarðar 1300m$^2$ að stærð.[68]

**Heimildaskrá:**

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* II. 1893. 1909-1913. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* III. bindi (1896). 1909-1913. Gefið út af hinu íslenzka bókmenntafélagi, Kaupmannahöfn.

[60] Kristján Benediktsson. 1972, bls. 68-9.
[61] Kristján Benediktsson. 1972, bls. 70.
[62] Kristján Benediktsson. 1972, bls. 72.
[63] Fasteignamat ríkisins. www.fmr.is (Engin dags.).
[64] Jón Þorkelsson. 1918-20, bls. 19.
[65] *Fasteignabók.* 1932, bls. 104.
[66] Kristján Benediktsson. 1972, bls. 70.
[67] Kristján Benediktsson. 1972, bls. 70.
[68] *Fasteignabók.* 1932, bls. 105.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* IV. bindi (1896). 1909-1913. Gefið út af hinu íslenzka bókmenntafélagi, Kaupmannahöfn.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* XII. bindi (1923). 1909-1913. Gefið út af hinu íslenzka bókmenntafélagi, Reykjavík.

*Fasteignabók*. 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

*Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*. 1983. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Jón Þorkelsson. 1918-20. Jarðabók Ísleifs sýslumanns Einarssonar um Austur-Skaptafellsþing, er hann gerði 1708 og 1709 í umboði Árna Magnússonar. Blanda. Fróðleikur gamall og nýr. I. Bindi (bls. 1-38). Sögufélagið, Reykjavík.

Jón Þorkelsson. 1921-1923. „Kirkjustaðir í Austur-Skaptafellsþingi" *Blanda. Fróðleikur gamall og nýr. II. Bindi* (bls. 246-268). Sögufélagið, Reykjavík.

Kristján Benediktsson. 1971. *Byggðarsaga Austur-Skaftafellssýslu*. 2 bindi. Bókaútgáfa Guðjóns Ó, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1801.. Suðuramt*. 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt*. 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1910. I Skaftafellssýslur*. 1994. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sáu um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

*Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861*. 1981. Jarðabókaútgáfan, Kaupmannahöfn.

Unnur Kristjánsdóttir. 1994. *Ö-Einholt, Mýrarhreppur, Austur-Skaftafellssýsla*. Örnefnastofnun, Reykjavík.

**Fornleifaskrá**

**Einholt 160082 48 – 2**

Hlutverk: Beitarhús, nátthagi
Tegund: Garðlag
Staðsetning:
A: 673547,245 N: 425409,289
Ástand: Slæmt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ágangur búfjár og vegaframkvæmdir. Er í miðri veglínu 2 (og 3 þar sem þær liggja saman um Mýrar).




**Staðhættir**

„Austur af Illukeldu er girðing, gamall nátthagi og miklar húsatóttir. Þar hafa verið beitarhús frá Einholti frá ómunatíð, en eru nú flutt heim á bæinn. Suðaustur af húsatóttum þessum heitir Þinghólaland allt austur að Flóa, sem er framan við Ból.“ (ÖE: 5).

„Beitarhús fyrir sauðfé var frá ómunatíð í Þinghólalandi í suður frá Hömrum. En um og eftir 1950 byggði Sigurbergur Bjarnason fjárhúsin ásamt stórri hlöðu og súrheysgryfju, framan í Austurhólnum og síðar fjós á sama stað.“ (BAS II: 73).

Leifar beitarhúsanna liggja um 700 m suðsuðvestur af bæjarhúsum á Stóra-Bóli í flatlendismýri um 260 m suðvestan við læk eða kíl sem liggur í mýrinni sunnan Stóra-Bóls.

Tóftirnar liggja í mýri og eru nokkuð glöggar í umhverfinu. Hringlaga túngarður umlykur



**Mynd 3, garðlag umhverfis beitarhús í landi Einholts. Ljósm. GZ.**

fjórar útihúsatóftir. Tóftirnar og túngarðurinn bera allar merki uppblásturs en þær munu hafa farið að láta á sjá eftir að hestum var beitt á mýrina. Umhverfis túngarðinn er grunnur handgrafinn skurður, greinilega til að leiða vatn í burtu frá beitarhúsunum. Þarna munu hafa verið beitarhús frá Einholti og voru þau í notkun allt fram undir miðja 20. öldina.

**Lýsing**

## Viðborð 160108 42

### Saga

Elsta heimild um Viðborð er í máldaga Árna Biskups Þorlákssonar fyrir Viðborðskirkju, frá 1270, þar segir: „Marie kirkia a Vidborde a x$^{c}$ j heima lande. [...] þar skal syngia annan hvern dag helgann ok hinn fiorda hvern ottv song.“[99] Hér er því um svokallaða hálfkirkju að ræða (þ.e þar er messað annað hvern helgand dag). Kirkjan kemur aftur fyrir í máldaga frá 1397. Næst kemur nafn jarðarinnar fram í bréfi frá 1561 þar sem verið er að setja fjörumörk milli Einholts og Viðborðs.[100] Enn kemur nafn hennar fyrir í Gíslamáldaga frá 1570 þar sem tilgreind eru skógarítök Einholtskirkju í landi Viðborðs.[101] Einnig eru taldar upp eignir hálfkirkjunnar.[102]

Í *Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu* segir: „Bænhús var á Viðborði um langan tíma. Þar sást glögglega móta fyrir bænhústóftum um aldamótin 1900 og grafreit í kringum tóftina. Guðjón Gíslason gjörði þar slétt tún.“[103]

Samkvæmt *Manntali* frá 1703 var fjórbýli á Viðborði og alls 21 þar til heimilis. Árið 1801 jörðin tvíbýli og samtals tíu manns þar til heimilis. Jörðin er enn tvíbýli 1816 með alls 14 manns til heimilis, sama segir um árið 1845 en þá búa þar níu manns, 1849, 1851 og 1855 er tvíbýli á jörðinni og alls 13 manns til heimilis árið 1855. Ári seinna er jörðin orðin þríbýli en verður tvíbýli aftur 1866. Árið1872 er enn tvíbýlt á jörðinni en þriðju búandinn bætist við árið eftir. Árið 1880 er þríbýli á jörðinni og alls 23 menn þar til heimilis. Frá 1889-1901 er einn ábúandi á jörðinni en þá verður hún tvíbýli á ný, en svo einbýli aftur tveimur árum síðar. Árið 1916 er eitt bú á jörðinni, en tvíbýlt frá 1934-44. Einbýli er á jörðinni síðasta árið sem hún er í byggð, 1945.

Nafn jarðarinnar er oftast ritað Vidbord í eldri heimildum (máldaga frá 1270, 1397 og bréfi frá 1561 og máldaga frá 1570) en einnig Widbord (í sama máldaganum frá 1397).

### Náttúrufar og jarðabætur

Í *Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu* segir: „Bærinn Viðborð stendur skammt frá Hornafjarðarfljótum, nær tvo kílómetra suðaustur frá Viðborðsfjalli. Útsýni frá bænum er aðallega yfir fljótin til innri hluta Nesjasveitar og Nesjafjalla. Ekki er annað vitað en að bærinn hafi ávallt staðið á sama stað.“[104]

„Aur mun vera undir miklum hluta af túninu. Túnið er ekki stórt, en slétt af náttúrunnar hendi. Það var kallað harðbalatún, áður en útlendi áburðurinn kom til sögunnar.“[105]

„Það er erfitt með útfærslu heimatúns á Viðborði. En túnræktarlönd eru nokkuð góð í hraunum suðvestur frá Viðborði á Hellramýri og Lögréttumýri og kringum Hellrahraun.“[106]

---

[99] *Diplomatarium Islandicum* II, 1896, bls. 83.
[100] *Diplomatarium Islandicum* XIII, 1933-39, bls. 643.
[101] *Diplomatarium Islandicum* XV, 1947-50, bls. 699.
[102] *Diplomatarium Islandicum* XV, 1947-50, bls. 700.
[103] Kristján Benediktsson. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* II. 1972, bls. 24.
[104] Kristján Benediktsson. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* II. 1972, bls. 24.
[105] Kristján Benediktsson. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* II. 1972, bls. 24.

„Erfitt var með neyzluvatn á Viðborði“[107]

„Engjalönd á Viðborði voru grasgefin og víðlend, mikil gulstararengi, blautlend og langsótt. Engi þetta var misjafnt eftir því, hvernig Hornafjarðarfljót léku hverju sinni.“[108]

„Afréttarlönd á Viðborði eru nokkuð mikil og sæmilega góð. Viðborðshraun voru orðlögð fyrir gæði og hagsæld til vetrarbeitar, og þá reyndist beitin þar bezt, þegar hart var í högum og féð lagði sig mest eftir beit á klettum, skóf og mosa.“[109]

„Í Kolahraunslandi er ágætt til torfristu. Land til ræktunar garðaávaxta er ekki gott á Viðborði.[...] Hellutekja er mikil í svokölluðum Sandmerkishálsi. Þar má heita heilt fjall, sem má kljúfa niður í þakhellur, en langur og erfiður vegur er þangað og þaðan með flutning. Heiðargrasatekjur voru þó nokkrar bæði á Viðborðshálsum og Sandmerkishálsi, kræða og heiðargrös á Viðborðsfjalli. Silungaveiði var mikil á Viðborði í Hornafjarðarfljótum og í lækjum, er í þau féllu“[110]

„Viðborð á ítök í rekafjöru í Einholtslandi í vestur frá Hvanney, þar til Skógeyjarhöfða ber í Svínafellsgöltinn. Aftur á móti eiga Einholtsjarðir skógarítak á Viðborðsdal. Viðborð á einnig hestagöngu í Grænukeldu í Holtalandi. Holtabæir eiga aftur á móti skógarítak í Viðborðslandi í Holtahöfða, Hálsatorfu og hálfri Dímu.“[111]

Árið 1901 eru á bænum 6 nautgripir, 90 sauðkindur og 11 hross. Tún eru 3 dagsláttur, taða 34 hestar, úthey 260 hestar, garðávextir 1 ½ tunna og hrís 16 hestar.[112]

Jörðin fór í eyði 1945 og er nú nytjað frá Svínafelli.[113]

## Heimildaskrá

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* II. bindi (1253-1350). 1896. Gefið út af hinu íslenzka bókmenntafélagi, Reykjavík.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* IV. bindi (1265-1449). 1897. Gefið út af hinu íslenzka bókmenntafélagi, Reykjavík.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* XIII. bindi (1555-1562). 1933-39. Gefið út af hinu íslenzka bókmenntafélagi, Reykjavík.

---

[106] Kristján Benediktsson. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* II. 1972, bls. 25-26.
[107] Kristján Benediktsson. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* II. 1972, bls. 26.
[108] Kristján Benediktsson. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* II. 1972, bls. 24.
[109] Kristján Benediktsson. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* II. 1972, bls. 24.
[110] Kristján Benediktsson. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* II. 1972, bls. 26.
[111] Kristján Benediktsson. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* II. 1972, bls. 26.
[112] Kristján Benediktsson. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* II. 1972, bls. 27.
[113] Kristján Benediktsson. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* II. 1972, bls. 27 og 30.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* XV. bindi (1567-1570). 1947-50. Gefið út af hinu íslenzka bókmenntafélagi, Reykjavík.

Kristján Benediktsson. 1972. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu*, II. bindi. Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1801*.. *Suðuramt.* 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1816.* 1947-1974. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt.* 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1910. I Skaftafellssýslur*. 1994. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sáu um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

*Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861*. 1981. Jarðabókaútgáfan, Kaupmannahöfn.

Örnefnaskrá fyrir Viðborð, Kristján Benediktsson, f. 1881

**Fornleifaskrá**

**Viðborð 160108 42 – 2**



Mynd 15, flóðgarður norðan Grjótár, horft til vesturs. Ljósm. GSS.

Hlutverk: Flóðgarður
Tegund: Hleðsla
Staðsetning:
A 673825 N 431884
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættu orsök: Vatnságangur og vegaframkvæmdir. Er á fyrirhuguðu malarnámusvæði.

**Staðhættir:** Hlaðinn grjótgarður liggur í boga frá klettaholti norðan Grjótár til suðurs og svo suðausturs meðfram ánni, skammt vestan við þjóðveg 1 vestan Viðborðsbæjar.

**Lýsing:**
Garðurinn er um 53 m og allt að 2 m hár og 3 m breiður næst klettunum en lækkar og minkar að umfangi til suðurs og suðausturs og er um 40 sm hár og 1,5 m breiður þar sem hann endar. Veggurinn er vel hlaðinn og reglulegur þar sem hann er hæstur að norðan en hruninn og óreglulegur í hinn endann.

## Borgir 159468 24

**Saga**

„Bærinn í Borgum stóð fyrrum neðarlega í túninu skammt vestan við ána. Árið 1886 lét Þorgrímur Þórðarson læknir byggja allstórt timburhús við gamla bæinn. Var það þverhús með porti og kvistgluggum [...]. Innangengt var úr því í gamla bæinn, sem enn stóð. Árið 1896 var gamli bærinn rifinn, áðurnefnt þverhús lengt og bak við það byggt annað þverhús af líkri gerð. Var vel til þess vandað. Vorið 1918 lét Guðmundur Jónsson hlaða torfvegg á þrjá vegu að þessu húsi til hlýinda, því að það var farið að gisna mjög og ganga úr sér.

Árið 1929 reif Hákon Finnsson þessi bæjarhús, flutti og endurbyggði þau á hæð ofar í túninu, teigsbreidd sunnar en útihúsin, sem hann lét byggja árið 1923. Bær þessi er byggður úr steinsteypu með þremur burstum í fornum sveitabæjarstíl. Á síðari árum hefur Skírnir sonur hans endurbætt bæ þennan.“[114] Bær þessi stendur enn árið 2006, en samkvæmt vef fasteignamats ríkisins er húsið byggt 1930.[115]

„Útihús voru fyrrum á víð og dreif um túnið. Meðan Guðmundur bjó í Borgum, byggði hann auk þeirra útihús utan túns. Eins og áður sagði, lét Hákon Finnsson endurbyggja og færa öll útihús jarðarinnar á einn stað 1923, sem var rétt ofan við gamla túngarðinn. Hús þessi voru öll byggð úr steinsteypu með rétt fyrir framan“.[116]

„Um stærð hlöðurúms á ábúðartíma Þorgríms og Guðmundar verður nú ekki vitað, en hinn síðarnefndi hafði hlöðurúm yfir mestallan heyfeng sinn, sem var mikill. Þær hlöður voru byggðar úr torfi og grjóti með járnþaki. Árið 1920 lét Hákon byggja hlöðu í Skógey, sem tók 80-100 hesta. En nú er hún fyrir löngu niður lögð“.[117]

**Náttúrufar og jarðarbætur**

„Meginhluti landsvæðis jarðarinnar er úti við Laxá, sem aðskilur lönd Árnaness og Bjarnanesjarða“.[118]

„Heimaland jarðarinnar liggur ekki að fjalli. Það er í tveimur hlutum. Stærri hlutinn með túni og beitilandi telur Hákon Finnsson bóndi í Borgum í bók sinni Saga smábýlis vera 140 dagsláttur, en hinn hlutann um 70 dagsláttur. (Hákon Finnsson: Saga smábýlis, Akureyri 1943). Er það landspilda vestast í Veitunum, inni við Stórakíl á bökkum Hornafjarðarfljóta, og nefnist Stórhólmi. Var það fyrrum engjaland. Landamörk áðurnefnds heimalands liggja að Laxá að austan en annars að löndum Meðalfells, Fornustekka og Sunnuhvols. Nærri allt heimaland Borgar er nú girt að undanskildum Stórhólma. Auk þess fylgja jörðinni allstórar spildur í Skógey, stærri spildan úti við Skógeyjarhöfða. Er það gamalt engjaland um 100 dagsláttur að stærð. Í tíð núverandi bónda hefir verið lögð undir jörðina landspilda úr Árnaneslandi. 39 hektarar að stærð. Var hún keypt af eiganda Vesturbæjar. Landspilda þessi er ofan þjóðvegar næst austan við Seljavelli og takmarkast hið efra af afréttarmörkum“.[119]

---

[114] Bjarni Bjarnason. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu.* I. bindi. 1971, bls. 178.
[115] http://www.fmr.is (26.05.2006)
[116] Bjarni Bjarnason. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu.* I. bindi. 1971, bls. 178.
[117] Bjarni Bjarnason. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu.* I. bindi. 1971, bls. 179.
[118] Bjarni Bjarnason. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu.* I. bindi. 1971, bls. 177.
[119] Bjarni Bjarnason. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu.* I. bindi. 1971, bls. 177-8.

„Heimalandið takmarkast að austan af Laxá (1). Að ofan liggur það að Meðalfells- og Móalandi að vestan. Fyrir ofan veg takmarkast það af skurði, sem liggur frá þjóðveginum upp að Meðalfellrétt (2) eða Lögréttinni (3). Að neðan takmarkast það af þjóðveginum. Þá er heimalandið fyrir neðan veg, takmarkast að Laxá að austan og þjóðveginum að ofan. Að vestan liggur það að Skilalóðinni (4) á 200 metra kafla, þar fyrir neðan að Fornustekkalandi; að neðan af Efri-Grjótkeldubakka (5) í Áfangahól (6) (áningarstaður ferðamanna). Þetta er heimaland.“

Í bókinni *Saga Smábýlis* eftir Hákon Finnsson kemur fram að árið 1920 þegar Hákon settist að á Borgum hafi túnið ekki verið „nema 8-10 dagsláttur, 1-2 teigsbreiddir út frá ánni, en 5-6 meðfram henni. Það var slétt víðast yfir að líta, en víðast smáþýft og gúlótt, svo nærri allt þurfti að slétta, svo vél tækt yrði.“ (HF: 32)

## Heimildaskrá


Jón Þorkelsson. 1918-20. Jarðabók Ísleifs sýslumanns Einarssonar um Austur-Skaptafellsþing, er hann gerði 1708 og 1709 í umboði Árna Magnússonar. Blanda. Fróðleikur gamall og nýr. I. Bindi (bls. 1-38). Sögufélagið, Reykjavík.

Bjarni Bjarnason og Gísli Björnsson. 1976. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu*, III. bindi. Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1801.. Suðuramt.* 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1816.* 1947-1974. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt.* 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1910. I Skaftafellssýslur*. 1994. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sáu um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

*Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861.* 1981. Jarðabókaútgáfan, Kaupmannahöfn.

Örnefnaskrá fyrir Borgir, Stefán Einarsson skráði. Heimildamaður: Skírnir Hákonsson f. 1911.

# Túnakort fyrir Borgir



**Fornleifaskrá**

**Borgir 159468 24 - 1**



Mynd 16, gamla bæjarstæði Borga, nýji bærinn (til vinstri) og grafreiturinn (til hægri) í baksýn. Ljósm. GSS.

Hlutverk: Bústaður
Tegund: Bæjarhóll
Staðsetning:
A 682324,59 N 428034,22
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð og vegaframkvæmdir. Er í veglínu 1.

**Staðhættir**

Gamli bæjarhóll Borga er í sléttuðu túni 200 m suður af núverandi bæjarhúsum, um 50 m vestur af Laxá.

**Lýsing**

Hóllinn er greinilegur í sléttuðu túni, um 50 x 30 m að ummáli. Sjá má nokkrar misfellur í túninu þar sem bæjarhús og útihús hafa staðið en ekki er hægt að greina nein veggjalög.

**Aðrar upplýsingar**

„Bærinn í Borgum stóð fyrrum neðarlega í túninu skammt vestan við ána. Árið 1886 lét Þorgrímur Þórðarson læknir byggja allstórt timburhús við hamla bæinn. Var það þverhús með porti og kvistgluggum á þaki á suðurhlið. Innangengt var úr því í gamla bæinn, sem enn stóð. Árið 1896 var gamli bærinn rifinn, áðurnefnt þverhús lengt og bak við það byggt annað þverhús af líkri gerð. Var vel til þess vandað. Vorið 1918 lét Guðmundur Jónsson hlaða torfvegg á þrjá vegu að þessu húsi til hlýinda, því það var farið að gisna mjög og ganga úr sér.
Árið 1929 reif Hákon Finnsson þessi bæjarhús, flutti og endurbyggði þau á hæð ofar í túninu teigsbreidd sunnar en útihúsin sem hann lét byggja árið 1923“ (BAS I: 178).
Bæjarhúsin voru tvö sambyggð timburhús, en enginn torfbær. Byggð af Þorgrími Þórðarsyni, lækni. Eldra húsið var byggt upp úr nýju og góðu efni og allt járnvarið. Hitt var flutt frá Papósi þegar verslunin þar var lögð niður. Hár og þykkur torfveggur hafði verið hlaðinn norðan við húsin (HF: 34-5).

**Heimildir**

Bjarni Bjarnason. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu,* I bindi, Reykjavík 1971.
Hákon Finnsson *Saga smábýlis.* Akureyri 1943.

**Heimildamaður**: Hákon Skírnisson

**Borgir 159468 24 - 2**

Hlutverk: Heimagrafreitur
Tegund: Grafreitur
Staðsetning: A 682360,74 N 428085,49
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegaframkvæmdir. Er í 65 m fjarlægð frá miðri veglínu 1.

**Staðhættir**
Heimagrafreitur frá fyrri hluta 20. aldar er um 150 m suður af núverandi bæjarhúsum Borga og um 50 m norðan við gamla bæjarhólinn. Garðurinn er afgirtur og í honum fjögur leiði.
**Heimildamaður**: Hákon Skírnisson

**Borgir 159468 24 - 3**



**Mynd 17, túngarðurinn syðst í heima túni Borga, horft til norðurs. Ljósm. GZ.**

Hlutverk: Túngarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning:
A 682206,28 N 428051,97
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð og vegaframkvæmdir. Er í veglínu 1.

**Staðhættir**
Gamli túngarðurinn stendur enn nokkuð vel og liggur umhverfis heimatún Borga.
**Lýsing**
Garðurinn er um metri á hæð og um metri á breidd
**Aðrar upplýsingar**
„Túnið í Borgum var fyrrum óslétt og lítið. Gamalt, krókótt torfgarðsbrot, sem sjáanlegt var fram á þriðja tug þessarar aldar, sýndi stærð elzta hluta þess. En á ofanverðri síðustu öld gerði Þorgrímur læknir túngarð vestast á valllendisflötinni, sem nú er komin í tún. Markar hann það. Sem hann nær, merkjalínu túnsins að vestan“ (BAS I: 179)
Í bókinni *Sögu smábýlis* lýsir Hákon Finnsson aðkomunni að Borgum þegar hann keypti jörðina 1920: „Túnið var girt af lágum torfgarði með einum gaddavírsstreng ofan á tvo til þrjá vegu, en Laxá var látin duga sem vörn á eina hlið, eða þar sem hún náði til.“ (HF: 33)
**Heimildir**
Bjarni Bjarnason. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu,* I bindi, Reykjavík 1971.
Hákon Finnsson, *Saga smábýlis.* Akureyri, 1943.
**Heimildamaður**: Hákon Skírnisson

**Borgir 159468 24 - 4**
Hlutverk: Túngarður
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið

**Staðhættir**
Innan túngarðsins sem nú sést á Borgum var annar minni. Nákvæm staðsetning og umfang er óljós.
**Lýsing**

Ekkert sér nú eftir af þessum garði.

**Aðrar upplýsingar**

„Túnið í Borgum var fyrrum óslétt og lítið. Gamalt, krókótt torfgarðsbrot, sem sjáanlegt var fram á þriðja tug þessarar aldar, sýndi stærð elzta hluta þess. En á ofanverðri síðustu öld gerði Þorgrímur læknir túngarð vestast á valllendisflötinni, sem nú er komin í tún. Markar hann það. Sem hann nær, merkjalínu túnsins að vestan“ (BAS I: 179)

Í bókinni *Sögu smábýlis* lýsir Hákon Finnsson aðkomunni að Borgum þegar hann keypti jörðina 1920: „Á efri hlið túnsins var heilt víravirki af görðum og auk þess var annað mjög krókótt torfgarðsklastur inni á sjálfu túninu utan um elzta part þess. En nú var allt þetta fallið og vallgróið í ávala hryggi, sem ekkert hafði verið hirt um í tugi ára. En lítið hefir túnið í Borgum verið þá.“ (HF: 39)

Menjar þessa garðs gæti verið að finna undir yfirborði.

**Heimildir**

Bjarni Bjarnason. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu,* I bindi, Reykjavík 1971.

Hákon Finnsson, *Saga smábýlis.* Akureyri, 1943.

**Borgir 159468 24 - 7**

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Ástand: Horfið

**Staðhættir**

Á túnakorti eru merkt inn sex peningshús, eitt suð-vestarlega fyrir miðju túni vestan við vestari sáðgarðinn af tveimur (nr. **159468 24 – 7**) og annað fast austan við sama garð (nr. **159468 24 – 22**). Hvort tveggja vestan við veginn heim að bænum. Þá er á kortinu merkt peningshús um 3-4 metra norðaustan við norðausturhorn bæjarins (sem snýr í norðvestur suðaustur). Hugsanlega er hér um að ræða hjall (nr. **159468 24 – 12**). Norðaustur af þessu húsi um 25 m er annað peningshús (nr. **159468 24 – 23**). Tvö hús eru svo merkt inná kortið í austur jaðri túnsins eins og það var þá, annað í norðausturhorninu um 150 m norðaustur frá bænum og hitt í rúmlega 100 m fjarlægð beint austur af bænum. Annað þessara húsa gæti verið það sem í örnefnaskrá Stefáns Einarssonar fyrir Borgir er kallað Garðhús (nr. **159468 24 – 21**).

„Útihús voru fyrrum á víð og dreif um túnið. Meðan Guðmundur bjó í Borgum, byggði hann auk þeirra útihús utan túns. Eins og áður er sagt, lét Hákon Finnsson endurbyggja og færa öll útihús jarðarinnar á einn stað 1923, sem var rétt ofan við gamla túngarðinn“ (BAS I: 178).

Um útihúsin á Borgum árið 1920 segir Hákon Finnsson í bók sinni *Saga smábýlis:* „Þau voru flest heima á túninu. Þau voru mörg, flest smá, og dreifð víðs vegar kringum bæinn og út frá honum, yfirleitt alls staðar, þar sem nokkur hóll, barð eða bunga var. Auk þess var mikið af gömlum tóftum og tóftabrotum hingað og þangað á milli hinna húsanna, þannig, að torfhús, tættur og tóftarbrot voru 24 samanlagt. Allur var þessi húsafjöldi byggður úr torfi og grjóti. En á húsunum var mikið af þakjárni [...]“. (HF: 36-37)

**Lýsing**

Nú er búið að slétta yfir allar útihúsatóftir í túni.

**Heimildir:**

Bjarni Bjarnason. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu,* I bindi, Reykjavík 1971.

Hákon Finnsson, *Saga smábýlis.* Akureyri, 1943.

Túnakort fyrir Borgir, Halldór Eyjólfsson, Hólmi. [ártal vantar] Þjóðskjalasafn.

**Borgir 159468 24 - 8**

Sérheiti: Apótekið
Hlutverk: Íbúðarhús, lyfjabúð
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið

**Staðhættir**

Í bókinni *Sögu smábýlis* lýsir Hákon Finnsson aðkomunni að Borgum þegar hann keypti jörðina 1920: „Bæjarhúsin voru 2 sambyggð timburhús, en enginn torfbær. Húsin voru nú orðin mikið úr sér gengin, enda bygð fyrir 30-40 árum [...] Hár og þykkur torfveggur hafði verið hlaðinn norðan við húsin bæði þeim til skjóls og stuðnings í hvassviðrum. [...] Undir báðum húsunum voru kjallarar, annarr nærri gluggalaus. Í báða var gengið niður um gólfin, en stigarnir ótraustir. [...] Eldra húsið hafði upprunalega verið mjög vandað, í því niðri, voru tvær fallegar stofur og þar var líka lyfjabúð læknisins með mörgum hillum og skápum, og var þessi stofa ennþá kölluð „Apótekið“.“ (HF: 35)

**Lýsing**

Ekkert sér eftir af þessum húsum í dag.

**Heimildir:**

Bjarni Bjarnason. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu,* I bindi, Reykjavík 1971.
Hákon Finnsson, *Saga smábýlis.* Akureyri, 1943.

**Borgir 159468 24 - 9**

Hlutverk: Íbúðarhús, fjós
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið

**Staðhættir**

Í bókinni *Sögu smábýlis* lýsir Hákon Finnsson aðkomunni að Borgum þegar hann keypti jörðina 1920: „Bæjarhúsin voru 2 sambyggð timburhús, en enginn torfbær. Húsin voru nú orðin mikið úr sér gengin, enda bygð fyrir 30-40 árum [...] Hár og þykkur torfveggur hafði verið hlaðinn norðan við húsin bæði þeim til skjóls og stuðnings í hvassviðrum. Undir loftinu í hálfu norðurhúsinu var fjósið. Það var þröngt dimmt og ákaflega kalt. Í því gátu verið 4-6 nautgripir, svoleiðis, að hver skyggði á annan.“ (HF: 35)

**Lýsing**

Ekkert sér eftir af þessum húsum í dag.

**Heimildir:**

Bjarni Bjarnason. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu,* I bindi, Reykjavík 1971.
Hákon Finnsson, *Saga smábýlis.* Akureyri, 1943.

**Borgir 159468 24 - 10**

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið

**Staðhættir**
Í bókinni *Sögu smábýlis* lýsir Hákon Finnsson aðkomunni að Borgum þegar hann keypti jörðina 1920: „Við innganginn í húsin [bæjarhúsin] var allstór timburskúr og annar miklu stærri við endann á stærra húsinu, hann mátti hafa fyrir verkstæði, geymslu og í viðlögum fyrir nokkra gripi, hross og kindur og loks var þar enn við áfastur þurrkhjallur.“ (HF: 35)
**Lýsing**
Ekkert sér eftir af þessum húsum í dag.
**Heimildir:**
Hákon Finnsson, *Saga smábýlis.* Akureyri, 1943.

**Borgir 159468 24 - 11**
Hlutverk: Verkstæði, geymsla og gripahús
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið

**Staðhættir**
Í bókinni *Sögu smábýlis* lýsir Hákon Finnsson aðkomunni að Borgum þegar hann keypti jörðina 1920: „Við innganginn í húsin [bæjarhúsin] var allstór timburskúr og annar miklu stærri við endann á stærra húsinu, hann mátti hafa fyrir verkstæði, geymslu og í viðlögum fyrir nokkra gripi, hross og kindur og loks var þar enn við áfastur þurrkhjallur.“ (HF: 35)
**Lýsing**
Ekkert sér eftir af þessum húsum í dag.
**Heimildir:**
Hákon Finnsson, *Saga smábýlis.* Akureyri, 1943.

**Borgir 159468 24 - 12**
Hlutverk: Þurrkhjallur
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið

**Staðhættir**
Í bókinni *Sögu smábýlis* lýsir Hákon Finnsson aðkomunni að Borgum þegar hann keypti jörðina 1920: „Við innganginn í húsin [bæjarhúsin] var allstór timburskúr og annar miklu stærri við endann á stærra húsinu, hann mátti hafa fyrir verkstæði, geymslu og í viðlögum fyrir nokkra gripi, hross og kindur og loks var þar enn við áfastur þurrkhjallur.“ (HF: 35)
**Lýsing**
Ekkert sér eftir af þessum húsum í dag.
**Heimildir:**
Hákon Finnsson, *Saga smábýlis.* Akureyri, 1943.

**Borgir 159468 24 - 13**
Hlutverk: Hlaða
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið

**Staðhættir**
Um útihúsin á Borgum árið 1920 segir Hákon Finnsson í bók sinni *Saga smábýlis:* „Ekki voru hlöður nema tvær, var önnur við sambyggð hús og öll á lengdarveginn. Hún rúmaði lítið. Hin hlaðan var einstök, mest á dýptina niðri í helzta hólnum, hún var ætluð fyrir töðuna. Í hana var rétt óhirðandi fyrir hitahættu og nú var þar annar langveggurinn hruninn niður í gólf, en mold og grjót komið í graut innan um mikið af heyrusli [...] Allur var þessi húsafjöldi byggður úr torfi og grjóti. En á húsunum var mikið af þakjárni [...] “. (HF: 36-37)
**Lýsing**
Ekkert sér eftir af þessum húsum í dag.
**Heimildir:**
Hákon Finnsson, *Saga smábýlis.* Akureyri, 1943.

**Borgir 159468 24 - 14**
Hlutverk: Hlaða
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið

**Staðhættir**
Um útihúsin á Borgum árið 1920 segir Hákon Finnsson í bók sinni *Saga smábýlis:* „Ekki voru hlöður nema tvær, var önnur við sambyggð hús og öll á lengdarveginn. Hún rúmaði lítið. Hin hlaðan var einstök, mest á dýptina niðri í helzta hólnum, hún var ætluð fyrir töðuna. Í hana var rétt óhirðandi fyrir hitahættu og nú var þar annar langveggurinn hruninn niður í gólf, en mold og grjót komið í graut innan um mikið af heyrusli [...] Allur var þessi húsafjöldi byggður úr torfi og grjóti. En á húsunum var mikið af þakjárni [...]“. (HF: 36-37)
**Lýsing**
Ekkert sér eftir af þessum húsum í dag.
**Heimildir:**
Hákon Finnsson, *Saga smábýlis.* Akureyri, 1943.

**Borgir 159468 24 - 15**
Hlutverk: Sáðgarður/Kálgarður
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið

**Staðhættir**
Í lýsingu sinni á Borgum árið 1920 segir Hákon Finnsson í bókinni *Saga smábýlis:* „Sáðgarður var einn, að nokkru nýbyggður. Hann var í skjóli fyrir norðanátt, sunnan við íbúðarhúsið. Upp úr honum komu þá um haustið 4 tn. Kartöflur og 2 tn. Rófur. Hann var um 350 fðm.“ (HF: 37)
Í byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu er sagt frá kálgarði sem á að hafa verið framan við bæinn árið 1883. (BAS I: 108) Hugsanlega er hér um sama garð að ræða.
**Lýsing**
Ekkert sést af þessum garði á vettvangi.
**Heimildir:**
Bjarni Bjarnason. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu,* I bindi, Reykjavík 1971.

Hákon Finnsson, *Saga smábýlis.* Akureyri, 1943.

**Borgir 159468 24 - 16**

Hlutverk: Hestarétt
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið

**Staðhættir**

Í lýsingu sinni á Borgum árið 1920 segir Hákon Finnsson í bókinni *Saga smábýlis:* „Hestarétt var á hlaðinu, á hlið við sáðgarðinn. Hún var byggð úr torfi og grjóti og veggir geysi-þykkir, en samt voru þeir nú svo fallnir, að réttin var gjörsamlega ónýt nema hún yrði byggð upp.“ (HF: 37-38)

**Lýsing**

Ekkert sér eftir af réttinni á vettvangi.

**Heimildir:**

Hákon Finnsson, *Saga smábýlis.* Akureyri, 1943.

**Borgir 159468 24 - 17**

Hlutverk: Traðargarður
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið

**Staðhættir**

Í lýsingu sinni á Borgum árið 1920 segir Hákon Finnsson í bókinni *Saga smábýlis:* „Lágur traðargarður var á hægri hlið heim frá túnhliði, sá lá heim undir bæ. Til vinstri lá blaut óræktarmýri. Annars lágu þarna á milli nokkrar djúpar reiðgötur, frá hliði heim að bænum.“ (HF: 38)

**Lýsing**

Ekkert sér eftir af garðinum, en smá lægð er í túninu þar sem tröðin á að hafa legið heim að bænum.

**Heimildir:**

Hákon Finnsson, *Saga smábýlis.* Akureyri, 1943.

**Borgir 159468 24 - 18**

Hlutverk: Reiðgötur
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið

**Staðhættir**

Í lýsingu sinni á Borgum árið 1920 segir Hákon Finnsson í bókinni *Saga smábýlis:* „Lágur traðargarður var á hægri hlið heim frá túnhliði, sá lá heim undir bæ. Til vinstri lá blaut óræktarmýri. Annars lágu þarna á milli nokkrar djúpar reiðgötur, frá hliði heim að bænum. [...] Enginn akvegur lá heim að Borgum er við komum þangað, heldur mikill fjöldi -30-40- af reiðgötum, sumum gömlum og grónum, en öðrum nýjum. Göturnar lágu frá þjóðveginum víðs vegar heim yfir hina fögru valllendishóla og góða túnefni.“ (HF: 38-39)

**Lýsing**
Ekkert sér eftir af garðinum, en smá lægð er í túninu þar sem tröðin á að hafa legið heim að bænum.
**Heimildir:**
Hákon Finnsson, *Saga smábýlis.* Akureyri, 1943.

**Borgir 159468 24 - 19**

Hlutverk: Kálgarður
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið

**Staðhættir**
Í lýsingu sinni á Borgum árið 1920 segir Hákon Finnsson í bókinni *Saga smábýlis:* „Tveir gamlir kálgarðar lágu upp að túngarðinum fyrir ofan. Þessir sáðreitir höfðu fyrir löngu verið lagðir niður. Sjálfir garðarnir voru háir og moldarmiklir og hengu enn uppi að miklu leyti, en öll lausamold hafði ýmist blásið upp eða skolast með rigningarvatni út í ána, en hún rann þar við bakkann.“ (HF: 39)
**Lýsing**
Hugsanlegar leifar annars þessara garða er að finna í bakkanum austan við bæjarstæði gamla bæjarins en það er þó allt mjög óglöggt.
**Heimildir:**
Hákon Finnsson, *Saga smábýlis.* Akureyri, 1943.

**Borgir 159468 24 - 20**

Hlutverk: Brunnur
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið

**Staðhættir**
Útihúsin voru áður á víð og dreif um túnið. Þau voru öll endurbyggð og færð á einn stað ofan við gamla túngarðinn 1923. Þau voru byggð úr steinsteypu með rétt fyrir framan. Þá var einnig grafinn brunnur skammt frá húsunum og vatni dælt í þau (BAS I: 178-9).
**Lýsing**
Engin merki um brunnin fundust á vettvangi.
**Heimildir:**
Bjarni Bjarnason. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu,* I bindi, Reykjavík 1971.

**Borgir 159468 24 - 21**

Sérheiti: Girðingarhús
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið

**Staðhættir**
Austur frá bænum er Girðingarhylur í Laxá. Nálægt honum voru *Girðingarhús*, nú sléttuð (SE. 2).

**Lýsing**
Ekkert sér nú eftir af húsunum.
**Heimildir:**
Örnefnaskrá fyrir Borgir, skráð af Stefáni Einarssyni, heimildamaður Skírnir Hákonsson f. 1911.

**Borgir 159468 24 - 22**
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið

**Staðhættir**
Á túnakorti eru merkt inn sex peningshús, eitt suð-vestarlega fyrir miðju túni vestan við vestari sáðgarðinn af tveimur (nr. **159468 24 – 7**) og annað fast austan við sama garð (nr. **159468 24 – 22**). Hvort tveggja vestan við veginn heim að bænum. Þá er á kortinu merkt peningshús um 3-4 metra norðaustan við norðausturhorn bæjarins (sem snýr í norðvestur suðaustur). Hugsanlega er hér um að ræða hjall (nr. **159468 24 – 12**). Norðaustur af þessu húsi um 25 m er annað peningshús (nr. **159468 24 – 23**). Tvö hús eru svo merkt inná kortið í austur jaðri túnsins eins og það var þá, annað í norðausturhorninu um 150 m norðaustur frá bænum og hitt í rúmlega 100 m fjarlægð beint austur af bænum. Annað þessara húsa gæti verið það sem í örnefnaskrá Stefáns Einarssonar fyrir Borgir er kallað Garðhús (nr. **159468 24 – 21**).
„Útihús voru fyrrum á víð og dreif um túnið. Meðan Guðmundur bjó í Borgum, byggði hann auk þeirra útihús utan túns. Eins og áður er sagt, lét Hákon Finnsson endurbyggja og færa öll útihús jarðarinnar á einn stað 1923, sem var rétt ofan við gamla túngarðinn“ (BAS I: 178).
Um útihúsin á Borgum árið 1920 segir Hákon Finnsson í bók sinni *Saga smábýlis:* „Þau voru flest heima á túninu. Þau voru mörg, flest smá, og dreifð víðs vegar kringum bæinn og út frá honum, yfirleitt alls staðar, þar sem nokkur hóll, barð eða bunga var. Auk þess var mikið af gömlum tóftum og tóftabrotum hingað og þangað á milli hinna húsanna, þannig, að torfhús, tættur og tóftarbrot voru 24 samanlagt. Allur var þessi húsafjöldi byggður úr torfi og grjóti. En á húsunum var mikið af þakjárni [...]“. (HF: 36-37)
**Lýsing**
Nú er búið að slétta yfir allar útihúsatóftir í túni. **Heimildir:**
Bjarni Bjarnason. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu,* I bindi, Reykjavík 1971.
Hákon Finnsson, *Saga smábýlis.* Akureyri, 1943.
Túnakort fyrir Borgir, Halldór Eyjólfsson, Hólmi. [ártal vantar] Þjóðskjalasafn.

**Borgir 159468 24 - 23**
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið

**Staðhættir**
Á túnakorti eru merkt inn sex peningshús, eitt suð-vestarlega fyrir miðju túni vestan við vestari sáðgarðinn af tveimur (nr. **159468 24 – 7**) og annað fast austan við sama garð (nr. **159468 24 – 22**). Hvort tveggja vestan við veginn heim að bænum. Þá er á

kortinu merkt peningshús um 3-4 metra norðaustan við norðausturhorn bæjarins (sem snýr í norðvestur suðaustur). Hugsanlega er hér um að ræða hjall (nr. **159468 24 – 12**). Norðaustur af þessu húsi um 25 m er annað peningshús (nr. **159468 24 – 23**). Tvö hús eru svo merkt inná kortið í austur jaðri túnsins eins og það var þá, annað í norðausturhorninu um 150 m norðaustur frá bænum og hitt í rúmlega 100 m fjarlægð beint austur af bænum. Annað þessara húsa gæti verið það sem í örnefnaskrá Stefáns Einarssonar fyrir Borgir er kallað Garðhús (nr. **159468 24 – 21**).
„Útihús voru fyrrum á víð og dreif um túnið. Meðan Guðmundur bjó í Borgum, byggði hann auk þeirra útihús utan túns. Eins og áður er sagt, lét Hákon Finnsson endurbyggja og færa öll útihús jarðarinnar á einn stað 1923, sem var rétt ofan við gamla túngarðinn“ (BAS I: 178).
Um útihúsin á Borgum árið 1920 segir Hákon Finnsson í bók sinni *Saga smábýlis:* „Þau voru flest heima á túninu. Þau voru mörg, flest smá, og dreifð víðs vegar kringum bæinn og út frá honum, yfirleitt alls staðar, þar sem nokkur hóll, barð eða bunga var. Auk þess var mikið af gömlum tóftum og tóftabrotum hingað og þangað á milli hinna húsanna, þannig, að torfhús, tættur og tóftarbrot voru 24 samanlagt. Allur var þessi húsafjöldi byggður úr torfi og grjóti. En á húsunum var mikið af þakjárni [...]“. (HF: 36-37)
**Lýsing**
Nú er búið að slétta yfir allar útihúsatóftir í túni. **Heimildir:**
Bjarni Bjarnason. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu,* I bindi, Reykjavík 1971.
Hákon Finnsson, *Saga smábýlis.* Akureyri, 1943.
Túnakort fyrir Borgir, Halldór Eyjólfsson, Hólmi. [ártal vantar] Þjóðskjalasafn.



**Mynd 18. Horft til austurs af Stórufitjarhrauni vestast í Skógey. Garðlag liggur frá norðri til suðurs fyrir miðri mynd, vestan við Rofa-tjörn .**

## Borgir 159468 24 - 5

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Garðlag
Staðsetning: A 677962 N 426698
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættu orsök: Vegaframkvæmdir. Er í veglínu 2 og 3.

**Staðhættir:**
Garðlag liggur vestarlega á Skógey, vestan við Rofa-tjörn.
**Lýsing:**

Garðurinn er 80 m langur, 20-30 sm hár og um 1 metri að breidd. Hann liggur nálega í norður-suður, mosavaxinn og óljós á köflum.
**Aðrar upplýsingar:**
Hvaða hlutverki þessi garður hefur gengt er óljóst, hugsanlega er þetta vörslugarður af einhverju tagi eða landbrú til að auðvelda umferð um votlendið. Suðaustan við garðinn hinumegin Rofa-tjarnar er allstór tóft, líklega af hlöðu frá Borgum, en vestan við garðinn, austan undir stóru holti, Stórufitjarhrauni, er afgirt (hesta-) hólf með rafmagnsborða.

Í *Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu* segir: „[...] fylgja jörðinni allstórar spildur í Skógey, stærri spildan úti við Skógeyjarhöfða. Er það gamalt engjaland um 100 dagsláttur að stærð.“ (BAS I: 177-8) Skógeyjarhöfði er nokkru sunnan við umrætt garðlag.
**Heimildir:**
Bjarni Bjarnason. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* I. Reykjavík 1971.
Hákon Finnsson: Saga smábýlis, Akureyri 1943

**Borgir 159468 24 - 6**



**Mynd 19. Tóft af heystæði á Melsendahrauni, horft til norðurs. Ljósm. GSS.**

Hlutverk: Hlaða
Tegund: Tóft
Staðsetning:
A 678130 N 426625
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættu orsök: Vegaframkvæmdir. Er um 90 m frá veglínum 2 og 3.

**Staðhættir:**
Vestarlega á Skógey, austan við miðja Rofa-tjörn liggur tóft.
**Lýsing:**
Tóftin er 10 x 25 m og liggur nna-ssv. Veggir hlaðnir úr torfi 1,5-2 m að breidd og allt að 60 sm háir. Girt hefur verið ofan á veggina með þéttu vírneti, en sú girðing er að mestu hrunin. Hlið hefur að líkindum verið inní tóftina að norðan eða sunnan.
**Aðrar upplýsingar:**
„Árið 1920 lét Hákon [Finnsson] byggja hlöðu í Skógey, sem tók 80-100 hesta. En nú er hún fyrir löngu niður lögð“.[120] Hugsanlega er hér um að ræða grunn hlöðunnar, sem virðist þó síðast hafa gegnt hlutverki heystæðis eða girðingar af einhverju tagi.
**Heimildir:**
Bjarni Bjarnason. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu.* I. bindi. 1971.

[120] Bjarni Bjarnason. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu.* I. bindi. 1971, bls. 179.

# Hólar 159498 21

**Saga**

Jörðin Hólar birtist fyrst í heimildum árið 1522, þegar hálf jörðin ásamt öðrum jörðum Teits Þorleifssonar var seld biskupi Augmundi.[121] Aftur birtist jörðin ekki í heimildum fyrr en árið 1703 í *Manntali* sem þá var gert, þar er jörðin skráð sem þríbýli og 22 manns alls til húsa.[122] Næst er jarðarinnar getið í skrá Ísleifs Einarssonar yfir jarðir í Austur-Skaftafellssýslu sem hann vann fyrir Árna Magnússon og Pál Vídalín árin 1708-9. Skránni sem var birt í *Blöndu* segir um Hóla: „Hólar. Bónda eign. xvj hdr. Landskuld 1 hdr. 40 áln. Kúgildi eru 2. Kvaðir eru aungvar. Hólaklettur, sem liggur vestarlega í firðinum, er jörðunni eignaður. Skógartótt eydda á jörðin á Laxárdal í Hvamms landi.“[123] Árið 1801 var jörðin skráð aftur í *Manntal* og var hún þá tvíbýli með 18 manns í heimili. Þar var jörðin jafnframt skráð í sjálfseign (selveyergaard).[124] Fimmtán árum síðar er jörðin skráð einbýli með 11 manns til húsa.[125] Enn var jörðin einbýli árið 1845 en ábúendum hafði fjölgað lítillega en þeir voru þá skráðir 14.[126] Íbúafjöldi Hóla var sá hinn sami árið 1910.[127]

Nafn Hóla hefur ávalt verið það sama og rithátturinn ekki tekið neinum breytingum utan við að einstaka sinnum er skrifað Holar (sbr. *Manntal* 1801[128]).

**Náttúrufar og jarðabætur**

Í *Nýrri jarðabók* frá 1848 segir að forn hundraðatala Hóla hafi verið 16 en ný sé 15,3.[129] Í *Jarðatali á Íslandi* sem kom út árinu áður segir að dýrleiki jarðarinnar sé 16 og virðist þá forna hundraðatalan enn vera í gildi. Landskuldin var skráð 1,40 sama ár.[130] Í *Fasteignabókinni* frá árinu 1932 er túnastærð Hóla skráð 7 ha og matjurtagarðarnir 1400 m2. Þar eru hlunnindi jarðarinnar sömuleiðis sögð vera silungsveiði og skógur (skógarítak).[131] Í Jarðaskrá Ísleifs Einarssonar virðist skógur vera einu hlunnindin, en þar segir: „Skógartótt eydda á jörðin á Laxárdal í Hvamms landi.“[132]

**Heimildaskrá**


Bjarni Bjarnason. 1971. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu*. 1. bindi. Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, Reykjavík.


---

121 *Diplomatarium Islandicum*. IX. 1909-13, bls. 93.
122 *Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947, bls. 427.
123 Jón Þorkelsson. 1918-20, bls. 20.
124 *Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*. 1978, bls. 8.
125 *Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974, bls. 105.
126 *Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt*. 1982, bls. 9.
127 *Manntal á Íslandi 1910*. 1994, bls. 54-57.
128 *Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*. 1978, bls. 8.
129 *Ný jarðabók fyrir Ísland*. 1861, bls. 4.
130 Johnsen, J. 1847, bls. 2.
131 *Fasteignabók*. 1932, bls. 104.
132 Jón Þorkelsson. 1918-20, bls. 20.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* IX. bindi (1262-1536). 1909-1913. Gefið út af hinu íslenzka bókmenntafélagi, Reykjavík.

*Fasteignabók.* 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Guðmundur Jónsson. 1946. *Skaftfellskar þjóðsögur og sagnir. Ásamt sjálfsævisögu höfundar*. Marteinn Skaftfells gaf út, Akureyri.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Jón Þorkelsson. 1918-20. Jarðabók Ísleifs sýslumanns Einarssonar um Austur-Skaptafellsþing, er hann gerði 1708 og 1709 í umboði Árna Magnússonar. Blanda. Fróðleikur gamall og nýr. I. Bindi (bls. 1-38). Sögufélagið, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1801.. Suðuramt.* 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1816.* 1947-1974. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt.* 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1910. I Skaftafellssýslur*. 1994. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sáu um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

*Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861*. 1981. Jarðabókaútgáfan, Kaupmannahöfn.

Þorsteinn Jósepsson og Steindór Steindórsson. 1984. *Landið þitt Ísland*. 1 bindi. Örn og Örlygur Hf., Reykjavík.

**Fornleifaskrá**

**Hólar 159498 21 - 2**



**Mynd 20. Kofagrunnur í landi Hóla, sunnan við þjóðveg 1. Ljósm. MHH.**

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft/Grunnur
Staðsetning:
A 685964 N 426103
Ástand:
Hættumat: Hætta
Hættu orsök:
Vegaframkvæmdir. Er á milli veglínu 2 og 3. 70 m frá miðri veglínu 2 og 100 m frá miðri veglínu 3.

**Staðhættir:**
Sunnanundir stóru holti milli Grámosahóla og Skarðshóla neðan vegar vestur af Haga og norður af Sauðanesi.

**Lýsing:**
Tóftin er 4,5 x 2 m og liggur na-sv. Gólf tóftarinnar er hellulagt með hleðslugrjóti, veggir eru úr torfi eða mold um 1 m breiðir og 10-50 sm háir umhverfis hleðsluna. Hugsanlegur inngangur er austast á suðaustur hliðinni. Á ská á móti, austan miðju á norðvestur hlið, er lítil ferhyrnt hola, 1 x 1 m og 20-30 sm djúp með hlöðnum hliðum, hlutverk þessarar holu er óljóst. Gróið er yfir hleðslurnar í gólfi tóftarinnar og veggir eru mosavaxnir.
**Aðrar upplýsingar:**
Líklega er þetta grunnur undan kofa sem hefur svo verið tekinn og fjarlægður með öllu og ekki víst að hleðslurnar séu mjög gamlar.

**Hólar 159498 21 - 3**
Hlutverk: Mógrafir
Tegund: Mótaka
Staðsetning: A 684916,54 N 426463,21
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegagerð, leið 1 liggur um svæðið

**Staðhættir**
Á grasi vaxinni hæð norðan vegar sem liggur frá jarðgöngum að vegamótunum við veginn til Hafnar. Í kverkinni norðan vegamótanna er dálítill gras- eða túnblettur. Austan þess eru klettar, svokallað Stóra Geithellahraun. Mikill gróður er á svæðinu og erfitt að greina hvort þar hafa verið einhverjar tóftir en greinilegar mógrafir eru þarna austast á svæðinu.

**Hólar 159498 21 – 4**

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Heimild

**Staðhættir**

Neðarlega í Grámosahólum, austast eru *Dilksnestættur*. Mótar þar fyrir gömlum kofum við hraunið (ÞJ: 1).

**Lýsing**

Umræddar tóftir fundust ekki á vettvangi.

**Aðrar upplýsingar**

Samkvæmt lýsingu í örnefnaskrá gætu þessar tóftir ef einhverjar leifar þeirra eru enn til staðar lent undir vegaframkvæmdum á leið 2 og 3. Það ber að ítreka að þótt minjar sjáist ekki á yfirborði þá geta þær leynst undir sverðinum og komið í ljós þegar farið er að hreifa við jarðvegi á svæðinu.

**Heimildir**

Örnefnaskrá fyrir Hóla, Þorleifur Jónsson.

# Dilksnes 159472 20

**Saga**

Dilksness er fyrst getið í heimildum árið 1522, en þá var jörðin ásamt öðrum jörðum Teits Þorleifssonar seld biskupi Augmundi.[133] Næst birtist hún 18 árum síðar í minnisgrein Gizurar biskups um pening Skálholtsstaðar á leigustöðum, þar voru í Dilksnesi skráð iiij leigukúgildi „ […] leiga jordu fyrer v kugilldi med tivndum.“[134] Jörðin kemur ekki aftur fyrir í heimildum fyrr en hún var skráð af Ísleifi Einarssyni fyrir Árna Magnússon og Pál Vídalín árið 1708-9 þar segir: „Dilknes. Dómkirkju jörð. vj hdr. Landsk. x aurar. Kúgildi. 3. Kvaðir eru skipsáróður við ósinn, hestlán og dagsláttur.“[135]

Nafn jarðarinn hefur verið ritað með ýmsum hætti í gegnum tíðina, algengustu rithættirnir eru *Dilksnes*[136] og *Dilknes*[137]. Í fyrstu rituðu heimildinni um jörðina árið 1522 er ritað *Dylksnes*. [138] Átján árum síðar er skrifað *Dilsnes.* [139] Í *Manntalinu 1703* er *Diksnes.* Samkvæmt sama manntali bjuggu 13 manns á jörðinni 1703.[140] Árið 1801 er jörðin skráð sem konungsjörð og þá með alls 12 manns í heimili.[141] Fimmtán árum síðar eru íbúarnir fimm[142] og árið 1845 eru þeir átta.[143] Samkvæmt *Manntalinu* 1910 eru skráð timburhús í Diknesi og þar orðið tvíbýli með 15 íbúum öðru megin en þremur hinum megin.[144]

Um dýrleika og landskuld jarðarinnar er fyrst getið í jarðabók frá 1697 þar er Dilksnes talið 11 hundruð að dýrleika, landskuld 60 álnir.[145] Í *Jarðabók* skráð af Ísleifi Einarssyni fyrir Árna Magnússon og Pál Vídalín árið 1708-9 er dýrleiki Dilksnes talin 6 hundruð. [146] „Í jarða- og bændatali frá 1753 er landverð talið 6 hundruð og landskuld 60.“[147] Þegar *Jarðatal á Íslandi* var skráð árið 1847 var dýrleiki Dilksnes 6, landskuld 0,60 og kúgildin tvö.[148] Neðanmáls er þess getið að: „Jörð þessi, sem stólsjarðabókin telur 12 $^{1}/_{3}$ h. að dýrleika, var 1838 seld, sem Bjarnaness

---

[133] *Diplomatarium Islandicum*. IX. 1909-13, bls. 93.
[134] *Diplomatarium Islandicum*. X. 1911-21, bls. 583-4.
[135] Jón Þorkelsson. 1918-20, bls. 20.
[136] *Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*. 1978, bls. 8-9.
[136]*Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974, bls. 104.
[136] *Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt*. 1982, bls. 9.
[136] *Manntal á Íslandi 1910*. 1994, bls. 56-57.
[136] *Fasteignabók.* 1932, bls. 105.
[136] http://www.fmr.is (27.06.2006).
[137] Johnsen, J. 1847, bls. 2.
[137] *Ný jarðabók fyrir Ísland*. 1861, bls. 4.
[137] Jón Þorkelsson. 1918-20, bls. 20.
[138] *Diplomatarium Islandicum*. IX. 1909-13, bls. 93.
[139] *Diplomatarium Islandicum*. X. 1911-21, bls. 583-4.
[140] *Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947, bls. 427.
[141] *Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*. 1978, bls. 8-9.
[142] *Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974, bls. 104.
[143] *Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt*. 1982, bls. 9.
[144] *Manntal á Íslandi 1910*. 1994, bls. 56-57.
[145] Bjarni Bjarnason. 1971, bls. 145.
[146] Jón Þorkelsson. 1918-20, bls. 20.
[147] Bjarni Bjarnason. 1971, bls. 145.
[148] Johnsen, J. 1847, bls. 2.

umboðsjörð.“[149] Í *Nýrri jarðabók fyrir Ísland* frá árinu 1861 segir að forn hundraðatala Dilksnes sé 6 en ný hundraðstala jarðanna sé 8.9 [150]

**Náttúrufar og jarðabætur**

„Jörðin Dilksnes liggur innst á nesinu milli Skarðsfjarðar að austan og Hornafjarðar að vestan. Ganga nes úr landinu beggja megin og víkur skerast inn í það. Land jarðarinnar er dálítið mishæðótt, hólar með mýrasundum á milli. Allt er landsvæði þetta mjög vel fallið til ræktunar, en þarf framræslu, sem nú er hafin. Þó Dilksnesland sé allvíðáttumikið á mælikvarða jarða í Nesjum, þá mun jörðin vera sú minnsta af hinum eldri í Útnesjum.“[151]

Mikið hefur verið ritað um land Dilksness í heimildum, um hlunnindi jarðarinnar árið 1708-9 segir í *Blöndu*: „Eingja ítak hefur jörðunni lagt verið frá Bjarnanesi. Skógar ítak á jörðin í Dals jörðu, sem heitir Dilkness-skógur; er ánægjanlegur til kolgerðar og eldingar.“[152] „Lúru- og silungaveiði hefur meira og minna verið stunduð þar alla tíð. Svo rak hvali oft í fjörunni hér áður fyrr, stundum árlega. Á jörðunni var alltaf nokkur mótekja.[153] Í *Fasteignabók* frá 1932 segir að hlunnindi Dilksness hafi verið dúnn hálft kíló, silungsveiði og skógarítak. [154] „Dúntekja var alltaf dálítil í eyjunum og gaf tekjur, en hefur sem víðar farið þverrandi á síðustu áratugum [1950-1960].“ [155]

Túnið í Dilksnesi var fyrrum allt þýft, um 1890 var byrjað að gera þaksléttur.[156] „Gamla túnið var ekki alveg samfellt og nokkuð mishæðótt. Mýri var á milli heimatúns og Kembu. Túnsléttum var haldið áfram á 20. öld og um 1920 er túnið talið vera 3,6 hektarar. Samkvæmt *Fasteignabók* frá 1932 er túnið talið 7,1 hektari. [157] Árið 1920 var stærð matjurtagarða 1200 $m^2$ að stærð[158] tólf árum síðar voru matjurtagarðarnir 1400 $m^2$.[159] Árið 1940 voru matjurtgarðarnir orðnir 3400 $m^2$ en þá voru tveir ábúendur í Dilksnesi. [160]

Í *Byggðasögur Austur-Skaftafellssýslu* kemur fram að árið 1870 hafi verið mjög lélegar byggingar á jörðinni og nýr ábúandi rifið bæinn og byggt nýjan.[161] „Nýi bærinn var þverhús, og var baðstofa austan meginn, en eldhús að vestan. Bæjardyr voru austasti hluti þverhússins, og voru þar tvær stofur undir lofti, en fjós undir hálfri baðstofu. Bygging þessi var öll undir torfþaki, en þil að framan. Á 9. tugi aldarinnar [19. aldar] var þessi bær rifinn og nýr byggður. Þar var kjallari undir. Eldavél kom fyrst í bæ þennan stuttu eftir að hann var byggður.“[162] Árið 1898 var nýr bær reistur í

[149] Johnsen, J. 1847, bls. 2.
[150] *Ný jarðabók fyrir Ísland*. 1861, bls. 4.
[151] Stefán Jónsson. 1971, bls. 143.
[152] Jón Þorkelsson. 1918-20, bls. 20.
[153] Bjarni Bjarnason. 1971, bls. 144.
[154] *Fasteignabók*. 1932, bls. 104.
[155] Bjarni Bjarnason. 1971, bls. 145.
[156] Bjarni Bjarnason. 1971, bls. 146.
[157] *Fasteignabók*. 1932, bls. 104.
[158] Bjarni Bjarnason. 1971, bls. 147.
[159] *Fasteignabók*. 1932, bls. 104.
[160] Bjarni Bjarnason. 1971, bls. 147.
[161] Bjarni Bjarnason. 1971, bls. 145.
[162] Bjarni Bjarnason. 1971, bls. 145-6

þriðja sinn. Bærinn var þrjú rennuhús með járnþaki. Þá var fjósið byggt við baðstofugaflinn. Bær þessi stóð til ársins 1927.[163]

## Heimildaskrá


Bjarni Bjarnason. 1971. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu.* 1. bindi. Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, Reykjavík.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* IX. bindi (1262-1536). 1909-1913. Gefið út af hinu íslenzka bókmenntafélagi, Reykjavík.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* X. bindi (1169-1542). 1911-1921. Gefið út af hinu íslenzka bókmenntafélagi, Reykjavík.

*Fasteignabók.* 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi.* J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Jón Þorkelsson. 1918-20. Jarðabók Ísleifs sýslumanns Einarssonar um Austur-Skaptafellsþing, er hann gerði 1708 og 1709 í umboði Árna Magnússonar. Blanda. Fróðleikur gamall og nýr. I. Bindi (bls. 1-38). Sögufélagið, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi árið 1703.* 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1801.. Suðuramt.* 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1816.* 1947-1974. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt.* 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1910. I Skaftafellssýslur.* 1994. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sáu um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

*Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861.* 1981. Jarðabókaútgáfan, Kaupmannahöfn.


[163] Bjarni Bjarnason. 1971, bls. 146.

## Fornleifaskrá

### Dilksnes 159472 20 - 2



**Mynd 21. Garður á Mígandanesi, horft til suðvesturs. Ljósm. GSS.**

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Garðlag
Staðsetning:
A 685128 N 425163
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök:
Vegaframkvæmdir. Er
um 30 m frá miðri veglínu 3.

**Staðhættir:**
Suður við Flóa austarlega í landi Dilksness ganga tvö nes suður í flóann (Skjólshólanes og Mígandanes) og liggur veglína 3 austan í Skjólshólanesi (vestara nesinu). Þar austan við er garður sem liggur þvert austur yfir Mígandanes.

**Lýsing:**
Garðurinn liggur frá Flóanum til aust-norðausturs um 30 m, og svo til vest-suðvesturs um 350 m þvert yfir Mígandanes. Hann er um 0,5-1 m hár og 1-2 m að breidd.

**Aðrar upplýsingar:**
„Austan við Skjólshóla er Skjólshólanes (64). Austan við hana er nes, Skjólshólanes (65). Nokkuð austar er nes, sem heitir Mígandanes (66) eftir læknum Míganda (67), sem fellur út í Mígandavík (68), er gengur milli landa Dilksness og Þinganess. Um aldamót byggði Björn Eymundsson frá Dilksnesi nýbýli á nesinu og kallaði Fossnes, og gengur það enn undir því nafni“ (ÖD: 1).

**Heimildir:**
Örnefnaskrá fyrir Dilksnes, Stefán Einarsson skráði. Heimildamaður: Jón Björnsson f. 1900.

### Dilksnes 159472 20 - 3

Hlutverk: Beitarhús
Tegund: Tóft
Staðsetning:
A 684678 N 425747
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegaframkvæmdir. Er
um 20 m frá miðju veglínu 2.

**Staðhættir:**
Fjárhústóft liggur í landi Dilksness um 150 m austan við



**Mynd 22. Tóftir beitarhúss frá 20. öld í landi Dilksness, horft til austurs. Ljósm. GSS.**

veginn suður að Höfn. Suðaustan undir Skjólshólum (nyrsta hólnum) í túni suðaustan við Hjarðarnes.

**Lýsing:**

Tóftin er 2,5 x 7 m nv-sa. veggir vel hlaðnir úr stóru grjóti, mesta hæð um 1,6 m og breidd um 1,5 m. Nokkuð hrunið úr miðjum vestur vegg og vestast úr austur vegg. Ekki sér móta fyrir garða né öðru inní tóftinni, en mikið drasli í henni, spýtnarusl dekk ofl. Dyr eru fyrir miðjum vegg að suðaustan um 1 m breiðar.

**Dilksnes 159472 20 - 4**

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Garðlag/skurður
Staðsetning: A 684080,88 N 425223,61
Ástand: Ágætt
Hættumat: Mikil hætta
Hættu orsök: Ábúð og vegaframkvæmdir.. Norðurendi garðsins er rétt vestan við núverandi veg suður að Höfn og tengileiðir við veglínu 2 færu þvert yfir hann.

**Staðhættir:**

Garður er á reitnum norðan við afleggjarann heim að Hafnarnesi og vestan við veginn að Höfn, milli Litlahóls og Breiðhóla.

**Lýsing:**

Garðurinn liggur í vestur um 50 sunnan við núverandi skurðenda norðaustast í reitnum norðan við Hafnarnes. Þaðan liggur hann um 30 í norðvestur og beygir svo til suðvesturs á tæplega 200 m kafla þá beygir hann til suðurs um tæplega 100 m og svo aftur til suðausturs um 90 m og endar í skurði vestan við veginn suður að Höfn. Garðurinn er ógreinilegur nyrst í reitnum en verður ljós um 50 m frá vegi. Mesta hæð garðsins frá botni skurðarins er um 1,5 m.

**Dilksnes 159472 20 - 5**



**Mynd 23, horft norður eftir garði vestan við veginn til Hafnar. Ljósm. GZ**

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Garðlag
Staðsetning:
A 684481,34 N 425701,65
Ástand: Ágætt
Hættumat: Mikil hætta
Hættu orsök: Ábúð og vegaframkvæmdir. Er í miðri veglínu 2.

**Staðhættir:**

Garður liggur í þýfðri mýri vestan við veginn suður að Höfn, beint suður af Hjarðarnesi.

**Lýsing:**

Garðurinn er um 40-50 sm hár að vestan en allt að 1 m að austan og rennur lækur meðfram honum á kafla.

**Aðrar upplýsingar:**

„Á árunum 1930-1940 var [...] hlaðinn garður með gaddavírsstöngum yfir alla leið vestan við þjóðveginn milli Hafnarnes- og Hólalanda". (BAS, I: 147)

**Heimildir:**

Bjarni Bjarnason. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* I. bindi. Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, Reykjavík, 1971.

**Dilksnes 159472 20 - 6**



**Mynd 24, horft suður eftir garði í landi Dilksness. Ljósm. GSS.**

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Garðlag
Staðsetning:
N-endi:
A 683587,98 N 425779,21
S-endi:
A 683523,88 N 425506,15
Ástand: Ágætt
Hættumat: Mikil hætta
Hættu orsök: Ábúð og vegaframkvæmdir. Suðurendi garðsins lendir í miðri veglínu 2.

**Staðhættir:**

„Fyrrum lá garður þvert yfir nesið nokkuð fyrir austan bæinn eða bæjarhólinn [á Dilksnesi]". (BAS, I: 146-7)

**Lýsing:**

Garðurinn er um 300 m langur og liggur í suð-suðvestur frá hólnum sunnan við gróðrarstöðina á Dilksnesi. Hann sést greinilega þar sem hann liggur í smá hlykkjum eftir mýrlendinu um 1 m breiður og 30-40 sm hár.

**Heimildir:**

Bjarni Bjarnason. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu* I. bindi. Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, Reykjavík, 1971.

# Árnanes 159454 22

**Saga**
Fyrstu heimildir um byggð í Árnanesi (áður Arnarnesi) eru í fornbréfasafni frá 1367[164] en þá er sögð hálfkirkja í Arnanesi og einnig árið 1397[165] og var kirkjunni þjónað frá Bjarnarnesi. Hálfkirkjunnar er getið í Gíslamáldaga frá 1576,[166] og árið 1583, einnig virðist hún vera til staðar árið 1592.[167]

Í Árnanesi hafa oftast verið tveir ábúendur og stundum fleiri. Jörðin mun lengi hafa verið í bændaeign, eða meginhluti hennar.[168] „Í Árnanesi munu fyrrum hafa búið efnaðir bændur, þótt misjafnt hafi það verið eftir árferði og öðrum ástæðum.“[169] Kostir jarðarinnar hafa stuðlað að góðri afkomu Árnanesbænda.

Í *Manntali* frá 1703 eru skráðir 7 til heimilis á Arnanesi. Árið 1801 er jörðin orðin tvíbýli og á öðrum bænum eru fimm í heimili auk þjónustufólks og hinum sjö auk þjónustufólks alls 12 manns. Þá er fyrst skráð hjáleigan Ytri Borgir, með 3 til heimilis.[170] Árið 1816 er nafnið á Arnanesi orðið Árnanes, enn er tvíbýl á jörðinni og samtals 28 einstaklingar til heimilis á báðum býlunum. Ekki er minnst á hjáleiguna Ytri Borgir.[171] Árið 1845 eru íbúarnir samtals 31 á báðum býlunum.[172] Samkvæmt *Manntali 1910* búa þar um þrjátíu manns.[173]

Nafn jarðarinnar er ritað *Arnanes* til ársins 1870 en eftir það er það skráð *Árnanes*.[174] Samkvæmt söguritinu *Blöndu* hefur bærinn ranglaga verið kallaður Árnanes á síðari tímum og nafnið Arnanes talið eldra og réttara.[175]

Um dýrleika og landskuld jarðarinnar er fyrst getið í jarðabók frá 1697 þar er landskuld jarðarinnar 3 hundruð en ekkert sagt um dýrleikann.[176] Í *Jarðabók* skráð af Ísleifi Einarssyni árið 1708-9 er dýrleikinn talinn 30 hundruð og landskuld enn sú sama[177]. Í jarðabók frá 1753 og í *Jarðatal á Íslandi* frá 1847 er jörðin metin á 30 hundruð og landskuld $2,_{20.}$[178] Í *Nýrri jarðabók fyrir Ísland* frá árinu 1861 segir að ný hundraðatala hafi hækkað upp í 36,8 hundruð.[179]

**Náttúrufar og jarðabætur**

[164] *Diplomatarium Islandicum*. III. 1896, bls. 189.
[165] *Diplomatarium Islandicum* IV. 1897, bls. 242.
[166] *Diplomatarium Islandicum* XV. 1947-50, bls. 689.
[167] Jón Þorkelsson. 1921-23, bls. 249.
[168] Bjarni Bjarnason. 1971, bls. 159.
[169] Bjarni Bjarnason. 1971, bls. 165.
[170] *Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*. 1978, bls. 8.
[171] *Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974, bls. 105.
[172] *Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt*. 1982, bls. 8.
[173] *Manntal á Íslandi 1910*. 1994, bls. 52-4
[174] Bjarni Bjarnason. 1971, bls. 159.
[175] Jón Þorkelsson. 1921-23, bls. 249.
[176] Bjarni Bjarnason. 1971, bls. 162.
[177] Jón Þorkelsson. 1918-20, bls. 20.
[178] Johnsen, J. 1847, bls. 2.
[179] *Ný jarðabók fyrir Ísland*. 1861, bls. 4.

Árnanes hefur að öllu jöfnu verið talin ein af bestu jörðum í Nesjahreppi. Þar eru mikil og góð engjalönd.[180] „Land jarðarinnar er samfellt, víðáttumikið og mestallt gott til ræktunar.“[181] Undir stærsta hólnum á Árnanesi standa bæirnir allir í röð með stöfnum fram á hlaðið. Það mun vera stærsti samfelldi túnhóllinn í Nesjahreppi sem auðveldaði þar ræktun. Um aldamótin 1900 voru húsin í vestur- og austurbæ af líkri gerð. Bæirnir voru með fjós undir baðstofu og bæjardyr þar sem gengið var til baðstofu um göng.[182] „Úr bæjardyrum var einnig gangur til stofuhúss, sem var á báðum bæjum. Eldhús voru í bæjarröðinni, en ekki innangengt í þau.“[183] Vesturbærinn var rifinn rétt fyrir aldamótin 1900 og timburhús byggt á sama stað, það var hins vegar rifið 1921 og steinhús byggt. Austurbærinn var rifinn um aldamótin 1900, á sama stað var reist portbyggt þverhús með kjallara. Torf og grjótveggir voru á þrjá vegu, en að öðru leyti voru húsin með járnklæðningu. Sambyggður skúr var við norðurhlið bæjarins. Austurbærinn var rifin 1922 og steinbær byggður á sama stað. Beitarhús voru áður í miðju landi frá Vesturbæ og á Götuhóli og Brekkum frá Austurbæ.[184]

Túnin í Árnanesi muna hafa verið með stærra móti í Nesjahreppi, þau voru meira og minna þýfð en fyrsta túnsléttunin var gerð frá Vesturbæ árin 1905-6.[185] Um og eftir 1930 var fyrir alvöru hafist handa við sléttun túnanna. Árið 1920 var tún Vesturbæjar 7 ha, tuttugu árum síðar var það 7,50 og árið 1966 var það orðið 13,56. Austurtún var 4 ha árið 1920 og 4,50 ha tuttugu árum síðar en 12, 42 ha árið 1966.[186] „Matjurtagarðar voru framan við bæina fyrir og nokkru eftir aldamót [1900].“[187] Árið 1920 var matjurtagarður Vesturbær 1300 $m^2$. Árið 1940 eru þeir orðnir 3600 $m^2$ að stærð. Austurbæjar matjurtagarðarnir voru 700 $m^2$ árið 1920 en árið 1940 voru þeir orðnir 2000 $m^2$. [188]

Árnanes var fyrrum hlunnindajörð, í *Jarðabók* Ísleifs Einarssonar er skráð að Arnanes eigi sölvatekju nokkra í firðinum á Arnaness-skeri.[189] „Selstöðu sæmilega á jörðin í sínu landi, austan fram á Laxárdal.“[190] þar var mikil lúruveiði, silungur veiddist í laganet eða ádrátt, jafnframt var selur veiddur á næturnar. Fyrir aldamótin 1900 komu nokkrir steypireiðir á eyrarnar vestur af Rauðbergsey. Það kom einnig fyrir að hákarl veiddist í firðinum og þorskur kom árlega.[191] „Meðan æður var í eyjunni kom að jafnaði um ½ kg af dún á hvert býli. [...] Mótekja var í Árnaneslandi í mýrin sunnan þjóðvegar skammt frá brúnni á Laxá. Mórinn var ekki góður.“[192] Í *Fasteignabók* frá 1932 segir að hlunnindi Árnaness hafi verið silungsveiði og skógarítak. [193]

---

[180] Bjarni Bjarnason. 1971, bls. 161.
[181] Bjarni Bjarnason. 1971, bls. 159-160.
[182] Bjarni Bjarnason. 1971, bls. 160-163.
[183] Bjarni Bjarnason. 1971, bls. 163.
[184] Bjarni Bjarnason. 1971, bls. 163.
[185] Bjarni Bjarnason. 1971, bls. 163-4.
[186] Bjarni Bjarnason. 1971, bls. 164.
[187] Bjarni Bjarnason. 1971, bls. 164.
[188] Bjarni Bjarnason. 1971, bls. 164.
[189] Jón Þorkelsson. 1918-20, bls. 20.
[190] Jón Þorkelsson. 1918-20, bls. 20.
[191] Bjarni Bjarnason. 1971, bls. 119.
[192] Bjarni Bjarnason. 1971, bls. 162.
[193] *Fasteignabók.* 1932, bls. 104.

Um og eftir síðustu aldamót rann Laxá fyrir neðan meginbeitiland jarðarinnar og suðaustur í víkina norðvestan við Lækjarnes.[194] Í landi Árnaness er flugvöllurinn í Hornafirði.[195] Fyrr á öldum var býli austan Laxár í Árnaneslandi, er nefndist *Ytri-Borgir*. „Ytri-Borgir voru í ábúð fyrst er mann- og jarðartöl fóru fram hér á landi. Bærinn stóð á valllendishæð á austurbakka Laxár. Þar voru til skamms tíma beitarhús með túni umhverfis. [...]. Má líklega telja að býli þetta hafi sízt verið lakara en sumar jarðir í Bjarnaneshverfi voru fyrr á tímum.“[196] Í *Jarðabók* Ísleifs Einarssonar frá 1708-1709 er bænum lýst eftirfarandi:

„*Borgir eystri*, Hjáleiga frá Arnanesi, úr heimalandi. Dýrleiki óviss. Landsk. 80 áln.“[197] Í Jarðatali frá 1753 greinir ekki landskuld, en dýrleikinn er sagður vera 2 hundruð. Neðanmáls í *Jarðatali Johnsens* frá 1847 kemur fram að 1805 sé eyðihjáleigan, Borgir eystri, talin með Arnanesi. Jörðin er metin í dýrleika Arnaness til 5 hundruð og 38 álnir.[198] Á fyrsta tugi þessarar aldar var stofnsett nýbýli í *Lækjarnesi*. Er það nú komið í eyði og lagt undir Árnanes. Löngu síðar var reist nýbýlið *Akurnes* við Laxárbrú og síðar nýbýlin *Dýhóll* og *Seljavellir*, sem eru austur í hinu forna beitilandi.[199]

## Heimildaskrá


Bjarni Bjarnason. 1971. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu*. 1. bindi. Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, Reykjavík.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* III. bindi (1169-1542). 1947-1950. Gefið út af hinu íslenzka bókmenntafélagi, Reykjavík.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* IV. bindi (1169-1542). 1947-1950. Gefið út af hinu íslenzka bókmenntafélagi, Reykjavík.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* XV. bindi (1169-1542). 1947-1950. Gefið út af hinu íslenzka bókmenntafélagi, Reykjavík.

*Fasteignabók*. 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Jón Þorkelsson. 1918-20. Jarðabók Ísleifs sýslumanns Einarssonar um Austur-Skaptafellsþing, er hann gerði 1708 og 1709 í umboði Árna Magnússonar. Blanda. Fróðleikur gamall og nýr. I. Bindi (bls. 1-38). Sögufélagið, Reykjavík.

Jón Þorkelsson. 1921-1923. Kirkjustaðir í Austur-Skaptafellsþingi. *Blanda. Fróðleikur gamall og nýr. II. Bindi* (bls. 246-268). Sögufélagið, Reykjavík.


[194] Bjarni Bjarnason. 1971, bls. 160.
[195] Þorsteinn Jósepsson. 1984, bls. 52.
[196] Bjarni Bjarnason. 1971, bls. 168.
[197] Jón Þorkellson 1918-20, bls. 21.
[198] Johnsen, J. 1847, bls. 2.
[199] Árni Bjarnason. 1971, bls. 169.

*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1801.. Suðuramt.* 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1816.* 1947-1974. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt.* 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1910. I Skaftafellssýslur*. 1994. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sáu um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

*Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861*. 1981. Jarðabókaútgáfan, Kaupmannahöfn.

Þorsteinn Jósepsson og Steindór Steindórsson. 1984. *Landið þitt Ísland.* 1 bindi. Örn og Örlygur Hf., Reykjavík.

## Fornleifaskrá

**Árnanes 159459 22 - 2**

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Staðsetning:
A 683369 N 427826
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættu orsök: Ábúð og vegaframkvæmdir. Um 40 m frá miðri veglínu 1.




**Staðhættir:**
Tvær tóftir liggja um 50 norðaustan við ferðaþjónustuhúsin á Árnanesi 5, suðaustan undir litlu holti sem er austan við veginn heim að bænum.
**Lýsing:**
Syðri tóftin liggur na-sv og er 3 x 1,5 m að innanmáli með dyrum til norðausturs. Um 2 m hár klettaveggur myndar norðvesturvegg tóftarinnar en veggir eru torgreinilegir að suðaustan og suðvestan, um 10-20 sm háir og allt að 1,5 sm að breidd.
**Aðrar upplýsingar:**
Önnur ámóta tóft er norðan undir sama holti.

**Árnanes 159459 22 - 3**

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Staðsetning: A 683368 N 427817
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættu orsök: Ábúð og vegaframkvæmdir. Um 30 m frá miðri veglínu 1.

**Staðhættir:**
Tvær tóftir liggja um 50 norðaustan við ferðaþjónustuhúsin á Árnanesi 5 norðan undir litlu holti sem er austan við veginn heim að bænum.
**Lýsing:**
Nyrðri tóftin liggur nna-ssv og er um 1 x 2 m að innanmáli. Um 170 sm hár klettaveggur myndar suðvesturvegg tóftarinnar aðrir veggir eru lágir og útflattir, um 20-40 sm að hæð og um 1-1,5 m að breidd. Dyr virðast hafa verið á horni að suðaustan en þær gætu einnig hafa verið norðarlega á norðausturhlið.
**Aðrar upplýsingar:**
Önnur ámóta tóft er rétt sunnan við umrædda tóft undir klettavegg á sama holti.

**Árnanes 159459 22 - 4**



Mynd 25, garðlög norðaustan við ferðaþjónustuhús á Árnanesi 5. Ljósm. GSS.

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Garðlag
Staðsetning:
A 683384 N 427787
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættu orsök: Ábúð og vegaframkvæmdir. Um 60 m frá miðri veglínu 1.

**Staðhættir:**
Garðlag liggur norðaustan við ferðaþjónustuhúsin á Árnanesi 5.
**Lýsing:**
Garðurinn er um 30 m langur til norðausturs og beygir þá til norðvesturs og nær um 30 m upp svolitla brekku, örfáa metra suðvestan við holtið þar sem kofatóftirnar tvær eru. Á miðjum garðinum þar sem hann liggur til norðvesturs hefur verið lagður reiðvegur þvert í gegnum garðinn, um 2 m breiður.
**Aðrar upplýsingar:**
Hugsanlega er þessi garður leifar af girðingu umhverfis matjurtagarð.

**Árnanes 159459 22 - 5**
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Niðurgröftur
Staðsetning: A 683340,11 N 427785,64
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættu orsök: Ábúð og vegaframkvæmdir. Um 80 m frá miðri veglínu 1.

**Staðhættir:**
Um 5 m norðaustan við ferðaþjónustuhúsin á Árnanesi 5.
**Lýsing:**
Um 20-30 sm djúpur niðurgröftur, 8,5 x 4 m, liggur í na-sv.
**Aðrar upplýsingar:**
Hugsanlegar leifar matjurtagarðs.

**Árnanes 159454 22 - 6**
Sérheiti: Smalaskáli
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið

**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá fyrir Árnanes segir: „Upp af Borgar-Langhólum er **Móhóll** (119); kletthóllinn austur af Móhól heitir **Smalaskáli** (120).“ (ÖÁ: 3)
Mitt á milli bæjanna Borga og Árnaness 5, um 45 m vestan við veginn að flugvellinum (A 682845,41 N 428070,90).

**Lýsing:**

Engar tóftir voru greinilegar á hólnum en nafnið bendir til að þar hafi smalar hafst við.

**Heimildir**

Örnefnaskrá fyrir Árnanes, skráð af Stefáni Einarssyni, heimildamaður: Vilmundur Jónsson f. 1886.

**Árnanes 159454 22 - 7**

Sérheiti: Ytri-Borgir
Hlutverk: Bær
Tegund: Bæjarstæði
Staðsetning: A 682364,81 N 427837,75
Ástand:

**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá fyrir Árnanes segir: „**Ytri-Borgir** (113) eru við Laxá og liggja móti Borgum.“ (ÖÁ: 3)
Í Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu segir: “Ytri-Borgir voru í ábúð fyrst er mann- og jarðatöl fóru fram hér á landi. Bærinn stóð á valllendishæð á austurbakka Laxár. Þar voru til skamms tíma beitarhús með túni umhverfis” (BAS I, 168).

**Aðrar upplýsingar:**

Í manntali 1801 eru þrír búsettir í Ytri-Borgum (Manntal 1801, 8), en í jarðatali Johnsens 1847 eru Ytri-Borgir (þar kallaðar Eystri-Borgir) taldar með Árnanesi sem eyðihjáleiga (Jarðatal, 2).
Tóftir voru ekki rannsakaðar sérstaklega þar sem svæðið er það langt undan áætluðu vegstæði (165m), þessar minjar gætu þó verið í hættu ef vegleið 1 er færð meira en 50-60 m til suðurs. Lagt er til í skýrslunni að vegurinn sé færður suður á þessum kafla til að forðast að eyðileggja hugsanlegar minjar á bæjarhólnum á Borgum, hinumegin Laxár (sjá samantekt aftast í skýrslu).

**Heimildir**

Bjarni Bjarnason. 1971. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu*. 1. bindi.
Manntal á Íslandi 1801.
Jarðatal Johnsens1847.
Örnefnaskrá fyrir Árnanes, skráð af Stefáni Einarssyni, heimildamaður: Vilmundur Jónsson f. 1886.

**Árnanes 159454 22 - 8**

Sérheiti: Ytri-Borgir
Hlutverk: Beitarhús
Tegund: Tóftir
Staðsetning: A 682364,81 N 427837,75
Ástand:

**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá fyrir Árnanes segir: „**Ytri-Borgir** (113) eru við Laxá og liggja móti Borgum.“ (ÖÁ: 3)

Í Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu segir: “Ytri-Borgir voru í ábúð fyrst er mann- og jarðatöl fóru fram hér á landi. Bærinn stóð á valllendishæð á austurbakka Laxár. Þar voru til skamms tíma beitarhús með túni umhverfis” (BAS I, 168).

**Lýsing:**

Tóftir voru ekki rannsakaðar sérstaklega þar sem svæðið er það langt undan áætluðu vegstæði (165m), þessar minjar gætu þó verið í hættu ef vegleið 1 er færð meira en 50-60 m til suðurs. Lagt er til í skýrslunni að ef þessi veglína yrði valin væri æskilegt að vegurinn yrði færður suður á þessum kafla til að forðast að eyðileggja hugsanlegar minjar á bæjarhólnum á Borgum, hinumegin Laxár (sjá samantekt aftast í skýrslu).

**Aðrar upplýsingar**

Í manntali 1801 eru þrír búsettir í Ytri-Borgum (Manntal 1801, 8), en í jarðatali Johnsens 1847 eru Ytri-Borgir (þar kallaðar Eystri-Borgir) taldar með Árnanesi sem eyðihjáleiga (Jarðatal, 2).

**Heimildir**

Bjarni Bjarnason. 1971. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu*. 1. bindi.

Manntal á Íslandi 1801.

Jarðatal Johnsens1847.

Örnefnaskrá fyrir Árnanes, skráð af Stefáni Einarssyni, heimildamaður: Vilmundur Jónsson f. 1886.

# Þinganes 159524 18

**Saga**

Jörðin Þinganes birtist fyrst í rituðum heimildum árið 1522, en þá var hún ásamt öðrum jörðum Teits Þorleifssonar seld biskupi Augmundi.[200] Árið 1708-9 var jörðin svo skráð ásamt öðrum jörðum Austur-Skaptafellssýslu af Ísleifi Einarssyni fyrir jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Þegar *Jarðatal á Íslandi* var skráð árið 1847 var dýrleiki Þinganess metin 16 hundruð og landskuldin 1 hundrað.[201] Í *Nýrri jarðabók fyrir Ísland* frá árinu 1861 segir að forn hundraðatala jarðarinnar hafi verið 16 en sú nýja hafi verið 11,6 hundruð.[202]

Í *Frásögum um fornaldarleifar* frá 1817-1823 segir um Skeggey að þar sé heygður Skeggi, sem talinn er vera fyrrum ábúandi í Þinganesi, sé það rétt er þetta elsta heimild um ábúanda þar. Orðrétt segir: „Hier í Biarnarnessókn er ein Ey, köllud Skeggeij, sem liggur inn og austur af Hornafiardar Ós: - Þad eru munnmæli, ad fornmadr nockur, ad Nafni Skeggi, hafi þar verid heygdur, og med hönum mikil audæfi, hafi Skipi hans verid hvolft ofan yfir hann, og hlidinn so Haugur yfir, hvar þessi Skeggi bio er ej til greint, utan fá ummæli, ad hann búid hafi á Þínganesi, bæ þeim, sem liggur næst Eyunni, til að líta, sem Skip sie á Hvolfi í Eyunni.“[203]

Árið 1703 var þríbýli á Þinganesi og bjuggu þar samtals 15 manns.[204] Árið 1801 var þar tvíbýli þar sem samtals bjuggu 14 manns[205] og fimmtán árum síðar var þar enn tvíbýli en fólksfjöldinn kominn niður í 12 manns.[206] Árið 1845 var jörðin einbýli og bjuggu þá 15 manns á bænum. [207] Árið 1910 virðist jörðin aftur vera orðin þríbýli en þar bjuggu þá 21 manns.[208]

Jörðin Þinganes var seld Landnámi ríkisins 1947 og þar reist nýbýlahverfi með 5 lögbýlum.“[209]

Nafn Þinganess hefur ávalt verið ritað eins í heimildum utan við árið 1801, en þá var það skrifað Þynganes.[210] Um nafnið hafa fáir skrifað en Kålund sagði í bók sinni: „Norðvestar [en Höfn] við botn Skarðsfjarðar stendur bærinn Þinganes, sem vekur athygli með nafninu. Mætti því ætla að þar hefði verið gamall þingstaður, en hvorki fær það styrk af munnmælum né tóftum.“[211]

---

[200] *Diplomatarium Islandicum*. IX. 1909-1913, bls. 93.
[201] Johnsen, J. 1847, bls. 2.
[202] *Ný jarðabók fyrir Ísland*. 1861, bls. 4.
[203]*Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*. Fyrri hluti. 1983, bls. 81.
[204] *Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947, bls. 427.
[205] *Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*. 1978, bls. 9.
[206] *Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974, bls. 104.
[207] *Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt*. 1982, bls. 10.
[208] *Manntal á Íslandi 1910*. 1994, bls. 60-63.
[209] Torfi Þorsteinsson. 1980, bls. 68.
[210] *Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*. 1978, bls. 9.
[211] P. E. Kristian Kålund. 1986, bls. 58.

**Náttúrufar og jarðabætur**
Ýmis hlunnindi hefur jörðin haft í gegnum tíðina en árið 1708-9 voru hlunnindin skráð eggvarp, reki og skógarítak, [212] árið 1932 voru þau: dúnn, silungaveiði, reki og skógur.[213]

Lítið er til ritað um tún og matjurtagarða Þinganess en árið 1932 var túnið 5 ha og matjurtagarðar 1200m$^2$.[214]

Þinganes hefur jafnan verið talin hlunnindarík, stór og góð bújörð. Landið liggur upp af Skarðsfirði alla leið til fjalls, en mjókkar mjög, þegar austar dregur með fjöllunum að landamörkum Horns. Núverandi steinhús var byggt 1928-1930, rétt ofan við gamla bæjarstæðið.[215] „Fyrrum voru útihús úti um tún, eins og þá tíðkaðist, og beitarhús uppi undir fjöllum allt fram til um 1940. Snemma á ábúðartíma Gunnars Jónssonar færði hann nokkur útihús saman og byggði stórt og myndarlegt peningshús sunnan í hæðinni suður af bænum."[216]

**Heimildaskrá:**
Bjarni Bjarnason. 1971. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu*. 1. bindi. Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, Reykjavík.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* IX. bindi (1262-1536). 1909-1913. Gefið út af hinu íslenzka bókmenntafélagi, Reykjavík.

*Fasteignabók*. 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

*Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*. 1983. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Jón Þorkelsson. 1918-20. Jarðabók Ísleifs sýslumanns Einarssonar um Austur-Skaptafellsþing, er hann gerði 1708 og 1709 í umboði Árna Magnússonar. Blanda. Fróðleikur gamall og nýr. I. Bindi (bls. 1-38). Sögufélagið, Reykjavík.

Kålund, P. E. Kristian. 1986. *Íslenzkir sögustaðir IV. Austfirðingafjórðungur*. Haraldur Matthíasson þýddi. Bókaútgáfan Örn og Örlygur Hf., Reykjavík.

*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1801.. Suðuramt*. 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

---
[212] Jón Þorkelsson. 1918-20, bls. 19.
[213] *Fasteignabók*. 1932, bls. 104.
[214] *Fasteignabók*. 1932, bls. 104.
[215] Svæðisskráning, bls. 4-7.
[216] Bjarni Bjarnason. 1971, bls. 133-43.

*Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt.* 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1910. I Skaftafellssýslur.* 1994. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sáu um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

*Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861.* 1981. Jarðabókaútgáfan, Kaupmannahöfn.

Torfi Þorsteinsson. 1980. *Töfrar liðins tíma. Frásöguþættir frá liðinni tíð í Austur-Skaftafellssýslu.* Setberg, Reykjavík.

## Fornleifaskrá



**Mynd 26, horft til suðausturs yfir fjárhústóft, bærinn Dynjandi í baksýn. Ljósm. GZ.**

### (Dynjandi) Þinganes 159475 18 - 4

Tegund: Tóft
Hlutverk: Fjárhús
Staðsetning:
A 688080,89 N 427293,49
Ástand: Ágætt
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegaframkvæmdir. Er skammt vestan við áætlaða malarnámu.




**Staðhættir**

Í núverandi landi Dynjanda (áður land Þinganess) um 300 m norðvestur af bæjarhúsunum uppi við fjallsræturnar (vestan við stóra skriðu sem kölluð er Stórahlaup) eru leifar grjóthlaðinnar réttar eða fjárhúss. (sbr. Örnefnakort SS).

**Lýsing**

Réttin hefur verið hlaðin úr torfi og stórgrýti en þó er eingöngu grjót í innveggjum. Hleðslan er mjög hrunin en stendur þó enn í meira en metra hæð. Erfitt er að greina veggjaþykkt vegna hruns. Tóftin er um 7 x 6 m að innanmáli og er smá gangur eða framlenging á henni til suðurs um 4 x 3 m að innanmáli og hefur hlið eða þil verið þar

á til suðurs. Ekki hafa verið hlaðnir veggir sem skipt hafa tóftinni niður en vera kann að hún hafi verið þiljuð með timbri. Engin merki eru um timbur í tóftinni. Niðurgröftur er í norðausturhorni tóftarinnar.

**Heimildir**

Örnefnakort unnið af Sigurgeiri Skúlasyni 1994, heimildamenn hans: Snorri Sigurjónsson Meðalfelli, Skúli Jónsson Árnanesi og Þorleifur Hjaltason Hólum.

## Hafnarnes 159558 19

**Saga**

Samkvæmt *Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu* eru elstu heimildir um jörðina frá 14. öld.[217] Næst birtist Hafnarnes í heimildum árið 1522, en þá var jörðin ásamt öðrum jörðum Teits Þorleifssonar seld biskupi Augmundi.[218] Næst birtist hún 18 árum síðar í minnisgrein Gizurar biskups um pening Skálholtsstaðar á leigustöðum, þar voru í Hafnarnesi skráð iiij leigukúgildi „ […] leiga jordu fyrer hundrad og tijunder ad auk.“[219] Hafnarnes er því næst nefnd í jarðaskiptabréfi frá 3. júlí 1556.[220] Aftur virðist jörðin ekki koma fyrir í heimildum fyrr en jörðin var skráð, ásamt öðrum jörðum í Austur-Skaftafellssýslu, af Ísleifi Einarssyni fyrir Árna Magnússon og Pál Vídalín árið 1708-9. Texti þessi birtist í *Blöndu* en þar segir um Hafnarnes: „Hafnarnes. Dómkirkju jörð. xij hdr. Landsk. 1 hdr. Kúg. 3. Kvaðir eru hestlán, skipsáróður, dagsláttur. Eingar kvaðir af öllum þar búendum. Reka von lítil innan fjarðar við sjálfrar hennar land. Skógar ítak á jörðin í Dals landi, þar sem heitir Hafnanesskógur. Skógur, hagbeit geldnautum á vetur í Dilknesslandi og skógarhögg á 5 hesta í Dilksness skógi.“[221] Um dýrleika og landverð jarðarinnar hefur verið ritað í nokkrum heimildum. Árið 1753 var landverðið 12 hundruð, landskuldin 1 hundruð og kúgildin 2.[222] Árið 1847 var enga breytingu að sjá, þar segir þó að í *Stólsjarðabókinni* sé jörðin sögð 25 hundruð að dýrleika.[223] Árið 1861 var ný jarðatala Hafnarness 18,1 hundruð.[224]

Í *Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu* er lítillega fjallað um fyrri ábúendur Hafnarness en þar segir að jafnan hafi þar búið vel stæðir bændur, og oftast hafi ábúendurnir verið tveir talsins[225] annar á austur- en hinn á vesturbæ.[226]

Árið 1703 bjuggu á Hafnarnesi 11 manns og sennilega var jörðin þá tvíbýli. [227] Í *Jarða- og bændatali* frá árinu 1753 voru ábúendur jarðarinnar tveir en ekkert segir nánar um mannfjöldann sem þar bjó.[228] Árið 1801 var jörðin enn tvíbýl og þar bjuggu alls 12 manns,[229] fimmtán árum síðar bjuggu þar 11 manns en þá virðist jörðin vera einbýli. [230] Árið 1845 var jörðin aftur tvíbýli og þar bjuggu alls 20 manns[231] og tveimur árum síðar var hún enn tvíbýli.[232] Í dag (2006) eru skráð á Hafnarnesi samtals 3 íbúðir en til eru Hafnarnes, Hafnarnes I og Hafnarnes II, engin hús eru skráð á Hafnarnes.[233] Öll eru hús þessi byggð árið 1962 þannig að húsið sem á jörðinni stóð

---

[217] Bjarni Bjarnason. 1976, bls. 158.
[218] *Diplomatarium Islandicum*. IX. 1909-13, bls. 93.
[219] *Diplomatarium Islandicum*. X. 1911-21, bls. 583-4.
[220] *Diplomatarium Islandicum*. XIII. 1933-39, bls. 138-9.
[221] Jón Þorkelsson. 1918-20, bls. 19-20.
[222] Bjarni Bjarnason. 1976, bls. 155.
[223] Johnsen, J. 1847, bls. 2.
[224] *Ný jarðabók fyrir Ísland*. 1861, bls. 4.
[225] Bjarni Bjarnason. 1976, bls. 155.
[226] *Fasteignabók*. 1932, bls. 104.
[227] *Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947, bls. 427.
[228] Bjarni Bjarnason. 1976, bls. 155.
[229] *Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*. 1978, bls. 9.
[230] *Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974, bls. 104.
[231] *Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt*. 1982, bls. 9-10.
[232] Johnsen, J. 1847, bls. 2.
[233] http://www.Fmr.is (26.05.2006)

árið 1910 stendur ekki enn í dag, það hús var járnvarinn torfbær með timburvegg mót suðri.[234] Lýsingin sem hér fer á eftir á sennilega við um þann bæ er stóð á Hafnarnesi árið 1910: „Árið 1885 var gamli bærinn rifinn, fluttur og endurbyggður á hæð nokkru vestar, framan í hól sem er á Línnesi áðurnefndu, þar sem hann stendur nú. Engin lýsing er til af gamla bænum. Hinn endurbyggði bær var tvö þverhús í tóft á þrjá vegu með járnþaki. Þau voru portbyggð. Renna var á milli, og munu þau ekki hafa verið byggð samtímis. Stofa og eldhús voru á aðalhæð í syðra húsinu, en fjós undir palli í því nyrðra. Járnskúr var vestan við þessi hús.“[235]

Í *Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu* segir að jörðin hafi, í elstu heimildum, verið í eign einstakra manna sem þó höfðu þar ekki búsetu, og þannig hafi það haldist til siðaskipta.[236] Árið 1910 var jörðin í eign Landssjóðs[237] og árið 1976 var jörðin komin í eign ríkisjóðs.[238]

Nafn Hafnarness hefur ávalt verið það sama frá því jörðin birtist fyrst í heimildum, eini breytileikinn er að nafnið er ýmist ritað Hafnarnes eða Hafnanes. Engin regla virðist vera þar á og ekki virðist önnur útgáfan vera eldri en hin heldur birtast þær í heimildum handahófskennt.

Bænhús virðist hafa verið í Hafnarnesi til forna en þó eru ekki til nákvæmar heimildir þess efnis. Um bænhúsið segir Jón Þorkelsson í *Blöndu*: „Saungur var þaðan [frá Bjarnanesi] á hálfkirkjuna á Horni og hálfkirkjuna í Arnarnesi, einnig á eitt bænhús, sem líklega hefir verið í Hafnanesi, og þangað lá bænhússkyld frá Skógey.“[239] „Í Hafnanesi. Er alllíklegt, að svo hafi verið, þó að þess finnist ekki getið í gömlum gögnum. Enn segir Bergur prófastur, að bænhús hafi átt að vera.[240] Þrátt fyrir að heimildir segi fremur lítið um bænhús þetta þá lifir vitneskjan hjá ábúendum enn. „Neðst í Gamlabæjarhólnum var staður, nefndur Hringur, geysilega stórt hringmyndað tóttarbrot, talið var að þar væri bænhús.“[241] Nánar um tóft þessa segir í *Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu*: „ […] til þessa tíma [hafa] geymzt munnmæli um, að bænhús hafi verið þarna. Þessu til sönnunar ber að geta þess, að fram á þessa öld hafa sézt rústir í suður frá gamla bænum, þar sem bænhúsið átti að hafa staðið. Þarna var stór hringlaga tóft, sem nefnd var bænhústóft eða hringur. Í brekkunni upp af þessum rústum var stórþýfi. Eitt sinn er tekið var fyrir húsi á þessum stað, var komið niður á fjalir. Hætt var þá allri mannvirkjagerð, því að víst þótti, að þarna hefði verið grafreitur. Í suðaustur frá bænum var allstórt völvuleiði. Allar þessar rústir voru sléttaðar á þriðja tugi þessarar aldar.“[242]

### Náttúrufar og jarðabætur

Mikið hefur verið ritað um jörðu Hafnarness í heimildum, um hlunnindi jarðarinnar árið 1708-9 segir í *Blöndu*: „Reka von lítil innan fjarðar við sjálfrar hennar land. Skógar ítak á jörðin í Dals landi, þar sem heitir Hafnanesskógur. Skógur, hagbeit

[234] *Manntal á Íslandi 1910*. 1994, bls. 56-59.
[235] Bjarni Bjarnason. 1976, bls. 157.
[236] Bjarni Bjarnason. 1976, bls. 158.
[237] *Manntal á Íslandi 1910*. 1994, bls. 56-59.
[238] Bjarni Bjarnason. 1976, bls. 158.
[239] Jón Þorkelsson. 1921-1923, bls. 248.
[240] Jón Þorkelsson. 1921-1923, bls. 250.
[241] Stefán Einarsson. 1885, bls. 1.
[242] Bjarni Bjarnason. 1976, bls. 156.

geldnautum á vetur í Dilknesslandi og skógarhögg á 5 hesta í Dilksness skógi.[243] Hlunnindi eru aftur talinn upp meira en öld síðar eða árið 1847 þá voru þau dúnn, silungsveiði og skógarítak. [244] Um hlunnindin segir nánar í *Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu*: „Mikil hlunnindi fylgdu Hafnarnesi. Æðarvarp var mikið í eyjunum. Skal í því sambandi nefna, að árið 1910 taldist vera í þeim 1400 hreiður. Á seinni árum hefir varpið farið þverrandi. Auk þess veiddist í firðinum gnægð af silungi og lúru, einnig var þar fyrrum fiskreki. Veiðisvæðin, sem fylgt höfðu jörðinni frá fornu fari, eru óskipt milli núverandi býlis og kauptúnsins. Selveiði var nokkur innan landamerkja jarðarinnar, sbr. örnefnið Krókalátursey.“[245]

Um stærð túns og matjurtagarða jarðarinnar er ekki fjallað mikið um í heimildum en árið 1847 voru tún austur- og vesturbæjar jafnstór en bæði voru 3 ha, á hvorum helmingi voru jafnframt 900 $m^2$ matjurtagarðar.[246] Árið 1920 var tún Hafnarness 3,7 ha og matjurtagarðar 1510 fermetrar, árið 1940 var túnið orðið 9 ha og matjurtagarðar orðnir 24000 fermetrar, stærðin óx áfram og árið 1960 var túnið 26 ha og matjurtagarðar orðnir 40000 fermetrar.[247]

Í *Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu* er túni Hafnarness lýst: „Gamla túnið í Hafnarnesi var ekki samfellt. Heimatúnið var í tvennu lagi. … Mýrarstykki skildi á milli, sem venjulega var nytjað sem engjaland. Gamalt garðbrot sýnir, að heimatúnið hefir verið girt. Liggur sá garður úr víkinni austur af elzta bænum, norðvestur yfir áðurnefnda mýri, milli túnhlutanna, í víkina fyrir norðan Línnes, er nefnist Slembra. Að öðru leyti er fjörðurinn næg varzla. Auk þess var allstórt tún við beitarhúsin á Hríshól. Mestur hluti alls túnsins var þýfður. Í smáum stíl var farið að slétta túnið á fyrsta tugi þessarar aldur, með þakasléttuaðferðinni. Sáðslétta var gerð í Línnesi, vestur af bænum, árið 1906. Um 1930 hófu þeir bræður Ófeigur og Sigjón jarðarbætur í stærri stíl með rótherfingu. … Á síðustu árum hafa núverandi ábúendur fært út túnið í stórum stíl með sáðsléttum.“[248]

Jörðin Hafnarnes er í sveitinni Nes sem dregur nafn sitt af fjórum nesjum, yst er Dilksnes, svo Hafnarnes, Þinganes og innst Arnarnes.[249] Um landamörk jarðarinnar er skrifað í *Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu* en þar segir að Hafnarnes hafi áður tilheyrt Nesjahreppi en Hafnarhreppur hafi verið stofnaður árið 1946 og hafi Hafnarnes verið eina bújörðin í þeim hreppi. Landamörkin urðu, við skiptin, hreppamörk Nesja- og Hafnarhreppa.[250] Í sömu bók segir nánar: „ […] landamörk jarðarinnar Hafnarnes [eru] skráð við jarðirnar Horn, Þinganes, Dilksnes og Árnanes. … Við [] skipti milli kauptúnsins og heimajarðarinnar árið 1928 voru landamörk þar ákveðin úr Fjárhúsvík í Skarðsfirði vestur yfir landið í sund milli Réttarkletta, sem eru norðan í Stekkatúnshól, þaðan í Hornafjörðinn vestur í hreppmörk, - allt bein lína. Að sjálfsögðu gilda hin fornu landamörk milli nærliggjandi jarða, síðar hreppamörk, fyrir núverandi býli, norðan greindrar línu milli landa þess og kauptúnsins.“[251]

243 Jón Þorkelsson. 1918-20, bls. 19-20.
244 *Fasteignabók.* 1932, bls. 104.
245 Bjarni Bjarnason. 1976, bls. 153-5.
246 *Fasteignabók.* 1932, bls. 104.
247 Bjarni Bjarnason. 1976, bls. 158.
248 Bjarni Bjarnason. 1976, bls. 157.
249 *Austurland. Safn austfirzkra fræða.* 1948, bls. 58.
250 Bjarni Bjarnason. 1976, bls. 153.
251 Bjarni Bjarnason. 1976, bls. 153-5.

Nánar er fjallað um jörðina í sömu bók: „Land jarðarinnar er mjög vogskorið með mörgum nesjum og töngum. Yzt er Langhólanes í landinu fyrir sunnan Stekkakeldu, en Stekkanes og Línnes fyrir norðan hana. Allt land jarðarinnar er samfellt, þó slitnar það nærri sundur við Stekkakeldu. Meginhluti landsins er þar suður af. Það er mjög gott til ræktunar. Þjóðvegurinn til Hafnarkauptúns klýfur landið nær miðju sunnan við Stekkakeldu, en ofan hennar austan vegar er mjó landræma að firðinum til landamerkja Dilksness. Þar er nú tún. Í landinu sunnan Stekkakeldu skiptast á mýrar og valllendi. Samfelldast er valllendi vestan vegar, en í austurhlutanum standa hér og þar klappir upp úr hæðunum. Fyrir skiptin fylgdu allri jörðinni 42 eyjar og hólmar. … Eftir skiptin fékk núverandi býli 18 litlar eyjar og hólma. … Allar þessar eyjar eru vestur í firði. Lítil engjalönd fylgdu jörðinni. Heyjað var í Silfurnesi og Langhólum, sem nú fylgir Hafnarkauptúni. Allmikil taða fékkst í eyjunum og mest í Álaugarey. Meginhluti heyfengsins var fenginn að láni, fyrst í Skógey og síðar á Árnanesvöllum og Bjarnanessandi. En það bætti verulega úr engjaleysinu, að útbeit var þar mjög góð, enda mikið nytjuð fyrrum. … Einnig voru sumar eyjarnar nytjaðar til beitar.“ [252]„Mótekja var allgóð víða í landinu. Örnefni benda til þess, svo sem Móhóll, sem nú er í Hafnarkauptúni. Upprekstur átti jörðin í landi Þórisdals í Lóni. … Hafnarnes var talið ein af beztu jörðum í Nesjahreppi. … Allt land núverandi býlis er girt. Hefir verið unnið að því á síðustu árum.“[253]

**Heimildaskrá:**


Bjarni Bjarnason. 1971. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu*. 1. bindi. Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, Reykjavík.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* IX. bindi (1262-1536). 1909-1913. Gefið út af hinu íslenzka bókmenntafélagi, Reykjavík.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* X. bindi (1169-1542). 1911-1921. Gefið út af hinu íslenzka bókmenntafélagi, Reykjavík.

*Fasteignabók*. 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Jón Þorkelsson. 1918-20. Jarðabók Ísleifs sýslumanns Einarssonar um Austur-Skaptafellsþing, er hann gerði 1708 og 1709 í umboði Árna Magnússonar. Blanda. Fróðleikur gamall og nýr. I. Bindi (bls. 1-38). Sögufélagið, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1801.. Suðuramt*. 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.


[252] Bjarni Bjarnason. 1976, bls. 153-5.
[253] Bjarni Bjarnason. 1976, bls. 155.

*Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt.* 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1910. I Skaftafellssýslur*. 1994. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sáu um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

*Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861*. 1981. Jarðabókaútgáfan, Kaupmannahöfn.

Stefán Jónsson. 1971. Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu, I. bindi. Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, Reykjavík.

**Fornleifaskrá**

**Hafnarnes 159558 19 - 2**



**Mynd 27, horft til vesturs yfir gamla bæjarhólinn á Hafnarnesi. Ljósm. GZ.**

Sérheiti: Hafnarnes
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Bæjarhóll
Staðsetning:
A: 683890,284 N: 425072,217
Ástand: Slæmt
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð, vegaframkvæmdir. Syðsti hluti bæjarhólsins er um 110 m frá miðri veglínu 3.

**Staðhættir**

Í Byggðasögu Austur-Skafta-fellssýslu segir svo: „Gamli bærinn í Hafnarnesi stóð svo lengi sem vitað verður austan undir allvíðáttumiklum túnhól, sem rís einstakur upp af flatlendi skammt suður frá landamörkum Hafnarness- og Dilksnessjarða. Bærinn stóð í halla niður við mýri eða fit, sem er upp af vík, er liggur inn í landið vestan úr firði“ (BAS: 156).
Í örnefnaskrá segir: „Austast í túni er mýri, sem heitir Bæjarskömm. Fyrir austan hana er hóll, sem heitir Gamlibær og vesturhluti hans Vesturkinn, norðurhluti Tóarhali. Framan undir þeim hól stóð gamli bærinn“ (ÖH).

**Lýsing**

Dálítil hólmyndan er enn greinileg austan undir klettaholti norðan ofannefndrar víkur og má þar greina einhverjar mishæðir en ekki er hægt að sjá þar greinilegar tóftaleifar þar sem að sléttað hefur verið algerlega úr bæjarhólnum og umhverfi hans. Austan og sunnan bæjarhólsins er mýri og eyrar innan víkurinnar. Þó svo að búið sé að slétta allar minjarnar á yfirborði má reikna með að óhreyfð mannvistarlög sé að finna neðanjarðar.

**Aðrar upplýsingar**

„Árið 1885 var gamli bærinn rifinn, fluttur og endurbyggður á hæð nokkru vestar, framan í hól sem er á Línnesi áðurnefndu, þar sem hann stendur nú. Engin lýsing er til á gamla bænum“ (BAS: 157).

**Heimildir**

Bjarni Bjarnason, Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu III.
Örnefnaskrá Hafnarness. Stefán Einarsson skráði, heimildamenn: Jón Ófeigsson, f 1918 og Ófeigur Jónsson, f. 1883. Örnefnastofnun Íslands.

**Heimildamaður**: Björn G. Arnarson, safnstjóri Byggðasafns Austur-Skaftafellssýslu.

**Hafnarnes 159558 19 - 3**



**Mynd 28, horft af gamla bæjarhólnu á Hafnarnesi til austurs.**

Hlutverk: Bænhús
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið

**Staðhættir**

„Í sóknarlýsingu Bjarnanes-sóknar frá 1873 getur séra Bergur Jónsson þess meðal annars, að bænhús „hafi átt að vera" í Hafnarnesi. Dr. Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður telur „alllíklegt að svo hafi verið, þó þess finnist ekki getið í gömlum gögnum" (sjá Blöndu 2. árg. bls. 250). En hvað sem um það er, þá hafa til þessa tíma geymzt munnmæli um, að bænhús hafi verið þarna. Þessu til sönnunar ber að geta þess, að fram á þessa öld hafa sézt rústir í suður frá gamla bænum, þar sem bænhúsið átti að hafa staðið. Þarna var stór hringlaga tóft, sem nefnd var bænhústóft eða Hringur. Í brekkunni upp af þessum rústum var stórþýfi. Eitt sinn er tekið var fyrir húsi á þessum stað, var komið niður á fjalir. Hætt var þá allri mannvirkjagerð, því að víst þótti, að þarna hefði verið grafreitur" (BAS III: 156). Í örnefnaskrá segir: „Neðst í Gamlabæjarhólnum var staður, nefndur Hringur, geysilega stórt hringmyndað tóttarbrot, talið var að þar væri bænhús" (ÖH: 1).

**Lýsing**

Engar minjar sjást nú lengur um þessa tóft þar sem að gamli bæjarhóllinn og næsta nágrenni hans hafa verið sléttuð. Þó svo að búið sé að slétta allar minjarnar á yfirborði má reikna með að óhreyfð mannvistarlög sé að finna neðanjarðar (A: 683884,125 N: 425045,119)

**Heimildir**

Bjarni Bjarnason, Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu III.
Örnefnaskrá Hafnarness. Stefán Einarsson skráði, heimildamenn: Jón Ófeigsson, f 1918 og Ófeigur Jónsson, f. 1883. Örnefnastofnun Íslands.

**Hafnarnes 159558 19 - 4**

Sérheiti: Völvuleiði
Hlutverk: Leiði
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið

**Staðhættir**

"Suðaustur úr Gamlabæjarhólnum var upphlaðið Völvuleiði. Gæfumerki var að hlaða það upp" (ÖH: 1). Völvuleiðið var sléttað á fyrri hluta tuttugustu aldar. (BAS III: 156).

**Lýsing**

Engar menjar er nú að finna um leiðið enda hefur gamli bæjarhóllinn og næsta nágrenni hans verið sléttað við túnagerð.

**Heimildir**

Örnefnaskrá Hafnarness. Stefán Einarsson skráði, heimildamenn: Jón Ófeigsson, f 1918 og Ófeigur Jónsson, f. 1883. Örnefnastofnun Íslands.

Bjarni Bjarnason, Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu III.

**Heimildamaður**: Björn G. Arnarson, safnstjóri Byggðasafns Austur-Skaftafellssýslu.

**Hafnarnes 159558 19 - 5**



**Mynd 29, horft til vesturs yfir rétt í landi Hafnarness. Ljósm. GZ.**

Hlutverk: Rétt
Tegund: Garðlag
Staðsetning:
A 684141,95 N 424954,23
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð og vegaframkvæmdir. Er um 12 m frá miðri veglínu 3.

**Staðhættir**

Um 50 m austur af þjóðveginum til Hafnar um 250 ssa af gamla bæjarhólnum á Hafnarnesi er hóll og klettur (Markúsarklettur). Austan undir honum er réttartóft.

**Lýsing**

Réttin liggur upp við hól og liggur vestur langveggur tóftarinnar yfir hólinn austanverðan. Nyrsti hluti vestari langveggjar er hinsvegar uppi við smá klettabelti austast í hólnum. Réttin er 54 x 13 m að innanmáli og skiptist í tvennt. Nyrðra hólfið er stærra um 31 x 13 m að innanmáli. Hlið virðist hafa verið á norðurhólfinu við norðvestur horn uppi við klettinn. Hlið er á milli hólfanna. Syðra hólfið er um 20 x 14 m að innanmáli og hefur hlið verið á því við suðausturhorn. Hleðslan stendur ágætlega er um 1 m þar sem hún er hæst og um metri á þykkt. Hún er vel gróin en rof er í hana á nokkrum stöðum og í hana hafa verið reknir girðingastaurar. Tómstundabúskapur er stundaður á svæðinu og fjárhúskofi sem enn er í notkun stendur uppi við austurhlið réttarinnar.

**Heimildamaður**: Björn G. Arnarson, safnvörður Byggðasafns Austur-Skaftafells-sýslu.

**Hafnarnes 159558 19 – 6**

Hlutverk: Kofi
Tegund: Tóft
Staðsetning: A 684139,10  N 425006,21
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð og vegaframkvæmdir. Er um 75 m frá miðri veglínu 3.

**Staðhættir**

Um 50m austur af þjóðveginum til Hafnar um 250 ssa af gamla bæjarhólnum á Hafnarnesi er hóll. Við norðvestur hlið hólsins er smátóft.

**Lýsing**

Tóftin er 4 x 1,5 m að innanmáli og liggur nálega n-s. Veggjalög eru mjög gróin og engar dyr sjást á henni. Veggurinn er um 80 sm að breidd og um 30 sm á hæð.



# Samantekt

Alls voru skráðar fornleifar á 12 jörðum í tengslum við væntanlega veglagningu í Hornafirði.

Eins og töflurnar hér að neðan sýna þá eru 76 fornleifar á þeim 12 jörðum sem þrjú umrædd vegstæði liggja um. Á leið 1 er að finna alls 41 skráðan minjastað í mögulegri hættu á þremur jörðum. Á leið 2 eru jarðirnar sjö og minjarnar 28. Á leið 3 (eins og hún er sýnd í gögnum frá vegagerðinni, þ.e. einungis á Nesjum frá Skógey að Haga) eru jarðirnar þrjár og minjar 4. Hér er gert ráð fyrir að ef leið 3 yrði fyrir valinu verði farin hluti leiðar 2 yfir Mýrarnar, þá eru jarðirnar sjö og minjar í mögulegri hættu alls 25.

Þar sem veglínur liggja í og við tún er að vænta flestra fornleifa. Þar er m.a. um að ræða bæjarhóla, grafreiti, ummerki um jarðrækt, útihús og túngarða. Samkvæmt yfirlitsmynd Vegagerðarinnar af væntanlegu áhrifasvæði vegalínanna munu þær liggja yfir eða nærri túnum á Holtum (Tjörn), Borgum og Hafnarnesi. Þar sem veglínurnar liggja utan túna má helst reikna með að fornleifarnar sem þær kunna að hafa áhrif á séu stekkir, sel, afbýli, beitarhús garðlög og minjar um sjósókn.

**Tafla 1, alls voru skráðar 76 minjar, sem skiptast þannig eftir leiðum:**

| | Staðsett | Úr heimildum | Alls |
|---|---|---|---|
| **Leið 1** | 13 | 28 | 41 |
| **Leið 2** | 26 | 2 | 28 |
| **Leið 3** | 4 | 0 | 4 |
| **Alls:** | **42** | **30** | **73** |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Leið 3* | 24 | 1 | 24 |

*Á korti frá Vegagarðinni er leið 3 aðeins sýnd austan Hornafjarðarfljóts (á Nesjum) en látin tengjast leið 2 vestast á Skógey. Hér er því reiknað með að ef leið 3 verði fyrir valinu verði vegurinn lagður eftir leið 2 vestan Hornafjarðarfljóts (á Mýrum), en fari svo umrædda leið 3 þegar komið er austur fyrir Vopnafjarðarfljót.

| | Staðsett | Úr heimildum | Alls |
|---|---|---|---|
| **Tengileiðir** | 1 | | 1 |
| **Malartaka** | 2 | 0 | 2 |
| **Alls:** | **3** | 0 | **3** |

**Fjöldi skráðra minja alls:** **76**

**Fjöldi staðsettra minja alls:** **45**

Minjar sem fundust við vettvangsskráningu eru flestar á leið 2 eða 26, á leið 1 eru þær 13 og 4 á leið 3 um Nes. Verði leið 3 hins vegar fyrir valinu mun hún liggja yfir Mýrar líka og þar sem veglína 2 er sýnd (sjá yfirlitskort aftast í skýrslu) að þeirri leið meðtalinni eru hnitsettar minjar á leið 3 orðnar 24.

Aftar í kaflanum fylgja listar yfir þær fornleifar sem fundust við vettvangsskráningu og eru í eða mjög nærri mögulegum framkvæmdasvæðum. Listi fyri minjarnar eru í töflum 2-5 og er skipt niður á einstakar veglínur. Einnig er gerð tillaga að mótvægisaðgerðum og verndun minjanna.

## Minjar í og við framkvæmdasvæði – mótvægisaðgerðir

Við margar af þeim minjum sem hér eru skráðar er nægilegt að sérstaklega sé tekið tillit til þeirra við skipulagningu framkvæmdasvæða, vega til og frá efnistökusvæðum o.s.frv. Sumar minjanna í nágrenni eða jaðri framkvæmdasvæða þyrfti að merkja til að komast hjá því að þær verði fyrir skemmdum vegna umferðar stórvirkra vinnuvéla. Sumar minjanna eru hins vegar í eða við veglínu og koma til með að vera í beinni hættu vegna framkvæmdanna. Allar framkvæmdir sem kunna að valda skaða á minjum ber að tilkynna til Fornleifaverndar ríkisins sem tekur ákvarðanir um mótvægisaðgerðir og veitir ef við á leyfi til að fjarlægja eða hylja minjar skv. 10. gr. Þjóðminjalaga nr. 107, 2001.

Helstu mótvægisaðgerðir eru:

- Að hnika til veglínu þar sem það er mögulegt eða fýsilegt með tilliti til kostnaðarauka.
- Heildaruppgröftur og/eða uppmæling fornleifa áður en vegur er lagður.
- Könnunarskurður og nákvæm uppmæling til að kanna aldur og gerð minjanna sem svo yrðu fjarlægðar eða huldar með leyfi Fornleifaverndar.
- Minjar fjarlægðar eða huldar með leyfi Fornleifaverndar án frekari fornleifarannsókna.
- Framkvæmdaeftirlit þar sem fornleifafræðingur fylgist með framkvæmdum á viðkvæmum svæðum þar sem fornleifar kunna að vera í hættu.

Hér á eftir fylgja tillögur að mótvægisaðgerðum fyrir einstakar minjar á eða við áætluð framkvæmdasvæði í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á Hringvegi við Hornafjarðarfljót. Hafa ber í huga að hér er einungis um tillögur að ræða. Fornleifavernd ríkisins ákvarðar nánar til hvaða aðgerða verður gripið til verndar minjum og einnig hvaða skilyrðum leyfi til að hylja eða fjarlægja minjar eru háð.

Minjar sem merktar eru með gulu liggja í eða innan við 20 m frá framkvæmdasvæðum en minjar merktar með grænu eru í á milli 20 og 50 m fjarlægð, loks eru þær minjar sem falla utan við 50 m frá miðlínu vegar ólitaðar. Hér skal tekið fram að allar tölur um fjarlægðir miðast við upplýsingar um legu framkvæmdasvæða á kortum frá Vegagerðinni. Gefin er upp fjarlægð minjanna frá miðlínum áætlaðra veglína annarsvegar og útjaðri efnistökusvæða hins vegar.[*] Minjar eru sagðar í veglínu ef einhver hluti þeirra er innan 5 m frá miðlínu áætlaðs vegstæðis.

[*] Venja er að gefa upp fjarlægð frá útlínum vega, skeringa, fyllinga, fláa og efnistökusvæða, en þar sem þessar upplýsingar liggja ekki að öllu leyti fyrir þegar skýrslan er gefin út er þessi leið farin.

## Minjar á leið 1

| Leið 1 | Hnitsettar minjar | | Fjarlægð frá miðlínu áætlaðs vegstæðis | Mynd aftast í skýrslu |
|---|---|---|---|---|
| | Minjar | Tegund | | |
| | Holtar 182099 46 - 1 | Bæjarhóll | 50m | 4 |
| | Holtar 182099 46 - 2 | Kirkja* | 160m | 4 |
| | Holtar 182099 46 - 3 | Kirkjugarður* | 160m | 4 |
| | Borgir 159468 24 - 1 | Bæjarhóll | Í veglínu | 6 |
| | Borgir 159468 24 - 2 | Grafreitur | 65m | 6 |
| | Borgir 159468 24 - 3 | Garðlag | Í veglínu | 6 |
| | Árnanes 159454 22 - 2 | Tóft | 40m | 7 |
| | Árnanes 159454 22 - 3 | Tóft | 30m | 7 |
| | Árnanes 159459 22 - 4 | Garðlag | 60m | 7 |
| | Árnanes 159459 22 - 5 | Niðurgröftur | 80m | 7 |
| | Árnanes 159454 22 - 7 | Bæjarstæði | 165m | 6 |
| | Árnanes 159454 22 - 8 | Tóftir | 165m | 6 |
| | Hólar 159498 21 - 3 | Mógrafir | Í veglínu | |

*Kirkja og kirkjugaður eru nokkuð utan áætlaðrar veglínu en tilheyra bæjarhólnum í Holtum.

**Tafla 2, Staðsettar minjar á leið 1. Minjar merktar með gulu eru í eða innan 20 m frá framkvæmdasvæði, en minjar merktar með grænu eru í 20 til 50 m fjarlægð, ólitaðar minjar eru í meira en 50 m fjarlægð.**

Alls voru skráðar upp úr heimildum 41 fornleif á leið 1, þar af voru 13 sem fundust á vettvangi eða hægt var að staðsetja nákvæmlega með hjálp heimilda eða heimilda-manna. Af þessum 13 eru 3 í veglínu og aðrar 3 innan 50 metra.

- **Holtar 182099 46 – 1** Bæjarhóll. Bæjarhóllinn á Holtum (suður af Tjörn) liggur um 50 sunnan áætlaðs vegar. Búið er að slétta úr bæjarhólnum sjálfum en þar er að vænta fornleifa undir sverðinum, girða þarf hólinn af eða merkja með öðrum áberandi hætti til að forða honum frá skemmdum vegna veglagningar eða umferðar um svæðið.
  ***Mótvægisaðgerðir:*** Ef hreyfa á við jarðvegi í eða við hólinn er rétt að það sé gert undir eftirliti fornleifafræðings.
- **Borgir 159468 24 – 1** Bæjarhóll, fyrirhugaður vegur fer yfir suðurhluta gamla heimatúnsins og bæjarhólinn á Borgum. Búið er að slétta úr bæjarhólnum en tóftadældir eru víða í túninu og benda til byggingaleifa undir yfirborðinu.
  Á svæðinu stóðu áður, auk bæjarins sjálfs, sáðgarðar og fjöldi útihúsa. Þarna er því að vænta mikils fjölda minja undir yfirborði og æskilegast að veglínan yrði færð um 50-70 m til suðurs ef það reynist mögulegt. Sé farið lengra til suðurs þarf að kanna betur hugsanlegar minjar austan Laxár, þ.e. Ytri-Borgir (**Árnanes 159454 22 – 7**) og nágrenni þeirra. Ytri-Borgir sem eru í landi Árnaness eru um 165 m frá miðlínu áætlaðs vegar í suð-suðaustur frá bæjarhjólnum.
  ***Mótvægisaðgerðir:*** Ef ekki er hægt að hnika veglínunni til gæti þarf samráð við Fornleifavernd ríkisins um áframhaldandi framkvæmdir. Þá verður líklega gerð krafa um gerð könnunarskurða á svæðinu og hugsanlega uppgraftar í framhaldinu með tilheyrandi kostnaði og töfum við vegaframkvæmdirnar.

- **Borgir 159468 24 – 3** túngarðurinn umhverfis heimatúnið á Borgum lendir í veglínunni og þyrfti að færa veginn um 60 m til suðurs til að sneiða hjá honum.
  ***Mótvægisaðgerðir:*** Ef sýnt þykir að garðurinn fari undir framkvæmdir þarf að sækja um leyfi til Fornleifaverndar til að fjarlægja hann eða hylja.
- **Árnanes 159454 22 – 3** liggur um 30 m sunnan við veglínuna í skjóli undir kletti og **Árnanes 159454 22 – 2** þar sunnan við í um 40 m fjarlægð frá miðlínu áætlaðs vegar. Enn sunnar eru svo minjar **Árnanes 159454 22 – 4 og 5** í 60 og 80 m fjarlægð.
  ***Mótvægisaðgerðir:*** Engin þessara minja ætti að vera í mikilli hættu vegna framkvæmda, engu að síður þarf að girða tóftirnar af eða merkja með öðrum áberandi hætti til að forða þeim frá skemmdum vegna veglagningar eða umferðar um svæðið.
- **Hólar 159498 21 – 3** mógrafirnar eru í miðri veglínu. Ef sýnt þykir að veglínu verði ekki hnikað til þarf að sækja um leyfi til Fornleifaverndar til að hylja þær eða fjarlægja.

Helsta hættan á þessari leið er við bæjarhólinn á Borgum sem er í miðri veglínu. Ef ekki er hægt að hnika veglínunni til þarf samráð við fornleifavernd um áframhaldandi framkvæmdir. Þá verður líklega gerð krafa um gerð könnunarskurða á svæðinu og hugsanlega uppgraftar í framhaldinu með tilheyrandi kostnaði og töfum við vegaframkvæmdirnar. Annað hættusvæði er við bæjarhólinn í Holtum (sunnan við bæinn Tjörn) en þar liggur veglínan um 50 norðan við bæjarhólinn. Það ætti þó að vera hægt að komast hjá skemmdum á honum með góðum merkingum og varlegri umferð um svæðið. Hafa þarf sérstaka gát við framkvæmdir í túninu sunnan Tjarnar þar sem vegurinn liggur um sléttað tún og túnhóla. Engar minjar eru sýnilegar á yfirborði en þær kann þó að vera finna neðanjarðar.

**Minjar á leið 2**

| Leið 2 | Hnitsettar minjar | | Fjarlægð frá miðlínu áætlaðs vegstæðis | Mynd aftast í skýrslu |
|---|---|---|---|---|
| | Minjar | Tegund | | |
| | Lambleiksstaðir 160100 52 - 2 | Garðlag | Í veglínu | 1 |
| | Lambleiksstaðir 160100 52 - 3 | Óþekkt | Í veglínu | 1 |
| | Brunnhóll 169989 51 - 3 | Áveitugarður | Í veglínu | 2 |
| | Einholt 160082 48 - 2 | Nátthagi | Í veglínu | 3 |
| | Einholt 160082 48 - 3 | Beitarhúsatóft | 50m | 3 |
| | Einholt 160082 48 - 4 | Rétt | 5m | 3 |
| | Einholt 160082 48 - 5 | Kofatóft | Í veglínu | 3 |
| | Einholt 160082 48 - 6 | Kofatóft | 10m | 3 |
| | Einholt 160082 48 - 7 | Kofatóft | 3m | 3 |
| | Einholt 160082 48 - 8 | Kofatóft | 45m | 3 |
| | Einholt 160082 48 - 9 | Skurður | Í veglínu | 3 |
| | Einholt 160082 48 - 10 | Óþekkt | 85m | 3 |
| | Einholt 160082 48 - 11 | Mógrafir | Í veglínu | 2 |
| | Einholt 160082 48 - 12 | Fjárhústóft | Í veglínu | 2 |
| | Hamrar 160090 49 - 2 | Beitarhúsatóft | 80m | 3 |
| | Hamrar 160090 49 - 3 | Heystæði | 17m | 3 |
| | Hamrar 160090 49 - 4 | Heystæði | 11m | 3 |
| | Hamrar 160090 49 - 5 | Gata | Í veglínu | 3 |
| | Hamrar 160090 49 - 6 | Áveitugarður | 55m | 3 |
| | Borgir 159468 24 - 5 | Garðlag | Í veglínu | 5 |
| | Borgir 159468 24 - 6 | Hlaða/rétt | 90m | 5 |
| | Dilksnes 159472 20 - 3 | Beitarhúsatóft | 20m | 8 og 10 |
| | Dilksnes 159472 20 - 5 | Garðlag | Í veglínu | 8 |
| | Dilksnes 159472 20 - 6 | Garðlag | Í veglínu | 8 |
| | Hólar 159498 21 - 2 | Tóft/grunnur | 70m | 10 |
| **Tengileið** | **Tengileið vestan við veginn heim að Höfn ofan við Hafnarnes.** | | | |
| | Dilksnes 159472 20 - 4 | Garðlag/skurður | Í veglínu | 8 og 9 |

**Tafla 3, staðsettar minjar á leið 2. Minjar merktar með gulu eru í eða innan 20 m frá framkvæmdasvæði, en minjar merktar með grænu eru í 20 til 50 m fjarlægð, ólitaðar minjar eru í meira en 50 m fjarlægð.**

Á leið 2 voru skráðar á vettvangi alls 26 minjar og þar af 15 sem liggja í veglínunni. Alls eru 3 minjar í 5-20m fjarlægð frá veginum og tvær minjar í 20-50m fjarlægð.

- **Lambleiksstaðir 160100 52 – 2** Garðlag, e.t.v. undan girðingu. ***Mótvægisaðgerðir:*** Aldur og notkun garðsins er óviss. Hann liggur í veglínu, og ef sýnt þykir að henni verði ekki hnikað til þarf að sækja um leyfi til Fornleifaverndar til að fjarlægja garðinn.
- **Lambleiksstaðir 160100 52 – 3** óþekkt hringlaga myndun er í veglínu. Líklega um að ræða minjar frá línulagningu eða öðrum 20. aldar framkvæmdum. Myndunin telst því ekki til fornleifa skv. skilningi laganna.
- **Brunnhóll 169989 51 - 3** Áveitugarður. Garðurinn liggur að hluta til eftir áætlaðri veglínu á um 100 m kafla norðan við núverandi veg heim að Einholti,

þar sem hann liggur austur-vestur við Stóra-krók. Hlutar garðsins eru einnig inná áhrifasvæðinu norðan og sunnan við veglínuna (sjá kort 2).

***Mótvægisaðgerðir:*** Ef sýnt þykir að fjarlægja eða hylja þurfi garðinn vegna vegagerðar ber að hafa samband við Fornleifavernd ríkisins.

- **Einholt 160082 48 – 2 til 12.** Tóftir beitarhúsa og nátthaga frá Einholti. Húsin voru í notkun fram á 20. öld en óvíst er hversu gamlar minjarnar eru að stofni til. Færa þyrfti veglínuna um 70 m til suðurs ef sleppa ætti við allar tóftir, garða á þessu svæði (**Einholt 160082 48 – 2, 3, 4, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12)** og rúma 100 m ef sleppa ætti við skurði líka (**Einholt 160082 48 – 5)**. Minjarnar sem hyrfu að hluta eða öllu leyti eru: **Einholt 160082 48 – 2** nátthagi (garðlag) liggur í miðri veglínu**; Einholt 160082 48 – 4** rétt í um 5 m fjarlægð frá miðlínu áætlaðs vegar**; Einholt 160082 48 – 5** kofatóft í veglínu; **Einholt 160082 48 – 6** kofatóft í um 10 m fjarlægð; **Einholt 160082 48 – 7** kofatóft sem er í um 3 m fjarlægð; **Einholt 160082 48 – 9** skurður í miðri veglínu; **Einholt 160082 48 – 11,** mögulegar mógrafir í veglínu; **Einholt 160082 48 – 12** svæði sem merkt er sem Þóreyjartóft á örnefnakorti en engar minjar fundust þar.

  ***Mótvægisaðgerðir:*** Besti kosturinn væri ef hægt yrði að hnika veglínunni til suðurs en sé sýnt að slíkt sé ekki mögulegt þarf að sækja um leyfi til Fornleifaverndar til að hylja eða fjarljægja hluta þessara minja. Áður en hægt væri að fjarlægja umræddar minjar má búast við að krafa yrði gerð um nánari rannsókn þeirra, s.s. gerð könnunarskurða og hugsanlega uppgraftar í framhaldinu. Aðrar minjar ættu að sleppa ef þær eru girtar af eða merktar á annan áberandi hátt, það er: **Einholt 160082 48 – 3** beitarhúsatóft í um 50 m fjarlægð frá miðlínu áætlaðs vegstæðis og **Einholt 160082 48 – 10** útihúsatóft einhverskonar í 85 m fjarlægð.
- **Hamrar 160090 49 – 3** Heystæði, er í 17 m fjarlægð frá miðlínu áætlaðs vegar og **Hamrar 160090 49 – 4,** einnig heystæði, er í 11 m fjarlægð.

  ***Mótvægisaðgerðir:*** Vegna nálægðar við veglínu gætu tóftirnar lent undir vegafræmkvæmdum og þyrfti þá leyfi Fornleifaverndar til að fjarlægja þær eða hylja. Að öðrum kosti þyrfti að girða þær af eða merkja með áberandi hætti svo þær verði ekki fyrir skemmdum af völdum veglagningar eða umferðar um svæðið.
- **Hamrar 160090 49 – 5** Gata eða leið, lendir í áætluðu vegstæði. Sækja þarf um leyfi til Fornleifaverndar til að hylja eða fjarlægja götuna.
- Á Skógey liggur áætlað vegstæði yfir garðlag vestan Rofa-tjarnar: **Borgir 159468 24 – 5.** Ef sýnt er að vegi verður ekki hnikað til, þarf að sækja um leyfi til Fornleifaverndar til að hylja eða fjarlægja garðinn.
- **Borgir 159468 24 – 6** leifar gamallar réttar í Skógey eru í um 90m fjarlægð frá miðlínu vegstæðisins og því líklega ekki í hættu vegna framkvæmdanna. Þó væri æskilegt að merkja þessa tóft til að tryggja að hún yrði ekki fyrir skemmdum af völdum umferðar um svæðið.
- **Dilksnes 159472 20 – 3** Beitarhúsatóft er undir svokölluðum Skjólshólum um 20 m norðan við miðlínu vegar. Tóftin er vel greinileg enda líklega um 20. aldar minjar að ræða. Tillit þarf að taka til hennar svo hún verði ekki fyrir skemmdum vegna veglagningar eða umferðar um svæðið.
- **Dilksnes 159472 20 – 5** Garðlag, etv. undan girðingu, í miðri áætlaðri veglínu vestan við veginn suður að Höfn. Sækja þarf um leyfi til Fornleifaverndar ef sýnt þykir að vegurinn fari þarna um og hylja þurfi eða fjarlægja garðinn.

- **Dilksnes 159472 20 – 6** syðsti hluti garðlags í mýri sunnan Dilksness lendir í áætlaðri veglínu. Ef sýnt þykir að vegurinn fari þarna um, þá þarf að sækja um leyfi til Fornleifaverndar til að hylja eða fjarlægja garðinn.
- **Hólar 159498 21 – 2** kofagrunnur er í um 70 m fjarlægð frá miðlínu vegar og því líklega ekki í hættu. Aldur þessa grunns er óviss og líklega er þarna um 20. aldar minjar að ræða.
- **Dilksnes 159472 20 – 4** garðlag og skurður með fram honum lenda í áætlaðri tengileið við veglínu 2, vestan við veginn heim að Höfn, ofan við Hafnarnes. ***Mótvægisaðgerðir:*** Ef umrædd tengileið verður lögð þarf leyfi Fornleifaverndar til að hylja minjarnar eða fjarlægja þær.

## Minjar á leið 3

| Leið 3 | Nes - Hnitsettar minjar | | Fjarlægð frá miðlínu áætlaðs vegstæðis | Mynd aftast í skýrslu |
|---|---|---|---|---|
| | Minjar | Tegund | | |
| | Borgir 159468 24 - 5 | Garðlag | Í veglínu | 5 |
| | Borgir 159468 24 - 6 | Rétt/hlaða? | 90m | 5 |
| | Hafnarnes 159558 19-5 | Rétt | 12m | 9 |
| | Dilksnes 159472 20 - 2 | Garðlag | 30m | 8 |
| | Nes og Mýrar - Hnitsettar minjar | | | |
| | Minjar | Tegund | | |
| | Lambleiksstaðir 160100 52 - 2 | Garðlag | Í veglínu | 1 |
| | Lambleiksstaðir 160100 52 - 3 | Óþekkt | Í veglínu | 1 |
| | Brunnhóll 169989 51 - 3 | Áveitugarður | Í veglínu | 2 |
| | Einholt 160082 48 - 2 | Nátthagi | Í veglínu | 3 |
| | Einholt 160082 48 - 3 | Beitarhúsatóft | 50m | 3 |
| | Einholt 160082 48 - 4 | Rétt | Í veglínu | 3 |
| | Einholt 160082 48 - 5 | Kofatóft | Í veglínu | 3 |
| | Einholt 160082 48 - 6 | Kofatóft | 10m | 3 |
| | Einholt 160082 48 - 7 | Kofatóft | Í veglínu | 3 |
| | Einholt 160082 48 - 8 | Kofatóft | 45m | 3 |
| | Einholt 160082 48 - 9 | Skurður | Í veglínu | 3 |
| | Einholt 160082 48 - 10 | Óþekkt | 85m | 3 |
| | Einholt 160082 48 - 11 | Mógrafir | Í veglínu | 2 |
| | Einholt 160082 48 - 12 | Fjárhústóft | Í veglínu | 2 |
| | Hamrar 160090 49 - 2 | Beitarhúsatóft | 80m | 3 |
| | Hamrar 160090 49 - 3 | Heystæði | Í veglínu | 3 |
| | Hamrar 160090 49 - 4 | Heystæði | Í veglínu | 3 |
| | Hamrar 160090 49 - 5 | Gata | Í veglínu | 3 |
| | Hamrar 160090 49 - 6 | Áveitugarður | 55m | 3 |
| | Borgir 159468 24 - 5 | Garðlag | Í veglínu | 5 |
| | Borgir 159468 24 - 6 | Hlaða | 90m | 5 |

**Tafla 4, staðsettar minjar á leið 3. Minjar merktar með gulu eru í eða innan 20 m frá framkvæmdasvæði, en minjar merktar með grænu eru í 20 til 50 m fjarlægð, ólitaðar minjar eru í meira en 50 m fjarlægð.**

Á leið 3 um Nes með leið 2 um Mýrar eru alls 25 minjar, þar af 15 sem lenda í veglínunni og 2 sem liggja innan 20m frá veglínunni.

- Á Skógey liggur áætlað vegstæði yfir garðlag vestan Rofa-tjarnar: **Borgir 159468 24 – 5.** Til að hylja eða fjarlægja hluta garðsins þarf að sækja um leyfi til Fornleifaverndar.
- **Borgir 159468 24 – 6** leifar gamallar réttar á Skógey, í um 90 m fjarlægð frá miðlínu vegstæðisins og því líklega ekki í hættu vegna framkvæmdanna. Þó væri æskilegt að merkja þessa tóft til að tryggja að hún yrði ekki fyrir skemmdum af völdum umferðar um svæðið.

- **Hafnarnes 159558 19 – 5** Rétt um 12 m norðan við miðlínu áætlaðs vegar. Réttin er í töluverðri hættu þótt ekki sé víst að hún hverfi undir veginn. Hana þarf að girða af eða merkja með öðrum áberandi hætti svo hún verði ekki fyrir skemmdum af völdum veglagningar eða umferðar um svæðið. Ef sýnt er að hún lendi undir veginum eða henni þurfi að raska með einhverjum hætti þarf að sækja um leyfi til þess hjá Forleifavernd.
- **Dilksnes 159472 20 – 2** Garðlag liggur þvert yfir Mígandanes og er um 30 m suðaustan við miðlínu áætlaðs vegar. Garðurinn ætti því að sleppa en æskilegt er að merkja hann vel svo hann verði ekki fyrir skemmdum af völdum vegaframkvæmda eða umferð um svæðið.

Leið 3 eins og hún er sýnd í gögnum frá Vegagerðinni er öll austan Hornafjarðarfljóts og nær frá Skógey að vestan yfir í land Hóla að austan. Á þeirri leið eru aðeins 4 skráðar minjar og þrjár þeirra í hættu. Tveir garðar og ein rétt, sé ekki hægt að hnika vegleiðinni til að sneiða hjá þessum minjum, er líklegt að hylja megi eða fjarlægja þessar minjar að fengnu leyfi Fornleifaverndar. Sé hins vegar gert ráð fyrir að leið 3 verði valin þá liggi hún í veglínu leiðar 2, vestan Hornafjarðarfljóts. Bætast þá eftirtaldar minjar við:

- **Lambleiksstaðir 160100 52 – 2** Garðlag. Er í veglínu, ef sýnt þykir að veglínu verði ekki hnikað til þarf að sækja um leyfi til Fornleifaverndar til að fjarlægja garðinn.
- **Lambleiksstaðir 160100 52 – 3** óþekkt hringlaga myndun er í veglínu. Líklega er um að ræða minjar um 20. aldar framkvæmdir s.s. línulögn. Myndunin telst því ekki fornleifar skv. skilningi laganna.
- **Brunnhóll 169989 51 - 3** Áveitugarður. Garðurinn liggur að hluta til eftir áætlaðri veglínu á um 100 m kafla norðan við núverandi veg heim að Einholti, þar sem hann liggur austur-vestur við Stóra-krók. Hlutar garðsins eru einnig inná áhrifasvæðinu norðan og sunnan við veglínuna (sjá kort 2).
  ***Mótvægisaðgerðir:*** Ef sýnt þykir að fjarlægja eða hylja þurfi garðinn vegna vegagerðarinnar ber að hafa samband við Fornleifavernd ríkisins.
- **Einholt 160082 48 – 2 til 12.** Tóftir beitarhúsa og nátthaga frá Einholti. Húsin voru í notkun fram á 20. öldina en óvíst er hversu gamlar minjarnar eru að stofni til. Færa þyrfti veglínuna um 70 m til suðurs ef sleppa ætti við allar tóftir, garða á þessu svæði (**Einholt 160082 48 – 2, 3, 4, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12)** og rúma 100 m ef sleppa ætti við skurði líka (**Einholt 160082 48 – 5)**. Minjarnar sem hyrfu að hluta eða öllu leyti eru: **Einholt 160082 48 – 2** nátthagi í miðri veglínu**; Einholt 160082 48 – 4** rétt í um 5 m fjarlægð frá miðlínu áætlaðs vegar**; Einholt 160082 48 – 5** kofatóft í veglínu; **Einholt 160082 48 – 6** kofatóft í um 10 m fjarlægð; **Einholt 160082 48 – 7** kofatóft sem er í um 3 m fjarlægð; **Einholt 160082 48 – 9** skurður í miðri veglínu; **Einholt 160082 48 – 11,** mögulegar mógrafir í veglínu; **Einholt 160082 48 – 12** svæði sem merkt er sem Þóreyjartóft á örnefnakorti en engar minjar fundust þar.
- ***Mótvægisaðgerðir:*** Besti kosturinn væri ef hægt yrði að hnika veglínunni til suðurs en sé sýnt að slíkt sé ekki mögulegt þarf að sækja um leyfi til Fornleifaverndar til að hylja eða fjarljægja hluta þessara minja. Áður en hægt væri að fjarlægja umræddar minjar má búast við að krafa yrði gerð um nánari rannsókn þeirra, s.s. gerð könnunarskurða og hugsanlega uppgraftar í

framhaldinu. Aðrar minjar ættu að sleppa ef þær eru girtar af eða merktar á annan áberandi hátt, það er: **Einholt 160082 48 – 3** beitarhúsatóft í um 50 m fjarlægð frá miðlínu áætlaðs vegstæðis og **Einholt 160082 48 – 10** einhverskonar útihúsatóft í 85 m fjarlægð.

- **Hamrar 160090 49 – 3** Heystæði, er í 17 m fjarlægð frá miðlínu áætlaðs vegar og **Hamrar 160090 49 – 4**, einnig heystæði er í 11 m fjarlægð. ***Mótvægisaðgerðir:*** Báðar minjarnar gætu lent undir vegafræmkvæmdum og þyrfti þá leyfi Fornleifaverndar til að fjarlægja þær eða hylja. Að öðrum kosti þyrfti að girða þær af eða merkja með áberandi hætti svo þær verði ekki fyrir skemmdum af völdum veglagningar eða umferðar um svæðið.
- **Hamrar 160090 49 – 5** Gata eða leið, lendir í áætluðu vegstæði. Ef sýnt er að vegi verður ekki hnikað til suðurs, þarf að sækja um leyfi til Fornleifaverndar til að hylja eða fjarlægja götuna.
- Á Skógey liggur áætlað vegstæði yfir garðlag vestan Rofa-tjarnar: **Borgir 159468 24 – 5.** Ef sýnt er að vegi verður ekki hnikað til, þarf að sækja um leyfi til Fornleifaverndar til að hylja eða fjarlægja garðinn.
- **Borgir 159468 24 – 6** leifar gamallar réttar á Skógey, í um 90 m fjarlægð frá miðlínu vegstæðisins og því líklega ekki í hættu vegna framkvæmdanna. ***Mótvægisaðgerðir:*** Þó væri æskilegt að merkja þessa tóft til að tryggja að hún yrði ekki fyrir skemmdum af völdum umferðar um svæðið.
- **Dilksnes 159472 20 – 3** Beitarhúsatóft, undir Skjólshólum um 20 m norðan við miðlínu vegar. Tóftin er vel greinileg og ætti ekki að þurfa mikilla merkinga við, en tillit þarf að taka til hennar svo hún verði ekki fyrir skemmdum vegna veglagningar eða umferðar um svæðið.

Leið 3 liggur rétt sunnan við svæðið þar sem gamli bæjarhóllinn í Hafnarnesi var auk meints kirkjugarðs. Þessar minjar liggja utan 100 m frá miðlínu vegar en nauðsynlegt yrði að taka sérstaklega tillit til svæðisins við framkvæmdir og umferð sem þeim tengist.

### Minjar á malartökusvæðum

Tvær fornleifar er að finna á þeim malartökusvæðum sem sýnd voru á loftmynd frá Vegagerðinni. Um er að ræða rétt eða fjárhús (**Þinganes 159475 18 - 4**) vestast á námusvæði 7 ofan við Dynjanda og grjóthlaðinn flóðvarnargarð (**Viðborð 160108 42 – 2**) í landi Viðborðs austan Grjótár á námusvæði 3. Réttin/fjárhúsin á Dynjanda eru ekki í mikilli hættu frá malarnámi þar sem hún liggur alveg vestast á svæðinu, langt vestan við þar sem núverandi malarnám fer fram. Ef malarnám fer hinsvegar fram á austurbakka Grjótár þarf að taka sérstakt tillit til grjótgarðsins en hann er líklega í lítilli hættu verði malarnáminu haldið áfram vestan árinnar þar sem það er nú.

## Niðurlag

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar sýna að allar veglínurnar koma til með að hafa áhrif á menningarminjar.

Af þeim veglínum sem skráðar voru voru flestar forneifar á **leið 2**, alls 26 þar af eru 18 þeirra í eða við veglínu (innan 20m frá miðlínu vegar). Á **leið 1** voru alls 13 fornleifar, þar af 3 í eða við veglínu. Á **leið 3** voru alls 25 fornleifar þar af 19 þeirra í eða við veglínu. Leiðir 2 og 3 liggja að hluta til saman og eru eru alls 21 fornleif sem eru sameiginlegar báðum leiðum Minjarnar sem um ræðir voru allt frá götum og garðbrotum upp í bæjarhóla.

Með tilliti til áhrifa veglagningarinnar á fornleifar er **leið 1**, að óbreyttu, óheppilegust þar sem vegurinn myndi liggja yfir syðsta hluta gamla bæjarhólsins á Borgum, sem líklega myndi kalla á fornleifarannsóknir, hugsanlega nokkuð viðamiklar. Sé veginum hinsvegar hnikað til suðurs niður fyrir gamla túnið á Borgum og vel gætt að bæjarhólum Ytri-Borga í Nesjum Holta á Mýrum þá er leið 1 hins vegar besti valkosturinn með tilliti til fornleifa.

**Leið 2** kemur til með að hafa áhrif á amk 15 minjar þar af er ein þeirra á mögulegri tengileið frá vegi að Höfn í veglínuna. Flestar minjarnar eru í landi Einholts þar af einar fimm fornleifar við beitarhús frá Einholti. Aðrar minjar sem liggja í veglínu eru aðallega garðlög hverskyns en einnig heytóftir og fjárhús/beitarhúsatóft sem tilheyrðu Hömrum.

**Leið 3** um Nesin mun lítil áhrif hafa á fornleifar en sé leið 2 hins vegar bætt við, um Mýrar, bætist við fjöldi minja. Að óbreyttu eru 15 skráðar minjar sem lenda í veglínu. Þar sem veglínan liggur eftir sömu leið og veglína 2 á Mýrum þá eru sömu fornleifar í hættu og á þeirri leið. Þar við bætast leifar af rétt í landi Hafnarness og tóft og garðlag í Skógey. Leið 3 er því svipaður kostur og leið 2 með tilliti til fornleifa en vegurinn mun þó liggja í námunda við gamla bæjarstæðið/kirkjugarð í Hafnarnesi og því þarf að taka sérstakt tillit til þess við framkvæmdir.

Það skal tekið fram að fornleifaskráningin var unnin eftir gögnum sem Vegagerðin lét í té í maí 2006. Einungis var um að ræða veglínurnar sjálfar, ekki áætlaða skáa, fláa eða önnur vinnusvæði en malarnámur. Því ber að taka skráningunni með þeim fyrirvara að verði einhverjar breytingar á áætluðum veglínum eða efnistökusvæðum þarf að endurskoða skráninguna með tilliti til breyttra forsendna.

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning þeirra er þekkt út frá heimildum, heimildamönnum eða öðrum ummerkjum í landslagi. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta einnig leynst undir yfirborðinu þótt þeirra sjái ekki stað ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber þegar í stað að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

**Heimildaskrá**


Bjarni Bjarnason og Gísli Björnsson. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu*, III. bindi. Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, Reykjavík 1976.

Bjarni Bjarnason. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu*. I. bindi. Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, Reykjavík 1971.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* II. bindi (1893). Hið íslenzka bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn 1909-1913.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* III. bindi (1896). Gefið út af hinu íslenzka bókmenntafélagi, Kaupmannahöfn 1909-1913.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* IV. bindi (1896). Gefið út af hinu íslenzka bókmenntafélagi, Kaupmannahöfn 1909-1913.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* IX. bindi (1262-1536). Gefið út af hinu íslenzka bókmenntafélagi, Reykjavík 1909-1913.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* X. bindi (1169-1542). Gefið út af hinu íslenzka bókmenntafélagi, Reykjavík 1911-1921.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* XII. bindi. Gefið út af hinu íslenzka bókmenntafélagi, Reykjavík 1909-1913.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* XIII. bindi (1555-1562). Gefið út af hinu íslenzka bókmenntafélagi, Reykjavík 1933-39.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* XV. bindi (1567-1570). Gefið út af hinu íslenzka bókmenntafélagi, Reykjavík 1947-50.

*Fasteignabók*. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík 1932.

*Fasteignamat ríkisins*. Vefsíða á slóðinni: http://www.fmr.is

*Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík 1983.

Guðmundur Jónsson. *Skaftfellskar þjóðsögur og sagnir. Ásamt sjálfsævisögu höfundar*. Marteinn Skaftfells gaf út, Akureyri 1946..

Halldór Eyjólfsson, Hólmi. Túnakort fyrir Borgir [ártal vantar] Þjóðskjalasafn.

Halldór Eyjólfsson, Hólmi. Túnakort fyrir Holt (Holta) [ártal vantar] Þjóðskjalasafn.

Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn 1847.

Jón Þorkelsson. Jarðabók Ísleifs sýslumanns Einarssonar yfir Austur-Skaptafellssýslu í umboði Árna Magnússonar 1708-1709. *Blanda. Fróðleikur gamall og nýr. I. Bindi* (bls. 1-38). Sögufélagið, Reykjavík 1918-20.

Jón Þorkelsson. „Kirkjustaðir í Austur-Skaptafellsþingi“ *Blanda. Fróðleikur gamall og nýr. II. Bindi* (bls. 246-268). Sögufélagið, Reykjavík 1921-1923.

Kristján Benediktsson. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu*, II. bindi. Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, Reykjavík 1972.

Kålund, P. E. Kristian. *Íslenzkir sögustaðir IV. Austfirðingafjórðungur*. Haraldur Matthíasson þýddi. Bókaútgáfan Örn og Örlygur Hf., Reykjavík 1986.

*Manntal á Íslandi 1801.. Suðuramt.* 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

*Manntal á Íslandi 1816.* Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík 1947-1974.

*Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt.* Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík 1982.

*Manntal á Íslandi 1910. I Skaftafellssýslur*. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sáu um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík 1994.

*Manntal á Íslandi árið 1703*. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík 1924-1947.

*Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861*. Jarðabókaútgáfan, Kaupmannahöfn 1981.

Stefán Jónsson. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu*, I. bindi. Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, Reykjavík 1971.

Þorsteinn Jósepsson og Steindór Steindórsson. *Landið þitt Ísland*. I. bindi. Örn og Örlygur Hf., Reykjavík 1984.

Torfi Þorsteinsson. *Töfrar liðins tíma. Frásöguþættir frá liðinni tíð í Austur-Skaftafellssýslu*. Setberg, Reykjavík 1980.

Örnefnakort, Sigurgeir Skúlason. Heimildamenn: Benedikt Eiríksson, Miðsker. Hákon Skírnisson, Borg. Sigjón Bjarnason, Brekkubær, Fornustakkar, Austurhóll. Sigurður Sigurbergsson, Stapi. Snorri Sigjónsson, Bjarnanes, Meðalfell. Örnefnastofnun, Reykjavík 1994.

Örnefnaskrá fyrir Borgir, Stefán Einarsson skráði. Heimildamaður: Skírnir Hákonsson f. 1911. *Austur-Skaftafellssýsla*. Örnefnastofnun, Reykjavík [ártal vantar].

Örnefnaskrá fyrir Brunnhól með nýbýlinu Árbæ, Stefán Einarsson skráði. Heimildamaður: Sigurjón Einarsson f. 1895. *Austur-Skaftafellssýsla*. Örnefnastofnun, Reykjavík [ártal vantar].

Örnefnaskrá fyrir Einholt, Unnur Kristjánsdóttir. *Austur-Skaftafellssýsla*. Örnefnastofnun, Reykjavík 1994.

Örnefnaskrá fyrir Hamra, Stefán Einarsson skráði. Heimildamaður: Kristján Benediktsson. *Austur-Skaftafellssýsla*. Örnefnastofnun, Reykjavík [ártal vantar].

Örnefnaskrá fyrir Lambleiksstaði, Stefán Einarsson skráði. Heimildamaður: Einar Sigurjónsson f. 1920. *Austur-Skaftafellssýsla*. Örnefnastofnun, Reykjavík.

Örnefnaskrá fyrir Viðborð, Kristján Benediktsson, f. 1881. *Austur-Skaftafellssýsla*. Örnefnastofnun, Reykjavík [ártal vantar].

Örnefnaskrá fyrir Hóla, Þorleifur Jónsson. Örnefnastofnun. *Austur-Skaftafellssýsla*. Reykjavík 1933.

# Fylgiskjöl


N
Skýringar
Leið 1 (A)
Leið 2 (B)
Leið 3 (C)
Tengileiðir
0
1
2
3
Km
Kortagrunnur: Lofmyndir ehf.
Kortagerð: Guðmundur St. Sigurðarson



N
1
2
3
4
5
6
7
8
9
10
Skýringar
Leið 1 (A)
Leið 2 (B)
Leið 3 (C)
Tengileiðir
0
1
2
3
Km
Kortagrunnur: Lofmyndir ehf.
Kortagerð: Guðmundur St. Sigurðarson

# Mynd 1


Lambleiksstaðir
Lambleiksstadir 160100 52 - 3
Lambleiksstadir 160100 52 - 2
N
Skýringar
Tengileiðir
Minjar (lines)
Leið 2 (B)
100 m radíus frá leið 2 (B)
0 50 100 200 300 400 M
Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kortagerð: Guðmundur St. Sigurðarson


Mynd 2
Brunnhóll
N
Einholt 160082 48 - 3,4
Einholt 160082 48 - 6
Einholt 160082 48 - 7
Einholt 160082 48 - 8
Einholt 160082 48 - 9
Einholt 160082 48 - 10
Einholt 160082 - 5
Brunnholl 169989 51 - 3
Brunnholl 169989 51 - 4
Skýringar
Tengileiðir
Minjar (lines)
Leið 2 (B)
100 m radíus frá leið 2 (B)
0 50 100 200 300 400 M
Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kortagerð: Guðmundur St. Sigurðarson



N
Mynd 3
Stóra-Ból
Einholt 160082 48 - 3,4
Einholt 160082 48 - 6
Einholt 160082 48 - 7
Einholt 160082 48 - 8
Einholt 160082 48 - 9
Einholt 160082 48 - 10
Hamrar 160090 49 - 6
Hamrar 160090 49 - 2
Hamrar 160090 49 - 4
Hamrar 160090 49 - 3
Einholt 160082 48 - 5
Skýringar
Tengileiðir
Minjar (lines)
Leið 2 (B)
100 m radíus frá leið 2 (B)
0 50 100 200 300 400 M
Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kortagerð: Guðmundur St. Sigurðarson


Mynd 4
N
Tjörn
Holt (Holtar) 182099 46 - 1
Holt (Holtar) 182099 46 - 2
Holt (Holtar) 182099 46 - 3
Holt (Holtar) 182099 46 - 4
Holt (Holtar) 182099 46 - 5
Holt (Holtar) 182099 46 - 6
Holt (Holtar) 182099 46 - 7
Holt (Holtar) 182099 46 - 8
Holt (Holtar) 182099 46 - 9
Holt (Holtar) 182099 46 - 10
Skýringar
Tengileiðir
Minjar (lines)
Leið 1 (A)
100 m radíus frá leið 1 (A)
Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kortagerð: Guðmundur St. Sigurðarson
0 50 100 200 300 400 M



Mynd 5
N
Borgir 159468 24 - 5
Borgir 159468 24 - 6
Skýringar
Tengileiðir
Minjar (lines)
Leið 1 (A)
Leið 2 (B)
Leið 3 (C)
100 m radíus frá leið 1 (A)
100 m radíus frá leið 2 (B)
100 m radíus frá leið 3 (C)
0 50 100 200 300 400 M
Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kortagerð: Guðmundur St. Sigurðarson



N
Mynd 6
Borgir
Borgir 159468 24 - 1
Borgir 159468 24 - 2
Borgir 159468 24 - 3
Borgir 159468 24 - 4
Borgir 159468 24 - 7
Borgir 159468 24 - 8
Borgir 159468 24 - 9
Borgir 159468 24 - 10
Borgir 159468 24 - 11
Borgir 159468 24 - 12
Borgir 159468 24 - 13
Borgir 159468 24 - 14
Borgir 159468 24 - 15
Borgir 159468 24 - 16
Borgir 159468 24 - 17
Borgir 159468 24 - 18
Borgir 159468 24 - 19
Borgir 159468 24 - 20
Borgir 159468 24 - 21
Borgir 159468 24 - 22
Borgir 159468 24 - 23
Arnanes 159454 22 - 7
Arnanes 159454 22 - 8
Ytri-Borgir
Skýringar
Tengileiðir
Minjar (lines)
Leið 1 (A)
100 m radíus frá leið 1 (A)
0 50 100 200 300 400 M
Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kortagerð: Guðmundur St. Sigurðarson



Mynd 7
Arnanes 159454 22 - 2
Arnanes 159454 22 - 3
Arnanes 159459 22 - 5
Arnanes 159459 22 - 4
Árnanes 5
Skýringar
Minjar
Tengileiðir
Leið 1 (A)
100 m radíus frá leið 1 (A)
0
50
100
200
300
M
Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kortagerð: Guðmundur St. Sigurðarson


Mynd 8
Dilksnes
N
Dilksnes 159472 20 - 3
Dilksnes 159472 20 - 5
Dilksnes 159472 20 - 6
Dilksnes 159472 20 - 4
Skýringar
Tengileiðir
Minjar (lines)
Leið 2 (B)
Leið 3 (C)
100 m radíus frá leið 2 (B)
100 m radíus frá leið 3 (C)
50 100 200 300 400
M
Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kortagerð: Guðmundur St. Sigurðarson


Mynd 9
Dilksnes 159472 20 - 4
Hafnarnes
Hafnarnes 159558 19 - 2
Hafnarnes 159558 19 - 6
Hafnarnes 159558 19 - 5
Skýringar
Minjar
Tengileiðir
Leið 3 (C)
100 m radíus frá leið 3 (C)
0 50 100 200 300 400 M
Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kortagerð: Guðmundur St. Sigurðarson



Mynd 10
Holar 159498 21 - 2
Dilksnes 159472 20 - 3
Dilksnes 159472 20 - 2
Sauðanes
Fossnes / (Mígandanes)
Skýringar
Tengileiðir
Minjar (lines)
Leið 2 (B)
Leið 3 (C)
100 m radíus frá leið 2 (B)
100 m radíus frá leið 3 (C)
Kortagrunnur: Loftmyndir ehf.
Kortagerð: Guðmundur St. Sigurðarson
0 50100 200 300 400
M
N

# Rannsóknaskýrslur

## Byggðasafns Skagfirðinga:

1 **Villinganesvirkjun** – Mat á umhverfisáhrifum. Fornleifaskráning í hluta lands Tyrfingsstaða, Keldulands, Stekkjarflata og Villinganess. Katrín Gunnarsdóttir september 1999.
2 **Hof í Hjaltadal** – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.
3 **Hólar í Hjaltadal** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.
4 **Steinsstaðir í Tungusveit** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2000.
5 **Grafarós og Hofsós** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir febrúar 2001.
6 **Víðimelur í Skagafirði** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2001.
7 **Reykjarhóll í Skagafirði**. Fornleifaskráning vegna frístundabyggðar. Katrín Gunnarsdóttir mars 2002.
8 **Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hnausa, Bjarnastaða, Másstaða og Hjallalands í Vatnsdal.** Ragnheiður Traustadóttir, Rúna Knútsdóttir Tetzschner, Sigríður Sigurðardóttir maí 2002.
9 **Fornleifaskráning á Hveravöllum** vegna deiliskipulags. Guðný Zoëga ágúst 2002.
10 **Fyrri hluti fornleifaskráningar fyrir Vestmanneyjar**. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir desember 2002.
11 **Glaumbær.** Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir umhverfi prestsbústaðar, kirkju og safns auk aðalskipulagsskyldra minja utan þess svæðis í Glaumbæ I og II. Sigríður Sigurðardóttir febrúar 2003.
12 **Rannsókn á torf- og grjóthleðsluleifum í Skagafirði.** Arna Björg Bjarnadóttir og Sigríður Sigurðardóttir, 2002.
13 **Höfði á Höfðaströnd.** Fornleifaskráning fyrir skipulagsvinnu vegna sumarbústaðar í Höfðagerðislandi og fyrir aðalskipulag. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
14 **Hátún og Mikligarður.** Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
15 **Syðra-Skörðugil.** Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
16 **Fornleifaskráning vegna umhverfismats snjóflóðavarna í Neskaupstað.** Guðný Zoëga júlí 2003.
17 **Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hvamms, Eyjólfsstaða, Bakka og Hofs í Vatnsdal.** Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir ágúst 2003.
18 **Kirkjugarður í Keldudal Hegranesi.** Drög að skýrslu. Guðný Zoëga, Þór Hjaltalín september 2003.
19 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Varmahlíð. Reykjarhóll með Barði, Brún og Laugarbrekku. Einnig Hof, Fagrihvoll og Reykjarhólssel í Brekkulandi.** Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.
20 **Fornleifakönnun vegna vegagerðar í Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði.** Guðný Zoëga október 2003
21 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. **Áshildarholt.** Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.
22 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. **Kimbastaðir, Messuholt og Lyngholt.** Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
23 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. **Sjávarborg. Tjarnir, Lambagerði, Skógarbakki, Grænhóll**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
24 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. **Borgargerði.** Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
25 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. **Brennigerði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
26 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. **Gil, Tröð og Bergsstaði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
27 **Fornleifaksráning vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðabyggð**. Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir og Bryndís Zoëga janúar 2004.
28 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags í Fjarðabyggð**. Svæðisskráning. Guðný Zoëga, RagnheiðurTraustadóttir janúar 2004.
29 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags Breiðdalsvíkur.** Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga, Anna Rut Guðmundsdóttir, janúar 2004.
30 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Þingeyrum.** Guðný Zoëga, mars 2004.
31 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Skálmarbæ.** Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir, maí 2004.
32 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Arnarneslandi.** Ragnheiður Traustadóttir og Anna Rut Guðmundsdóttir, maí 2004.
33 **Greining mannabeina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegranesi.** Framvinduskýrsla. Guðný Zoëga, september 2004.
34 **Hallormsstaður og nágrenni.** Fornleifaskráning. Guðný Zoëga, nóvember 2004.
35 **Hálsþorp í Djúpavogshreppi.** Fornleifaskráning. Guðný Zoëga, nóvember 2004.
36 **Neðri-Ás í Hjaltadal.** Fornleifaskráning vegna deiliskipulags. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.
37 **Vopnafjörður.** Heimildaskráning vegna væntanlegra vegaframkvæmda. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.
38 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags á Langholti Skagafirði.** Grófargil, Brautarholt, Stóra-Seyla, Torfgarður, Ytra-Skörðugil I og II, Halldórsstaðir, Jaðar og Páfastaðir. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.
39 **Fornleifakönnun í landi Arnarness, Garðabæ.** Daniel Rhodes, Ragnheiður Traustadóttir október 2004.
40 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ.** Ragnheiður Traustadóttir og Rúna Knútsdóttir Tetzschner, febrúar 2005.
41 **Fornleifaskráning Vopnafjarðar, Svæðisskráning.** Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga, maí 2005.
42 **Sauðá í Borgarsveit.** Fornleifaskráning vegna aðalskipulags. Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga, Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir, júní 2005.
43 **Steinsstaðir í Hafnarfirði /Hamarsbraut 17.** Fornleifaskráning vegna deiliskipulags. Auður Blöndal og Ragnheiður Traustadóttir, ágúst 2005.
44 **Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í botni Hrútafjarðar.** Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir, október 2005.
45 **Greining mannabeina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegranesi.** Framvinduskýrsla. Guðný Zoëga, september 2005.
46 **Fornleifakönnun vegna vegagerðar í Finnstungu, Bólstaðarhlíðarhreppi.** Guðný Zoëga, október 2005.
47 **Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði.** Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson, desember 2005.
48. **Fornleifakönnun vegna vegagerðar í botni Hrútafjarðar.** Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir, febrúar 2006.
49. **Fornleifaskrá Reynistaðar.** Guðmundur St. Sigurðarson, Bryndís Zoëga, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga, mars 2006.
50. **Fornleifaskrá Þingeyra.** Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga, mars 2006.
51. **Fornleifaskráning á Langholti II.** Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson Guðný Zoëga, apríl 2006.
52. **Greining mannabeina af Vestdalsheiði.** Guðný Zoëga, ágúst 2006.
53. **Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar við Hornafjarðarfljót.** Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga, Edda Linn Rise og Margrét Hallmundsdóttir, september 2006.

**Heimasíða** Byggðasafns Skagfirðinga er:
www.skagafjordur.is/byggdasafn